

ELÍN SIGURDARDÓTTIR
Mikilvægt hvað er
borðað og hvernig
 matur bílar
allt í MIÐJU BLAÐSINS



HEILSA OG LÍFSSTÍLL
Sundkennsla, klifur
og kynfræðsla
 SÉRBLAÐ UM HEILSA OG LÍFSSTÍL
 FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



3 DAGA
TILBOÐ
 GLÆSILEGUR 4 BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG
TÖLVUTEK
 Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. mars 2008 — 73. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Mikil hátíðahöld í tilefni dagsins

Fella- og Hóla kirkja fagnar tuttugu ára vígsluafmæli.

TÍMAMÓT 28



Kóngur hjólar í kóng

Kúrekkinn Johnny King er ósáttur við Bubba Morthens.

FÓLK 50



Stóra stundin

Afmælistónleikar Sálarinnar eru í kvöld. Stebbi Hilmars bíður með öndina í hálsinum eftir því hvort safnkassi sveitarinnar komist til landsins í tæka tíð.

FÓLK 42


Óskar aðstoðar Guðmund

Óskar Bjarni Óskarsson var í gær ráðinn aðstoðarlandsliðspjálari í handknattleik.

ÍPRÓTTIR 44



VEÐRIÐ Í DAG



BJART SYÐRA Í dag verða norðan 10-15 m/s úti við suður- og suðausturströndina, annars hægari. Bjartviðri á landinu sunnan- og vestanverðu, annars snjócoma og síðar él.

VEÐUR 4



VORÍÐ ÞJÓFSTARTAÐI Í HÖFUÐBORGinni Ekki þarf mikið til að mannlífið fari í vorstelligar í miðborginni. Eftir harðan vetur hefur viðmót veðurguðanna heldur hlýnað undanfarna daga og sátu kaffigestir undir berum himni á Austurvelli í gær líkt og á sumardeg. Það var líka eins gott fyrir borgarbúa að nýta sér tækifærið því í dag fengu menn líklegast kvæf ef þeir léku þetta eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignaverð fer lækkandi

Dæmi eru um að áhvílandi lán á íbúðum nálgist markaðsverð þeirra eða fari jafnvel fram úr því. Fasteignaverð í höfuðborginni lækkaði í febrúar.

EFNAHAGSMÁL „Þetta er að detta inn, því miður, að lánin séu orðin jafn há og markaðsverð eignarinnar,“ segir Guðbergur Guðbergsson, löggiltur fasteignasali. Hann segir nokkur dæmi um slíkt og óttast að þeim eigi eftir að fjölga.

Fréttablaðinu er kunnugt um íbúð í útjaðri höfuðborgarsvæðisins þar sem ásett verð er 29 milljónir króna. Á henni hvíla 28,6 milljónir. Eftir því sem fasteignasalar segja dugur mismunurinn ekki fyrir söluþóknun. Fleiri dæmi séu um slíkt. Blaðið þekkir ennfremur til dæmis úr miðbæ Reykjavíkur, þar sem lánið er orðið herra en sem nemur markaðsvirði.

„Það er mjög algengt að eignirnar dekki ekki skuldirnar,“ segir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Mörg dæmi séu um að fólk hafi selt eignir til að eiga fyrir skuldum.

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði að jafnaði um 0,9 prósent í síðasta mánuði, samkvæmt nýjum tölum frá Fasteignamatí ríkisins, en lítið hefur verið um fasteignaviðskipti undanfarnar vikur. Sé miðað við síðustu þrjá mánuði hefur fasteignaverðið þó lækkað lítillega.

Undanfarin rúm tvö ár hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um fjórðung. Hækkarnir eru hins vegar mismunandi eftir hverfum og öllu minni í sumum úthverfum Reykjavíkur. Það getur haft þau áhrif að höfuðstóll lána fari yfir verðsetningarhlutfallið eða jafnvel yfir markaðsverðið.

„Í fasteignaspá okkar er gert ráð fyrir því að næstu tvö árin aukist verðbólgan meira en sem nemur hækkan fasteignaverðs. Fasteignir lækka þá í verði að raunvirði og eigið fé í húsnæði minnkar þar af leiðandi. Við spáum þó ekki hrúni á fasteignamarkaðnum,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings.

Höfuðstóll verðtryggðra lána heimilanna hefur hækkað um ríflega 200 milljarða króna undanfarin fjögur ár, vegna verðbólgu.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að laun hefðu að jafnaði hækkað umfram verðlag undanfarin fjögur ár. Þetta á þó alls ekki við um alla. Samkvæmt haustskýrslu hagdeildar Alþýðusambands Íslands varð kjararárnrnun hjá fjórum af hverjum tíu launþegum á árunum 2005 til 2007. Á þeim tíma hafa verðtryggðar skuldir hækkað umfram launa- hækkanir hjá þessu fólki.

- ikh

Rangar tölur Seðlabankans um erlendar skuldir: Íslandsmet í reikniskekkju

VIÐSKIPTI „Þótt þarna hafi komið óvænt inn um 270 milljarðar breytir það líklega ekki því að við erum enn skuldugasta þjóð heims. Kannski er þetta Íslandsmet í reikniskekkju,“ segir Gylfi Magnússon, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Seðlabankinn birti nýlega tölur á vefsíðu sinni þar sem sagði að erlend staða þjóðarbúsins hefði

verið neikvæð um 1.845 milljarða króna í fyrra. Seðlabankinn leiðrétti tölurnar á miðvikudag og segir réttu töluna vera 1.584 milljarða. „Þetta er auðvitað óheppilegt og segir manni kannski það að yfirsýnin er stundum ekki mjög trúverðug. Það geta auðvitað allir gert mistök en hundruð milljarða til eða frá geta skipt töluverðu máli,“ segir Gylfi.

- mh

Lögreflugfélag Suðurnesja fundaði um fyrirhugaðan niðurskurð:

Fjölmenntur fundur í Keflavík

LÖGREGLAN Lögreflugfélag Suðurnesja, Tollvarðafélag Íslands, stéttarfélagið SFR og Félag flugmálastarfsmanna stóðu fyrir fjölmenntum fundi í gærkvöldi í Reykjanesbæ vegna fyrirhugaðs niðurskurðar hjá embætti Lögreflu- og tollstjórnans á Suðurnesjum. Félagsmenn hafa haft verulegar áhyggjur af áhrifum niðurskurðarinnar.

„Ályktunin sem sett var fram



FRÁ FUNDINUM Í REYKJANESBÆ Fjölmennt var á fundinum í gærkvöldi þar sem rætt var um rekstrarvanda hjá embætti Lögreflu- og tollstjórnans á Suðurnesjum.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

er einfaldlega sú að þarf að tryggja rekstrargrundvöll embættisins vegna þessa mikla vanda sem stöðjar að löggæslu á Suðurnesjum,“ segir María Pálsdóttir, ritari Lögreflugfélags Suðurnesja. Hún segir að tæplega 150 manns hafi verið á fundinum.

Á fundinum voru meðal annarra sveitarstjórnarmenn frá Suðurnesjum og alþingismenn Suðurlkjördæmis.

- jse

DAGAR TIL PÁSKA
 NÓI SÍRÍUS

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur 6 tommu bátur
329 kr.
 SUBWAY

VERIÐ VELKOMIN Í SMÁRALIND
 OPIÐ TIL KL. 19 Í DAG



Gisli, ætla þú borgin að stuðla að andardrætti?

„Við vonum að minnsta kosti að þetta endi ekki með andarteppu.“

Borgaryfivöld leita nú leiða til að fjölga andarungum við Reykjavíkurtjörn til að bæta afkomu anda. Gisli Marteinn Baldursson er formaður umhverfisráðs.



GÓÐUR SELSKAPUR Selnum var ekkert illa við að Gylfi Sigurðsson skyldi koma nálægt honum. MYND/ÓSKAR FRÍDRÍKSSON

Tveir gæfir selir í Eyjum:

Selskapur við höfnina

DÝRALÍF Tveir selir komu sér vel fyrir í smábátahöfninni í Vestmannaeyjum í fyrrakvöld og létu mannaferðir ekkert trufla sig nema síður væri. „Sonur minn var þarna á rölti þegar hann gekk eiginlega í flasið á öðrum selnum“, segir Gylfi Sigurðsson, sem var ekki lengi að fara niður á bryggju að heilsa upp á kvöldgestina. „Þeir voru alveg ótrúlega gæfir. Menn segja mér að tveir selir hafi verið á þessum stað í fyrra, það er spurning hvort þetta sé sama fjölskyldan.“ segir hann.

„Þegar ég nálgadist annan til að taka af honum mynd skellti hann sér bara á bakið.“ segir Óskar Frídríksson, sem einnig vitjaði gestanna. - jse

Samgönguáætlun til 2010:

700 milljónir í viðbótarframlag

STJÓRN MÁL Sjö hundruð milljónir verða veittar í viðbótarframlag við samgönguáætlun vegna vegaframkvæmda víðs vegar um landið. Þetta kom fram á fundi Kristjáns Möller samgönguráðherra og Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra í gær.

Hafist verður handa við gerð Vaðlaheiðarganga og tvöföldun Suðurlandsveggar á næsta ári. Báðar framkvæmdir verða boðnar út í einkaframkvæmd. Nefnd verður stofnuð um umferð á höfuðborgarsvæðinu. - sjá síðu 16

Áfrýjunarnefnd lækkar stjórnvaldssekt Eimskipafélagsins í 230 milljónir:

Samkeppnisbrot Eimskips staðfest

SAMKEPPNISMÁL Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest úrskurð Samkeppniseftirlitsins yfir Eimskipafélagi Íslands. Eimskipafélaginu var í desember gert að greiða 310 milljónir í stjórnvaldssekt fyrir að misnota ráðandi stöðu sína á sjóflutningamarkaði. Áfrýjunarnefndin lækkar sektina í 230 milljónir, sem þó er hæsta sekt sem fyrirtæki hefur verið gert að greiða fyrir sambærilegt brot.

Brotin áttu sér stað á árunum 2001 til 2002 og beindust einkum gegn Samskipum, sem Samkeppniseftirlitið fullyrðir að Eimskip hafi ætlað að bola út af markaðnum. Þá gerði Eimskip fjölda svokallaðra einkakaupsamninga við viðskiptavini, sem tryggðu að þeir skiptu aðeins við Eimskip.

Eimskipafélagið áfrýjaði niðurstöðunni til áfrýjunarnefndar þar sem það taldi að rannsókninni hefði verið ranglega beint að því. Eimskipafélagið væri í dag allt annað fyrirtæki en það sem bar sama



SJÓFLUTNINGAR Í niðurstöðu samkeppnisfyrivalda eru brotin sögð mjög alvarleg.

nafn fyrir fimm árum, eftir flóknar skipulags- og eignarhaldsbreytingar. Auk þess var ágreiningur uppi um það hvort fyrirtækið hefði á þessum tíma verið markaðsráðandi.

Áfrýjunarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að málinu hafi réttilega verið beint að félaginu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður málinu áfrýjað til dómstóla. - sh

Talinn hafa stýrt smygli úr fangelsi

Rökstuddur grunur leikur á að Annþór Karlsson hafi stýrt fíkniefnasmygli í gegnum hraðflutningaþjónustufyrirtæki inn í landið meðan hann afplánaði dóm í fangelsi. Sú aðferð hefur verið notuð síðan 2005 og oftast en einu sinni á ári.

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafði þegar hafið rannsókn á innflutningi fíkniefna í gegnum hraðflutningaþjónustufyrirtæki þegar lögregla og tollgæsla fundu rúm fimm kíló af amfetamíni og kókaini í bíl á vegum hraðflutningafyrirtækisins UPS 15. nóvember síðastliðinn. Rannsóknin beindist meðal annars að tveimur sakborningum sem nú sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Þetta staðfestir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar.

Rannsókn lögreglu hefur leitt í ljós að innflutningur fíkniefna í gegnum hraðflutningaþjónustufyrirtæki hafi staðið yfir að minnsta kosti frá vormánuðum 2005. Telur lögreglan að töluvert magn fíkniefna hafi komið til landsins með þessum hætti. Hún hefur unnið að því að rannsaka tölvubúnað sem lagt var hald á og jafnframt unnið úr banka- og símagögnum.

Starfsmaður UPS, Tómas Kristjánsson, mun sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins, að minnsta kosti til 18. apríl. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er talið að hann hafi séð um að halda ákveðinni leið opinni fyrir innflutning fíkniefna. Leiðin hafi verið notuð áður, oftast en einu sinni á ári, og til hafi staðið að nota hana á ný. Tómas er talinn lykilmáður í smyglinu.

Annþór Kristján Karlsson situr einnig inni vegna málsins. Lögreglan telur að hann tengist fjármögnun brotsins, skipulagningu



HRAÐFLUTNINGAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKIÐ Starfsmaður UPS, Tómas Kristjánsson, situr í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Talið er að hans þáttur í smyglinu hafi verið sá að sjá um að halda ákveðinni leið opinni fyrir innflutning fíkniefna. Tómas er talinn lykilmáður í smyglinu.

og móttöku fíkniefnanna. Athygli vekur að hann var dæmdur í Hæstarétti í þrjú ára fangelsi fyrir ofbeldisverk árið 2005 og sat því inni hluta af þeim tíma sem hraðsendingasmyglið átti sér stað. Er rökstuddur grunur um að hann hafi stýrt innflutningi fíkniefna úr fangelsinu meðan hann var í afpláun.

Annþór hefur neitað sök. Lögreglu mun hins vegar þykja framburður hans mjög ótrúverðugur

og mun hann hafa orðið margsaga um einstök atvik málsins. Þá hefur lögreglan unnið að rannsókn á fjármálum hans. Sú vinna hefur þegar leitt í ljós að Annþór eigi fjölda eigna sem hann hafi skráð á annað fólk í því skyni að blekkja yfirvöld. Hann hafi hins vegar ekki viljað tjá sig um fjárhag sinn og eignastöðu í yfirheyrslum.

Rannsókn málsins er umfangsmikil og segir lögregla henni flýtt eftir fongum.

Réðst á lögglumann: Fékk hálf ár án skilorðs

DÓMSMÁL Karlaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag dæmdur í hálf árs óskilorðsbundið fangelsi og sektaður um 140 þúsund krónur.

Maðurinn var í afpláun á Vernd þegar lögregla hugðist hafa afskipti af honum vegna fíkniefnaaksturs. Hann réðst á lögreglumanninn og tók hann hálstaki.

Maðurinn játaði brot sín greiðlega en hann á að baki allmikinn sakaférl. Var hann til að mynda dæmdur í sjö ára fangelsi árið 2003 fyrir alvarleg ofbeldisbrot og brot gegn valdstjórninni. Var tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar. - jss

Norska konungsfjölskyldan: Martha þunguð í þriðja sinn

NOREGUR, AP Martha Lovísa Noregspriðessa og eiginmaður hennar, rithöfundurinn Ari Behn, eiga von á þriðja barni sínu að því



er talsmenn hirðarinnar í Ósló greindu frá í gær. Von er á nýju prinsessunni eða prinsinum í október.

Martha Lovísa er elsta barn Haraldar V Noregskonungs og Sonju drottningar, en yngri bróðir hennar Hákon er krónprins þar sem ríkiserfðir gengu aðeins í karlleg samkvæmt þeim lögum sem um það giltu á þeim tíma sem þau fæddust. Jafnrétti til ríkiserfða var komið á með stjórnarskrárbreytingu árið 1990, en hún var ekki gerð afturvirk. - aa

Karl dæmdur til refsingar:

Réðst á konu og slasaði í verslun

DÓMSMÁL Karlaður í Reykjavík hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir að ráðast á konu í Melabúðinni.

Í ákeru segir að maðurinn hafi þrifið til konunnar og hrint henni þannig að hún féll aftur fyrir sig á gólf verslunarinnar með þeim afleiðingum að hún tagnaði á hálsi og í baki, hlaut heilahristing og fékk taugaáfall.

Maðurinn bar að konan hefði sparkað eða kýlt í bifreið sína fyrir utan verslunina.

Konunni var vísað til sálfræðings eftir atvik. Í niðurstöðum hans sagði að hún þjáðist af áfallastreiturokskun og verulegu þunglyndi í kjölfar árásarinnar.

Dómurinn skilorðsbatt refsingumannsins. - jss

Fljótlegt og gott



Ungnautahamborgarar
120 g

139 kr

30% afsláttur

NÓATÚN

www.noatun.is
LETTIR PÉR LÍFIÐ

Ráðstefna um stöðu íslensku bankanna og efnahagslífs í New York í gær:

Munu standa af sér óveðrið

VIÐSKIPTI Geir H. Haarde forsætisráðherra lagði áherslu á að íslensku bankarnir stæðu styrkum fótum þrátt fyrir óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í ræðu sinni á ráðstefnu Íslensk-ameríska verslunarráðsins um bankana og íslenskt efnahagslíf í New York í gær. Eiginfjárlutfall bankanna væri hátt, lausafjárstaða góð og þeir stæðust álagspróf Fjármálaeftirlitsins. „Allt bendir til að rekstur íslensku bankanna sé heilbrigður og ég er sannfærður um að þeir munu standa af sér núverandi óveður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum“, sagði Geir.

Forsætisráðherra sagði það fræðilega spurningu hvað ríkið ætti að gera til að aðstoða bankana ef illa færi. Miðað við stöðu þeirra nú væru litlar líkur á því. Hins vegar myndi ríkisstjórnin bregðast við af ábyrgð, eins og aðrar ríkis-



FORSÆTISRÁÐHERRA Í NEW YORK Geir Haarde var í viðtölum við fjölmarga bandaríska fjölmiðla í gær um íslenskt efnahagslíf. FRÉTTABLAÐIÐ/BIJÓRGVIN

stjórnir, ef eitthvað brygði út af.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, Lárus Welding, forstjóri Glitnis, og Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, kynntu stöðu sinna banka. Allir lögðu áherslu á hóflegan vöxt í náinni framtíð.

Lárus sagði Ísland og Noreg þau svæði sem Glitnir legði áherslu á. Sjávarútvegur og orkugeirinn væru ekki að minnka og þar væru sóknarfæri. Fólk sæktist eftir fiski og olíuverð færi hækkandi. Það gerði endurnýjanlegar orkuauðlindir hlutfallslega verðmætari.

Hreiðar lagði áherslu á aukinn hlut innlána í fjármögnun bankans. Þau væru ekki jafn viðkvæm fyrir slæmum fréttum og margir héldu. Til dæmis hefði það ekki haft nein áhrif að Moody's færði niður lánsþæfismat Kaupþings fyrir stuttu.

Sigurjón sagði að Landsbankinn hefði farið varlega og ekki fjárfest í undirmálslánnum sem margir væru nú að súa seyðid af. Lausafjárstaða bankans væri um þrettán milljarðar Bandaríkjadala og á árinu væri um einn milljarður dala á gjaldþaga. Staða bankans væri því sterk. - bg

Tiguan. Hann breytir öllu.



Fáanlegur með sjálf-
skiptingu og TDI® Dísilvél.

Sportjeppinn Tiguan er kominn aftur til landsins.

Þeir sem hafa beðið spenntir eftir nýrri sendingu frá því Tiguan seldist upp strax að lokinni frumsýningu geta tekið gleði sína á ný. Loksins getur þú fengið þér einn kraftmesta sportjeppa landsins á hagstæðu verði og upplifað einstaka akstursánægju. Þú getur jafnvel látið Tiguan leggja í stæði fyrir þig. Komdu og prófaðu!



Das Auto.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	70,08	70,42
Sterlingspund	142,69	143,39
Evra	109,17	109,79
Dönsk króna	14,639	14,725
Norsk króna	13,795	13,877
Sænsk króna	11,57	11,638
Japanskt jen	0,6982	0,7022

SDR	114,74	115,42
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	141,716	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Borgarstjóri sagður hafa „skynjað andbyr“ við sameiningu REI og GGE:

Ekki í samræmi við raunveruleikann

STJÓRNMÁL Drög að svörum borgarstjórnar til umboðsmanns Alþingis vegna REI-málsins voru tekin af dagskrá borgarráðs í gærmorgun. Ástæðan er sú að fulltrúum minnihlutans fannst það sem fram kom í svari við spurningu um pólitískt umboð Vilhjálms Þ. Vilhjálms-sonar ekki samræmast raunveruleikanum.

Umboðsmaður sendi annað bréf sitt vegna REI-málsins til borgarstjórnar 26. febrúar, þar sem hann spyr frekari spurninga, meðal annars um aðdraganda málsins. Ein spurninganna er sú hvort Vilhjálmi hafi verið ljóst, eða mátt vera ljóst, þegar hann samþykkti samruna REI og Geysis Green Energy á eig-



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLms-son Segist hafa skynjað andbyr samherja vegna REI.

endafundi Orkuveitunnar að ekki væri meirihluti fyrir því innan borgarstjórnar.

Í drögunum sem rædd voru í borgarráði í gær sagði að Vilhjálmur hefði „skynjað andbyr“ sam-

herja sinna í Sjálfstæðisflokknum á kynningarfundum sínum með þeim um málið, en hann hefði tülk- að það sem efasemdir, en ekki afstöðu gegn samrunanum.

Þetta telja fulltrúar minnihlutans ekki sannleikanum samkvæmt. Þeir vísuðu á fundinum meðal annars í ummæli borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjölmiðlum þar sem hið gagnstæða kom fram, til dæmis að Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi sagt hreint út á borgarstjórnarfundum að Vilhjálmur hefði farið út fyrir umboð sitt.

Vegna athugasemdana verða svörin endurskoðuð og ný drög tekin fyrir á borgarráðsfundi eftir tvær vikur.

Jón Ásgeir í New York:

Björt framtíð innan ESB

VIÐSKIPTI „Framtíðin er björt þar sem Ísland mun ganga í Evrópusambandið í náinni framtíð,“ sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, á ráðstefnu um íslenskt efnahagslíf í New York í gær. Hann sagði mikilvægt að Ísland væri hluti af stærri heild ef takast ætti að útskýra íslenskt efnahagslíf. Íslenska krónan fældi líka erlenda fjárfesta frá.

Jón Ásgeir sagði Baug sjá mikil tækifæri á Inlandi, í Rússlandi og Kína. Fáar verslunarmiðstöðvar væru á Inlandi og markaður fyrir 1.500 verslanir í viðbót í Kína. Hann spár að netverslun verði tíu prósent af veltu Baugs.

Prír karlmenn látnir lausir: Tveir í farbanni

LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn hafa verið úrskurðaðir í farbann til 8. maí vegna rannsóknar lögreglu á nauðgunarmáli í vesturbæ Reykjavíkur um síðustu helgi. Fimm menn, litháískir ríkisborgarar, hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Þremur var sleppt í fyrirakvöld og hinir tveir eru komnir í farbann.

Einn mannanna sem tengjast málinu hefur viðurkennt að hafa haft samræði við rúmlega tvítuga konu, af erlendu þjóðerni. Enn er á reiki hvort fleiri hafi framið refsiverðan verknað.

Rannsókn lögreglu lýtur meðal annars að því atriði.



Á VETTvangi Lögregla hafði mikinn viðbúnað.

Handtekinn í Reykjanesbæ:

Hótaði að svipta sig lífi

LÖGREGLUMÁL Sérsveitarmenn fóru inn á heimili í Reykjanesbæ um klukkan nýu í gærkvöldi og handtóku mann sem hafði lokað sig af inni á salerni með hagla-byssu og hótaði að svipta sig lífi.

Að sögn lögreglunar á Suðurnesjum var maðurinn hugsanlega undir áhrifum vímuefna.

Gluggi á salerninu sem sneri að götunni var opin og ákvað lögregla því að loka svæðið af.

Tveir vegfarendur sættu sig ekki við það og voru handteknir eftir að hafa hundsáð tilmæli lögreglunar.

Hannes sekur um að stela texta Halldórs

Hannes Hólmsteinn Gissurarson þarf að greiða ekkju Halldórs Laxness eina og hálf milljón í bætur fyrir að nýta sér texta Halldórs í heimildarleysi í ævisögu hans. Lögmaður Hannesar gerir athugasemdir við tvö atriði í dómi Hæstaréttar.

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær Hannes Hólmstein Gissurarson prófessor til að greiða Auði Laxness, ekkju Halldórs Laxness, eina og hálf milljón króna í fábætur fyrir höfundarréttarbrot í fyrsta bindi af ævisögu Halldórs, sem bar nafnið Halldór. Hannes er jafnframt dæmdur til að greiða 1,6 milljónir í málskostnað. Héraðsdómur hafði áður sýknað Hannes á þeirri forsendu að málið hefði verið höfðað of seint.

Hæstiréttur fellst á þá skoðun héraðsdóms hvað varðar refsikröfu Auðar, þar sem frestur til að höfða einkarefsimál var liðinn. Sömualeiðis staðfestir Hæstiréttur þann úrskurð héraðsdóms að Auði verði ekki dæmdar miskabætur, heldur séu þær bundnar við höfundinn sjálfan.

Hæstiréttur dæmir Hannes hins vegar sekan um að hafa ítrekað í bók sinni endursagt efni minningarbóka Halldórs Laxness í heimildarleysi. Í stefnu Auðar eru tilgreind 120 tilvik, sum í nokkrum liðum, þar sem talið er að Hannes hafi nýtt sér texta Halldórs án þess að vísa í hann á fullnægjandi hátt.

Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að í tveimur þriðju þessara tilvika hafi Hannes brotið með fébótaskyldum hætti gegn ákvæðum höfundar- réttarlaga. Hann hafi nýtt „sér texta [Halldórs] ýmist lítt breyttan eða nokkuð breyttan en haldið stíleinkennum og notað þá einstaka setningar og setningar- brot notuð lítt breytt og án þess að vísa til heimildar“.

Bæturnar eru ákvarðaðar með hljóðsýni af leiðbeinandi gjaldskrá Rithöfundasambandsins. Hæstarétti reiknast til að efnið sé um 210 síður eða byrjaðar síður.

Guðný Halldórsdóttir, dóttir skáldsins, segist að vonum ánægð með niðurstöðuna. „Auðvitað er maður ánægður þegar réttlætinu er framfylgt,“ segir hún. Hún segir fjölskylduna hafa átt von á þessari niðurstöðu. „Bláa höndin er erfið en sem betur fer eru líka til lög í landinu.“

Hannes vildi ekki tjá sig um dóminn í gær þar sem hann hafði ekki kynnt sér efni hans.



HANNES HÓLMSTEINN Hannes var sakaður um að hafa í 120 tilvikum nýtt sér texta Halldórs Laxness við skrif sín á ólög- mætan hátt. Hæstiréttur féllst á að svo hefði verið í tveimur þriðju hluta tilvikananna.

ÓSAMMÁLA DÓMNUM

„Það er ánægjulegt að stærstum hluta krafna gegn Hannesi sé hafnað,“ segir Heimir Örn Herbertsson, lög- maður Hannesar. Heimir bendir einnig á að í dómnum séu mörk um það hvað sé eðlileg og rétt notkun tilvis- ana og heimilda sögð óljós, óglögg og afar matskennd. „Svo býr Hæstiréttur til einhverjar reglur um það hvenær maður er innan markanna og hvenær ekki. Það var því útilokað fyrir Hannes að hafa gert sér grein fyrir þessum reglum vegna þess að þá voru þær ekki til.“

Heimir segir fébæturnar sem Hannes er dæmdur til að greiða einnig einkennilegar, í ljósi þess að Hæsti- réttur viðurkenni að Auður Laxness hafi ekki hlotið neitt fjárfjón af útgáfu bókarinnar. Bótakrafan hafi verið reist á tveimur sjónarmiðum. Annars vegar því að bók Hannesar hafi valdið samdrætti í sölu á bókum Halldórs. Þetta hafi ekki verið stutt neinum gögnum og dómurinn ekki tekið mið af þessu sjónarmiði. Hins vegar því að Auður hefði fengið tiltekna greiðslu hefði hún samið við Hannes. Ljóst hafi þó alltaf verið að Auður hefði aldrei gert slíkan samning, og hún því ekki orðið af greiðslum.



AF SLYSSTAÐ Eins og sjá má eru báðir bílarnir ónýtir en þriðji bíllinn skemmd- ist lítið.

Árekstur á Suðurlandsvegi:

Þrír fluttir á slysadeild

LÖGREGLUMÁL Þrír voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur ofarlega í Kömbunum fyrir ofan Hveragerði laust fyrir fjögur í gær.

Varð slysið með þeim hætti að ökumaður jeppings var að taka fram úr öðrum bíl þar sem vegurinn er þrjár akreinar. Lenti jeppingurinn þá í krapa á veginum, fór utan í bílinn og yfir á rangan vegarhelming. Í því lenti þriðji bíllinn, sem kom úr gagnstæðri átt, á jepplingnum. Eldri hjón voru í þriðja bílnum og voru þau, ásamt öikumanni jeppingsins, flutt með sjúkrabíl á slysadeild. Reyndust meðsl þeirra ekki eins alvarleg og talið var í fyrstu. Farþegar í hinum bílnum tveimur sluppu án meðisla.

Sjónvarpsstöðvar fá ný nöfn:

Formúlan sýnd á Stöð 2 Sport

FJÖLMÍÐLAR Allar sjónvarpsstöð- var 365 miðla verða framvegis kenndar við Stöð 2. Er það gert til þess að skerpa á mynd og sjónvarpsstöðvanna, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Útsendingar frá Formúlu 1 hófust því í gær á sjónvarpsstöð- inni Stöð 2 Sport, sem áður hét Sýn. Þá hóf þátturinn F1: Við rásmarkíð göngu sína. Fyrsta kepptin fer svo fram í Ástralíu um helgina.

Nýtt bragð

Hrismjólk

Fullkominn endir á góðri máltíð

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veður-
fræðingur

FLOTTAR HELGARHORFUR
Veðrið um helgina virðist ætla að verða með besta móti. Hægvíðri um mest allt land og víða bjart. Reyndar verða leifar af vindi allra austast á laugardag. Á sunnudag þykkar upp suðvestan til og gæti dropað þar aðeins síðdegis. Hlýnandi veður á sunnudag.

Á MORGUN NV-5-10 m/s allra austast, annars hægvíðri.

SUNNUDAGUR Hæg breytileg átt.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	8°
Billund	7°
Ósló	6°
Stokkhólmur	3°
Gautaborg	6°
London	10°
Paris	13°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	7°
Berlín	7°
Alicante	22°
Mallorca	17°
Basel	12°
Eindhoven	11°
Las Palmas	25°
New York	13°
Orlando	26°
San Francisco	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Danskir dagar

Kjöt & fisktorgið

Alltaf ferskt



998 kr/kg

Verð áður 1.605.-

Svínapörusteik
- úr kjötborði

Kjöt & fisktorgið

Alltaf ferskt



498 kr/kg

Verð áður 741.-

Svínabógur
- úr kjötborði

Kjöt & fisktorgið

Alltaf ferskt



479 kr/kg

Verð áður 600.-

Svínasiða með pöru
- úr kjötborði



Álegg frá Gøl og Tulip
- mikið úrval



Danskir ostar



Gevalia kaffi

20% afsláttur
við kassa



Danskar kökur
- bláberja og jarðaberja



Anton Berg súkkulaði
- 4 tegundir



Hatting brauð
- spelt, fibra og noce



Graasten salöt
- úrval af dönskum salötum



Gøl pilsur
- ekta danskar pölser

OPIÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Hefur þú áhyggjur af niðurskurði hjá lögregluembættinu á Suðurnesjum?

Já	78%
Nei	22%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ert þú búin(n) að kaupa páskaegg?

Segðu skoðun þína á visir.is



Tugmilljóna eftirlitskostnaður fylgir innleiðingu matvælaöggjafar Evrópusambandsins: Innflutningur á hráu kjöti heimilaður

STJÓRNMÁL Inn- og útflutningur á hráu kjöti verður leyfður þegar Ísland lögfestir matvælaöggjöf Evrópusambandsins.

Unnið er að smíði frumvarps í sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytinu og hefur löggjöf Evrópusambandsins verið kynnt nefndarmönnum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Matvælaöggjöf Evrópusambandsins er mikil að vöxtum og hafa Íslendingar þegar innleitt þá kafla hennar sem snúa að sjávarútvegi en landbúnaðarkafllinn er eftir.

Meðal þess sem breytist við upptöku löggjafarinnar er að



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR

margvíslegt eftirlit eykst til muna og er áætlað að eftirlitskostnaður sjávarútvegs- og land-

búnaðarráðuneytisins og stofnana þess geti aukist árlega um allt að tugi milljóna króna. Þá verður inn- og útflutningur á ýmsum landbúnaðarvörum heimilaður en stjórnvöld geta eftir sem áður lagt tolla á vörurnar. Til dæmis verður heimilt að flytja inn hrátt kjöt en slíkur innflutningur er nú óheimill.

Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, segir óvíst hvort takist að leggja frumvarp um innleiðingu matvælaöggjafarinnar fram á þinginu sem nú stendur enda málið víðamikil og ýmsir endar þess enn óhnýttir.

Grænt net Samfylkingar: Áróðursbragð til að afla fylgis

ÍÐNADUR Yfirlýsingar sveitarstjórnarmanna í Reykjanesbæ og Garði eru fyrst og fremst áróðursbragð til að afla álveri Norðurláls í Helguvík fylgis í miðjum tíðindum um kólnun í efnahagslífi, segir í yfirlýsingu frá Græna netinu, samtökum umhverfisverndarsinna í tengslum við Samfylkinguna.

Jafnframt segir að álveri í Helguvík hafi neikvæð áhrif í efnahagsmálum; seinkri vaxtalækkun Seðlabankans og lækkun verðbólgu. Þá muni álversframkvæmdir síst draga úr vanda byggðanna kringum landið.

- bj



-2kr.

Sæktu um ÖB-lykilinn á www.ob.is

Hart deilt um stöðu álversins í Helguvík

Landvernd sakar Norðurlál um að tefja kæru samtakanna á umhverfismati vegna álvers í Helguvík. Fráleit ásökun, segir forsvarsmaður Norðurláls. Útgefendur framkvæmdaleyfis í sýndarleik, segir framkvæmdastjóri Landverndar.

ÍÐNADUR „Norðurlál hefur dregið að veita umbeðnar upplýsingar vegna kæru Landverndar á umhverfismati vegna álvers í Helguvík, að því er virðist til að málið komist sem lengst áður en ráðherra úrskurðar,“ segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Þessu hafnar Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta hjá Norðurláli. Hann segir slíkar ásakanir koma á óvart, Norðurlál hafi skilað umbeðnum upplýsingum eins hratt og hægt hafi verið.

Í tilkynningu frá Norðurláli kemur fram að félagið hafi í hvívetna farið að lögum og reglum við undirbúning álvers í Helguvík og undirbúningur gangi samkvæmt áætlun.

Landvernd kærði þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að ekki þyrfti að vinna umhverfismat fyrir framkvæmdir tengdar álverinu, svo sem raflínur og orkuöflun, samhliða mati vegna álversins.

Norðurlál telur að vísa hafi átt kæru Landverndar frá þar sem ekki sé hægt að kæra vegna þessa álitaefnis, auk þess sem kærna sé of seint fram komin.

Í tilkynningunni er vísað í bréf umhverfisráðuneytisins til Norðurláls frá 22. nóvember, þar sem segir að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum álversins sæti ekki kæru til ráðherra. Því hafi kærna ekki áhrif á útgáfu framkvæmdaleyfis.

„Það eru þeirra hagsmunir að tefja þetta sem lengst, úr því að menn ætla sér að halda áfram með þessum hætti, og standa fyrir vafasömum leyfisveitningum,“ segir Bergur.

Hann segir félagið taka undir gagnrýni umhverfisráðherra á sveitarstjórnir Reykjanesbæjar og Garðs, sem hafi veitt framkvæmdaleyfi áður en ráðherra hafi úrskurðað um kæru Landverndar.

„Þetta er einhvers konar sýndarleikur sem útgefendur leyfisins standa fyrir, væntanlega með það



HELGUVÍK Fyrirhugað álver Norðurláls verður á mörkum sveitarfélagsins Garðs og Reykjanesbæjar. Steypuskáli og kerskálur verða í Garði en súrálstankar og hafnaraðstaða í Reykjanesbæ.

fyrir augum að láta líta svo út að málið sé í höfn. Það er bara svo langt frá því að vera rétt,“ segir Bergur.

Til dæmis sé ofsagt að búið sé að tryggja álverinu orku. Þannig hafi bæjarstjóri Grindavíkur sagt í viðtali við Víkurfréttir að félagið Suðurlindir muni ekki leggja stein í götu álvers í Helguvík, en orka af svæðinu verði nýtt til uppbyggingar í Grindavík, ekki Helguvík. Hitaveita Suðurnesja muni þó væntanlega geta fengið orku annars staðar til að selja til álversins.

Rafmagnslínur vegna álversins þurfa að fara í gegnum alls níu sveitarfélög. Bergur segir Reykjanesbæ og Garð beita önnur sveitarfélög ómaklegum þrýstingi til að leyfa línurnar. Ýmislegt sé eftir vegna línulagna, svo sem skipulagsbreytingar og umhverfismat.

brjann@frettabladid.is



Veldu þína framtíð

Gefðu bjarta framtíð í fermingargjöf

Fermingargjafabréf SPRON er gjöf sem vex og vex.

Framtíðarreikningum stofnuðum með gjafabréfi SPRON fylgir 2.000 kr. mótframlag frá SPRON*.




Sími 550 1200 - Þjónustuver 550 1400 - www.spron.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is


Ferðalag er góð fermingargjöf

Pantaðu gjafabréf í síma 570 3030



KOMDU OG UPPLIFÐU
FRÁBÆRA PÁSKASTEMNINGU

PÁSKARNIR KOMA SNEMMA Í ÁR



Úrval spennandi tilboða á nýjum
og glæsilegum bílum alla vikuna.

Vertu í hópi þeirra fyrstu sem reynsluaka
og þú færð páskaegg og gætir
unnið ferðavinning til Evrópu fyrir tvo.

Léttar veitingar í boði.

Við hlökkum til að sjá þig.



TODAY TOMORROW TOYOTA




Afsögn æðsta hershöfðingja Bandaríkjahers í Mið-Austurlöndum veldur deilum: Hvíta húsið verst ásökunum

BANDARÍKIN, AP Talsmenn Hvíta hússins vísa því á bug að ríkisstjórnin reyni að kæfa sjónarmið yfirmanna í hernum sem stangast á við stefnu forsetans. Ásakanir í þá veru hafa komist í hámaili í kjölfar afsagnar Williams J. Fallon aðmírals úr embætti yfirmanns bandaríska herafllans í Mið-Austurlöndum.

Fallon tilgreindi í tilkynningu um afsögn sína á mánudag að þar sem hann væri álitinn ósammála stefnu Bush forseta í heimshlutunum teldi hann réttast að víkja.

Demókratar á Bandaríkjaþingi drógu þá ályktun af



WILLIAM J. FALLON Víkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

afsögn Fallons að hún væri enn eitt dæmið um klúður stjórnarinnar í Mið-Austurlöndum. „Þessi síðustu sjö Bush-ár höfum við séð þá sem sýna stefnu forystunnar hollustu verðlaunaða en þeir sem tjá óþægilegan sannleika eru látnir draga sig í hlé,“ sagði John Kerry, sem var forsetaframbjóðandi demókrata í kosningunum 2004, í skriflegri yfirlýsingu.

Í bandarískum fjölmiðlum segir að Fallon hafi sérstaklega haft áhyggjur af stefnu Bush gagnvart Íran og ekki talið sig geta stutt hana.

- aa

Bætur ekki skertar vegna tekna maka

Forystumenn aldraðra og öryrkja segja ný lög um bætt kjör hópanna vera skref í rétt átt en ekki ná til hinna verst settu. Frumvarp félags- og heilbrigðisráðherra um breytingar í átta liðum var samþykkt samhljóða á Alþingi í gær.

ALÞINGI Áralengt baráttumál öryrkja og aldraðra er í höfn eftir að Alþingi samþykkti í gær að hætta að skerða tryggingabætur lífeyrisþega vegna tekna maka. Tekur lagabreytingin gildi um næstu mánaðamót. Ákvæðið nær til um 5.800 lífeyrisþega sem eftirleidis halda sínum bótum óskertum þrátt fyrir að makar þeirra hafi tekjur.

Rík samstaða var um frumvarp félags- og heilbrigðisráðherra um bætt kjör aldraðra og öryrkja og var það samþykkt samhljóða. Önnur og þriðja umræða fóru fram í gær en nauðsyn bar til að samþykkja frumvarpið í gær svo markmið þess um gildistöku 1. apríl næðu fram að ganga.

Auk afnáms skerðinga vegna tekna maka snúa helstu ákvæði nýju laganna um frítekjumark á fjármagnstekjur, hækkun vasapeninga íbúa stofnana og hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fólks á aldrinum 67-70 ára.

Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, segir nýju lög til bóta en telur breytingarnar ekki ná til þeirra sem lökust hafa kjörin. Löginn gagnist ekki fólki sem ekki getur unnið, ekki fólki sem ekki á maka eða maka sem ekki hefur atvinnutekjur.

Margrét segir ágætt að vasapeningar íbúa stofnana hækki en telur núverandi fyrirkomulag einkennast af forsjarhyggju. „Það felst gríðarleg forsjarhyggja í að taka allt af fólki þegar það fer inn á stofnanir og skammta því svo vasapeninga,“ segir hún og kveðst vonast til að þessu verði breytt í framtíðinni.

Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Öryrkjabandalagsins, er ánægður með þau ákvæði nýju laganna sem ná til öryrkja en lítur svo á að þarna sé um fyrstu skref að ræða. „Við eigum eftir að sjá útfærslu á tillögum sem teknar voru út, til dæmis um 100 þúsund króna frítekjumark vegna launatekna öryrkja.“ Halldór segist trúá því og treysta að frumvarp þar að lútandi verði lagt fram eftir páska.

bjorn@frettabladid.is



GRUND Nýju lög kveða meðal annars á um að vasapeningar íbúa stofnana hækki um tæp 30 prósent. Formaður Félags eldri borgara í Reykjavík vonast til að fyrirkomulagi vasapeningagreiðslna verði breytt í framtíðinni.

BREYTINGAR SEM VERÐA Á KJÖRUM ALDRAÐRA OG ÖRYRKJA

Tekur gildi 1. apríl.

Skerðing tryggingabóta vegna tekna maka afnumin.

90 þúsund króna frítekjumark á fjármagnstekjum.

Vasapeningar íbúa á stofnunum hækka um tæp 30% en frítekjumark verður afnumið.

Skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkar úr 30% í 25%.

Tekur gildi 1. júlí.

Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67-70 ára hækkar í 100 þúsund krónur á mánuði.

Aldurstengdar örorkubætur hækka.

300 þúsund króna frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega.

Tekur gildi 1. janúar 2009.

Skerðing lífeyrissjóðslna vegna innlausnar séreignasparnaðar afnumin.

Glæsilegt yfirbragð

- við öll tækifæri



NexxStyle servíettur
39cm 80stk. í ýmsum litum
296 kr.

Dúkur húðaður
1,20x1,5m hvítur
1.990 kr.

Yfirdúkur
60cmx25m í ýmsum litum
2.388 kr.

Kerti rústik
13x7cm í ýmsum litum
239 kr.



Á tilboði í mars 2008
LinStyle dúkar og servíettur,
NexxStyle servíettur,
yfirdúkar og kerti

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



MINIQUE 030801

Ertu með erlenda starfsmenn?


Viltu aðstoða þá við að nálgast framtalsgögn?

Á www.rsk.is/international er að finna framtöl og leiðbeiningar um útfyllingu á sjö erlendum tungumálum.

Einfölduð útgáfa, aðgengileg og útfyllanleg á netinu.

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI






OPEL CORSA

6 LOFTPÚÐAR, ESP SKRIÐVÖRN, AUX TENGI, MP3 GEISLASPILARI, UPPHITAÐIR ÚTISPEGLAR, ÚTVARPSSTILLINGAR Í STÝRI, HITI Í SÆTUM.

ENN BETRI ÞJÓNUSTA – ALLT OPEL VIÐHALD Á OKKAR KOSTNAÐ Í 3 ÁR/60.000 KM

Opel Corsa			Mánaðargreiðsla**
Beinsk. 1,2	1.830.000 kr.		19.478 kr.
Sjálfsk. 1,4	2.040.000 kr.		22.486 kr.

**Miðast við bílasamning með 30% útborgun og eftirstöðvar til 84 mán.

NYTT Á ÍSLANDI

OPEL VERND*

NOTALEG ÞRjú ÁR ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

Öll þjónustusköðun og allt viðhald
Þeir sem kaupa nýjan Opel fá alla þjónustusköðun og allt viðhald sér að kostnaðarlausu í 3 ár eða að 60.000 km.

Við lánun þér alltaf bíl
Þegar viðskiptavinir Opel koma með bílinn sinn í þjónustusköðun eða viðhald fá þeir lánaðan bíl til afnota á meðan.

30 daga skiptiréttur
Þeir sem kaupa nýjan Opel hafa 30 daga skiptirétt ef svo ólíklega vill til að bílinn uppfylli ekki væntingar.

Endurkaup
Til að tryggja endanlega þá sem kaupa nýjan Opel lofar Ingvar Helgason besta endurkaupsverði á markaðnum þegar keyptur er næsti nýji bíll hjá umboðinu.

*Nánari upplýsingar um Opel Vernd er að finna á opel.is eða hjá sölumönnum Ingvars Helgasonar ehf.



ÖLLUM NÝJUM OPEL FYLGIR OPEL VERND



Antara / Verð frá 3.990 þús.

Vectra / Verð frá 2.890 þús.

Astra / Verð frá 2.140 þús.



+ Nánari upplýsingar og bókanir á
www.icelandair.is eða í síma 50 50 100

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBODI

Vortilboð:

KAUPMANNAHÖFN
Verð frá 8.800 kr.*



* Innifalið í verði: Flug aðra leiðina, flugvallarskattar og gjöld.
Sölu tímabil: 13.-16. mars. Ferðatímabil: 1.-30. apríl.

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

EINSTAKT TÆKIFAERI

BJÓÐUM TAKMARKAÐ MAGN AF SUBARU
FORESTER MEÐ GLÆSILEGUM AUKAPAKKA

Subaru Forester



2.690.000 kr.
2.790.000 kr.

beinskiptur
sjálfskiptur

353.000 kr.
aukahlutapakki innifalinn:

Upphækkun, álfelgur, vetrar/
heilsársdekk og dráttarbeisli.



ENNEM / SIA / IMG2081

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808




INGVAR HELGASON

Lítið sem ekkert vitað um hver á Gift fjárfestingarfélag:

Spurningum um Gift ósvarað

VIÐSKIPTI Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður hefur ekki enn fengið svar við spurningum sem hann beindi til Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga í fyrra. Sigurður spurði um rekstur félagsins og heimildir manna til þess að sýsla með fjármuni sem tryggjendur lögðu til sem viðskiptavinir árið 1987 og 1988.

Gift fjárfestingarfélag, sem stofnað var utan um eignir, skuldir og skuldbindingar Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga í fyrra, er þriðji stærsti eigandi Existu hf., með 5,4 prósentu hlut, og fimmti stærsti eigandi Kaupþings, með 3,4 prósentu hlut. Verðmæti



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON Margt óljóst varðandi Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga.

eigna félagsins nemur því tugum milljarða.

„Ég sé ekki alveg að takmarkaður hópur manna, sem með einhverjum ráðum hefur komist yfir Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga, geti ákveðið að stofna fjárfestingarfélag upp úr því. Í mínum huga hefði verið eðlilegra að komast að því hverjir eru eigendur félagsins áður en farið er út í að stofna fjárfestingarfélag,“ segir Sigurður G. Guðjónsson. „Ég bið svara við spurningum mínum en þeim er ætlað að skýra stöðu fyrir fólk sem skipti við Samvinnutryggingar, og ég er að vinna fyrir.“

- mh

Guðbjartur Hannesson:

Fylgst með staðsetningu starfa

ALÞINGI Guðbjartur Hannesson, Samfylkingunni, vill að sérstaklega verði fylgst með hvar ríkisstofnanir staðsetja störf á sínum vegum og vill ræða málið við ríkisstjórn.

Enn fremur vill hann að sérstakar heimildir þurfi til að færa störf utan af landi til höfuðborgarsvæðisins.


Guðbjartur lýsti þessari skoðun sinni í kjölfar gagnrýni þingmanna Framsóknarflokksins á að stjórnarflokkarnir, og þá sér í lagi Samfylkingin, stæðu ekki við fyrirheit um að störf yrðu flutt út á land.

GUÐBJARTUR HANNESSON

- bps

Áform um Miðjarðarhafssamband

Áætlun Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta um svonefnt Miðjarðarhafssamband – bandalag átján ríkja í Suður-Evrópu og við sunnan- og austanvert Miðjarðarhaf – leiddi til deilu við Þýskaland. Nú hafa öll aðildarríkin 27 gengið að málamíðlunarartilöggu.



Sarkozy þrýstir á kollegana

Franski forsetinn kynnti fyrir leiðtogum hinna ESB-landanna í gær áform um stofnun Miðjarðarhafssambands. Ólíkar skoðanir eru uppi um þörfina á því.

BRUSSEL, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti lagði mikið upp úr því að fá samþykki annarra leiðtoga Evrópusambandsríkjanna við áformum um stofnun svonefnds Miðjarðarhafssambands, bandalags ESB og grannríkja við sunnan- og austanvert Miðjarðarhaf, á leiðtogafundi ESB sem hófst í Brussel í gær.

Áætlunin hefur reyndar tekið talsverðum breytingum frá því Sarkozy viðraði hugmyndina fyrst, en þá gekk hún út á að Frakkar hefðu forystu um að „byggja brýr“ til múslimalandanna sem eru næstu nágrennar Evrópu í suðri. Þjóðverjar og fleiri ESB-þjóðir settu sig upp á móti upprunalegu áætluninni þar sem hún fól í raun í sér að Frakkar ykju alþjóðapólitísk áhrif sín en hinar ESB-aðildarþjóðirnar borguðu brúann.

Sarkozy kynnti áformin fyrir ESB-kollegum sínum yfir vinnukvöldverði í Brussel í gær og sagði þar meðal annars, að með því að hrinda þeim í framkvæmd væri ESB „að efna til nýs stigs samstarfs“ við grannríkin í suðri.

Sarkozy hyggst gera áætlunina að forgangsmáli franska ESB-formennskumissisins á síðari helmingi þessa árs.

Í áformunum er gert ráð fyrir að fyrir hinu nýja bandalagi fari tveir forsetar, annar frá ESB og hinn frá Miðjarðarhafsríkjunum utan ESB. Þeim til aðstoðar verði



BROSAD Í BRUSSEL Sarkozy (í miðju) heilsar ráðherrum formennskuríkisins Slóveníu, Janez Jansa og Dmitri Rupel, við komuna á leiðtogafundinn í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

tuttugu manna fastalið embættismanna. Annað varðandi stofnanauppbyggingu og fjármögnun þessa nýja samstarfsvettvangs er enn að mestu á reiki.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, krafðist þess að öll ESB-ríkin hefðu jafna aðkomu að samstarfinu, einkum og sér í lagi ef ætti að fjármagna það úr sameiginlegum sjóðum ESB. Ráðamenn annarra ESB-ríkja, þar á meðal Bretlands, Ítalíu, Austurríkis og Spánar, lýstu þeirri yfir því sem þeir álíta vera tilraun Sarkozy til að keyra í gegn áætlun sem þeir sjá litla þörf fyrir, með tilliti til þess að þegar er í gildi samstarfsáætlun ESB við Miðjarðarhafsgrennrikin sem andvirði 200 milljarða króna renna til árlega.

audunn@frettabladid.is

Ef þú veist ekki
svarið getur þú
opnað  hringt í 
eða farið á 

MITSUBISHI DAGAR!

Nú eru Mitsubishi dagar í Bílaþingi HEKLU og þér gefst tækifæri til að gera **frábær kaup** á nýlegum Mitsubishi. Komdu á Klettháls dagana 12.-18. mars, skoðaðu glæsilegt úrval og tryggðu þér mikinn bíl fyrir mätulegan pening!



Lancer

Nýskráður
nóvember 2004
Sjálfskiptur
Ekinn 52.000 km

Ásett verð:
1.360.000,-
Tilboðsverð:
1.050.000,-



Lancer

Nýskráður
desember 2003
Sjálfskiptur
Ekinn 73.000 km

Ásett verð:
1.190.000,-
Tilboðsverð:
890.000,-



Pajero Sport President

Nýskráður
nóvember 2001
Beinskíptur
Ekinn 124.000 km

Ásett verð:
1.260.000,-
Tilboðsverð:
990.000,-



Pajero Sport President

Nýskráður
október 2006
Sjálfskiptur
Ekinn 19.000 km

Ásett verð:
3.190.000,-
Tilboðsverð:
2.590.000,-



Opið 10-18 virka daga
og 12-16 laugardaga



Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5040
sími 590 5040

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Ísafjarðarbær og Brúarfoss gera með sér samning: Umframvatn flutt úr landi

ÍSAFJÖRÐUR Ísafjarðarbær og Brúarfoss ehf. hafa gert með sér samning um hagnýtingu hins síðarnefnda á vatni úr lindum í eigu Ísafjarðarbæjar.

Brúarfoss hyggur á vatnsútflutning auk þess sem vinna á afurðir úr vatninu á markað innan- og utanlands. Er stefnt að opnun vatnsátöppunarstöðvar og átöppunarverksmiðju á Ísafirði.

Í yfirlýsingu sammingsaðila segir meðal annars að forsenda sammingsins sé að réttur Brúarfoss til vatnskaupa og úrvinnslu takmarkist við að Ísafjarðarbær hafi ávallt nægjanlegt neysluvatn fyrir almenning og atvinnurekstur í sveitarfélaginu. Ef núverandi



FRÁ UNDIRRITUN SAMMINGSINS Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Halldór Guðbjarnason frá Brúarfossi ehf. MYND/BB

vatnsleiðslur bæjarins anna ekki eftirspurn er gert ráð fyrir lagningu annarrar vatnslagnar sem Brúarfoss mun þá greiða fyrir. - ovd

Héraðskosningar á Srí Lanka: Herskáir Tamíl- ar sigruðu

SRÍ LANKA, AP Samtök fyrrverandi liðsmanna Tamílatígranna, sem gert hafa bandalag við stjórnvöld á Srí Lanka, unnu stórsigur í sveitarstjórnakosningum á Austur-Srí Lanka og náðu til að mynda hreinum meirihluta í stærsta bænum á svæðinu, Barracaloo, samkvæmt opinberum úrslitum.

Ásakanir voru um að Karunahreyfingin hefði ógnað kjósendum til að greiða sér atkvæði.

Ríkisstjórnin lét kosningarnar fara fram, þær fyrstu í fjórtán ár á þessu svæði, sem lið í að koma á lögum og reglu í héraðinu sem var á valdi uppreisnarmanna Tamíla þangað til fyrir ári. - aa

VIKA 6

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Algirdas Slapikas

STENDUR MEÐ KONUNNI SINNI



„Ég tók þann litla með mér á tölvunámsskeiðið á laugardaginn. Hann passaði sig að trufla ekki kennslustundina en hvíslaði stundum að mér að hann væri að læra eins og ég. Það eina sem var slæmt við helgina var að lið konunnar minnar tapaði í Frakklandi,“ segir Algirdas, en konan hans keppir með Val í handbolta.

Junphen Sriyoha

LJÓTUR KJÓLL



„Ég er alltaf að eiga við fatahönnunina. Nú er ég búin að sauma einn kjól en hann er ferlega ljótur. Ég get ekki látið sjá mig í honum utandyra. Það er því ekkert annað að gera en að breyta honum. Ég sé að það dugir ekkert annað en að finna eitthvert námskeið í fatahönnun, best væri ef það væri haldið á ensku.“

Filipe Figueiredo

NÆR Í KÆRUSTUNA



„Ég er að fara til Keflavíkur að ná í kærustuna mína sem verður hérna hjá mér nokkra daga. Við munum svo koma hingað vestur, fara á skíði og drífa okkur á Aldrei fór ég suður-tónlistarháttíðina. Nú hefur ræst úr veðrinu svo ég hef getað notað snjóbreittið á skíðasvæðinu hér.“

Rachid Benguella

TALAR MÖRG TUNGUMÁL



„Ég átti nokkra frídaga í vikunni, lagaði til í íbúðinni minni og hitti nokkra vini. Ég á vini frá mörgum löndum, til dæmis frá Portúgal og Spáni, auk nokkurra íslenskra vina.“ Í Marokkó er töluð arabíska en franska er kennd börnum frá um sjö ára aldri. Rachid talar þó oftast spænsku eða ensku við vini sína hér.

WWW.ICELANDAIR.IS

GJAFABRÉFIÐ GILDIR SEM GREIÐSLA UPP Í FLUGFAR MEÐ ICELANDAIR

ÞÚ VELUR UPPHÆÐINA

FERÐALAG ER ÞROSKANDI FERMINGARGJÖF

+ Pantaðu fermingargjöfina á icelandair.is/gjafabréf

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

10 daga átak til að vinna gegn appelsínuhúð (cellulite)

**prófað á 45 konum: 80% kvenna misstu minnst um 0,5 cm af ummáli líkamans eftir 10 daga meðferð



Prófað á 365 konum.



Fyrsta greiddandi líkamsvaran með einstakri Biofibrine lasertækni. Endurmótar líkamann og minnkar ummál líkamans til muna.

Celluli Laser™

ÁHRIFARÍK MEÐFERÐ Á AÐEINS 10 DÖGUM GEGN APPELSÍNUHÚÐ**		
ÚTLÍNUR: 8 AF 10 KONUM MISSTU** -0,5 CM MINNST	YFIRBÖÐ HÚÐARINNAR: Á FYRSTA DEGI EFTIR 10 DAGA 	ÞÉTTLEIK: eftir 10 daga ÞÉTTARI HÚÐ

Biotherm kynnr einstaka « Laser » tækni: með Biofibrine sem vinnur gegn hörðum kollagenþráðum* sem mynda appelsínuhúð. Húðin verður heilbrigð og falleg með sérstæðu Biotherm, Hreinu Seyði af Thermal Plankton.

Visindalegar rannsóknir sýna fram á að þessi einstaka formúla örvar frumuendurnýjun húðar.* www.biotherm.com

BIO THERM DAGAR Í DEBENHAMS 14 -19 MARS

Láttu snyrtifræðing Biotherm ráðleggja þér út frá þínum óskum og þörfum, hvort sem það varðar andlitshúðina eða líkamann.

Þegar keypt er Celluli Laser líkamskrem frá Biotherm, fylgir með mjög áhrifaríkt nuddtæki sem undirbýr húðina fyrir frekari líkamsmeðferð.



* á meðan birgðir endast

NÝTT
KORTATÍMABIL

BIO THERM

DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!

BONUS BONUS BONUS BONUS



479

TILBÚINN Í OFNINN

40%

AFSLÁTTUR

FERSKUR KRYDDAÐUR BÓNUS KJÚKLINGUR

Bónus ferskur kryddaður kjúklingur **479 kr./kg.** MERKT VERÐ 799 KR./KG.



40%
AFSLÁTTUR

40%
AFSLÁTTUR

40%
AFSLÁTTUR

Holta ferskir kjúklingaleggir
395 kr./kg. MERKT VERÐ 659 KR.

Holta hálf úrb. kjúklinglæri
635 kr./kg. MERKT VERÐ 1059 KR./KG.

Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.



898

Óðals ferskt íslenskt nautahakk
898 kr./kg.



25%
AFSLÁTTUR

Bónus nautahamborgarar 10x80g
749 kr. MERKT VERÐ 998 KR./KG.



Risa borgari 115g

25%
AFSLÁTTUR

Bónus nautahamborgarar 10x115g
1049 kr. MERKT VERÐ 1398 KR./KG.



499

KS ferskur lambabógur **499 kr./kg.**



1498

KS ferskt lambaprime **1498 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

NÝTT KORTA-TÍMABIL

BONUS BONUS BONUS BONUS

Bónus páskaegg nr.6 /520g **898 kr.**



Ali

ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ

30% AFSLÁTTUR

1252

ALI HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI

Ali hamborgarhryggur **1252 kr./kg.** MERKT VERÐ 1789 KR./KG.



Ali

499

Ali ferskur svínabógur **499 kr./kg.**



Ali

40% AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur **1019 kr./kg.** MERKT VERÐ 1698 KR./KG.



Ali

30% AFSLÁTTUR

Ali ferskur svínahnakki í sneiðum **1259 kr./kg.** MERKT VERÐ 1798 KR./KG.



198

Polarbrauðin 6 stk. bollur **198 kr.**



159

Polarbrauð 6 stk. **159 kr.**



198

Bónus bragðarefur ís 1 ltr. **198 kr.**



598

Chicago Town pizza 655g TakeAway **598 kr. BLANDAÐUR OSTUR EÐA PEPPERONI**



79

Fanta 2 ltr. **79 kr.**

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

FRÉTTASKÝRING: Samgönguurbætur

Göng og tvöföldun á dagskrá eftir ár

Ríkisstjórnin hefur samþykkt viðauka við samgönguáætlun frá 2007 til 2010 sem gerir ráð fyrir gerð jarðganga undir Vaðlaheiði og tvöföldun vegarkafla á Suðurlandsvegi. Hlakka til að keyra í gegn, segir sveitarstjóri Norðurþings.

Framkvæmdir við tvöföldun Suðurlandsvegar, frá Litlu kaffistofunni að Hveragerði, og við gerð jarðganga undir Vaðlaheiði hefjast á fyrri hluta næsta árs, samkvæmt áætlun sem ríkisstjórnin samþykkti á þriðjudag. Kostnaður við framkvæmdirnar báðar er áætlaður um tíu til ellefu milljarðar.

Kristján Möller samgönguráðherra og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra kynntu áformin á blaðamannafundi í ráðherra-bústaðnum við Tjarnargötu í gær.

Um 700 milljóna viðbótarframlag við samgönguáætlun verður nýtt til vegafarmvæmda víðs vegar um landið.

Bæði Vaðlaheiðargöngin og tvöföldun Suðurlandsvegar verða í einkaframkvæmd. Kristján sagðist á fundinum reikna með því að helmingur kostnaðarins yrði innheimtur með veggjöldum.

Gert er ráð fyrir því að göngin verði tilbúin þremur árum eftir að framkvæmdir hefjast, það er á fyrri hluta árs 2012. Tvöföldun Suðurlandsvegar verður lokið í áföngum en hraði skipulagsvinnu

sveitarfélaga á Suðurlandi ræður því hvenær tvöföldun vegarins lýkur. „Það hafa margir barist fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar í mörg ár og þetta er mikilvægur áfangi í þeirri baráttu, þó að ekki sé farin öll leiðin í þetta skiptið,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Suðurlandsvegar, á blaðamannafundinum í gær. Ásamt ráðherrunum sátu Björgvin og Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Norðausturlandsvegar.

„Þetta breytir einfaldlega öllu fyrir okkur og eru gríðarlega mikil og jákvæð tíðindi. Það verður gaman að keyra í gegn,“ sagði Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri í Norðurþingi, um fyrirhugaða gerð jarðganga undir Vaðlaheiði. „Þetta mun hjálpa okkur að takast á við stór verkefni í landshlutanum sem fram undan eru á næstu árum, meðal annars uppbyggingu stóriðju í héraðinu.“


Ragnheiður Hergeirsdóttir, sveitarstjóri Árborgar, segir tvöföldun Suðurlandsvegar vera mikið framfaraskref. Bæjarráð í Árborg fagnaði áformum stjórnvalda með bókun í gærmorgun. „Um tuttugu prósent íbúa hér á svæðinu sækja vinnu eða nám til höfuðborgarinnar og svo eru einnig margir íbúar á höfuðborgarsvæðinu sem eiga hér sumar-bústaði og sækja þjónustu hingað. Það verður sannkölluð bylting.“



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is




ÁFORMIN KYNNT Kristján Möller sést hér kynna áform stjórnvalda í samgöngumálum en stefnt er á miklar framkvæmdir á næstu árum.



ÁÆTLAÐAR FRAMKVÆMDIR
Hér sjást framkvæmdir sem áætlað er að ráðast í á næstunni, samkvæmt samgönguáætlun sem gildir til 2010. Ekki þarf að ráðast í mikla skipulagsvinnu vegna þessara framkvæmda.

OROBLU

Kynning á nýju vorvörnum frá Oroblu í Lyfju, Laugavegi í dag, 14. mars kl. 13-17.



Kaupauki fylgir vöru frá Oroblu

LYFJA
- lífó heil

Umferðarmál á höfuðborgarsvæðinu:

Enn óvissa um Sundabraut

„Það er búið að gera umhverfismat fyrir hábrú og það er búið að gera umhverfismat fyrir innri leið, og nú erum við að vinna að umhverfismati fyrir göng,“ sagði Kristján Möller samgönguráðherra í gær, spurður hver staðan væri á undirbúningsvinnu vegna Sundabrautar.



FRÉTTABLAÐIÐ 3. JANÚAR Fram kom í frétt blaðsins í byrjun árs að Vaðlaheiðargöng væru framar Sundabraut í forgangi. Samgönguráðherra sagði framsetningu fréttarinnar ranga.

Ákveðið hefur verið að stofna nefnd sem fjallar um umferðarmál á höfuðborgarsvæðinu. Ólafur F. Magnússon, Gunnar Birgisson og Lúdvík Geirsson munu sitja í henni, auk þess sem Kristján Möller vonast til þess að geta átt sæti í henni.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, segir það vera orðið „mjög knýjandi“ að ríkisstjórnin hefjist handa við framkvæmdir vegna Sundabrautar. „Það sem hefur tafið málið er að Vegagerðin hefur haldið inni hinni svokölluðu innri leið en borgaryfirvöld hafa slegið þá hugmynd út af borðinu fyrir sitt leyti. Mikilvægast er að ýta innri leiðinni til hliðar og ráðast í framkvæmdir og flýta allri vinnu

eins og mögulega er hægt.“ Þingmennirnir allir sem sátu fyrir svörum á blaðamannafundinum í ráðherra-bústaðnum sögðu umferðarmálin á höfuðborgarsvæðinu flókin og erfiðlega hefði gengið að ýta hugmyndum um Sundabraut í framkvæmd. Sögu þeir augljóst að misjöfn sýn stjórnmalamanna á það hvernig ætti að leggja Sundabraut, frá kjörtímabili til kjörtímabils, hefði hægt á vinnuferlinu öllu.

Formaður samgöngunefndar:

FRAMFARASPOR



„Ég held að þetta sé mikið framfaraspör,“ segir Ólöf Nordal, þingkona Sjálfstæðisflokksins og starfandi formaður samgöngunefndar. Steinunn Valdis Óskarsdóttir, þingkona Samfylkingarinnar, gegnir formennsku að öllu jöfnu en hún er í fríi fram að mánaðamótum. Hún vildi ekki tjá sig um áform stjórnvalda sem nú hafa verið boðuð.

Ólöf sagði samgöngubótina líklega til þess að auðvelda atvinnuuppbyggingu. „Samgöngur eru forsendur skilvirkar atvinnuuppbyggingar. Það er alveg ljóst að göngin í Norðausturlandsvegi eiga eftir að skipta sköpum þar og ekki síður tvöföldunin.“

Óskar Bergsson:

BORGIN SKILIN ÚT UNÐAN



„Það er áhyggjuefni að borgin sé alltaf skilin út undan þegar kemur að forgangsröðun í samgöngumálum,“ sagði Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, skömmu eftir að Kristján Möller kynnti áform um tvöföldun Suðurlandsvegar og gerð Vaðlaheiðarganga. „Ég hef itrekað óskað eftir því að Kristján gerði grein fyrir sjálfum sér í málefnum Sundabrautar. Hans afstaða er á reiki og það er slæmt.

Hann hefur tiltekið hverja afsökunina á fætur annari og maður hefur fengið það skýrt á tilfinninguna.“



Neyðarlínan og Landsbjörg treysta á Vodafone

Starfsfólk Vodafone býður **Slysavarnafélagið Landsbjörg** - landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi - og **Neyðarlínuna** velkomin í hóp viðskiptavina Vodafone.

Mikil viðurkenning felst í því fyrir okkur að þessir tveir mátarstólpar í íslensku neyðarvarna- og björgunarstarfi skuli velja Vodafone og við þökkum heiðurinn.

Fylgdu þeirra frumkvæði - skiptu núna með einu símtali í **1414**.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



Félagar í Slysavarnafélaginu Landsbjörg við opnun GSM þjónustu Vodafone á Kili, 2. mars 2008.



Vefurinn: WikiTravel

Ferðahandbók í Wiki-formi. Segir þér hvar er best að gista, borða, fræðast og skemmta sér á mörg þúsund áfangastöðum.

www.wikitravel.org

tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

TÆKNISPJALL: STEFNA RÍKISSTJÓRNARINNAR UM FRJÁLSAN OG OPINN HUGBÚNAÐ

Best að geta breytt hugbúnaðaruppskriftinni

„Þetta er alveg frábært, við erum búin að bíða eftir þessu lengi,“ segir Salvör Gissurar-dóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands, um nýja stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi frjálstan og opinn hugbúnað. „Það hefur verið erfitt að vinna í skólakerfi þar sem er ekki til heimur utan Microsoft, en núna get ég flaggað þessari stefnu.“

Frjálst og opinn hugbúnaður er ólíkur hefðbundnum hugbúnaði, á borð við Windows-stýrikerfið og Office-pakkann frá Microsoft, að því leyti að forritskóðinn sjálfur er opinber og aðgengilegur fyrir alla. Hann má nota og dreifa að vild auk þess sem allir geta betrubætt og lagað hann að sínum þörfum. Frjálst og opinn hugbúnaður er oftast ókeypis.

„Mér finnst gott að útskýra þetta með því að líkja hugbúnaðinum við uppskrift,“

segir Salvör, sem er formaður Ísfoss, félags áhugafólks um opinn hugbúnað í skólastarfi. „Ef þetta er lokaður hugbúnaður, eins og frá Microsoft, þá færðu uppskriftina eins og hún er og mátt engu breyta í henni. Þú mátt til dæmis ekki gera hana fyrir tvo ef hún er fyrir átta manns, þú verður alltaf að gera sömu uppskriftina. Með opinn hugbúnað máttu breyta uppskriftinni eins og þú vilt.“

Stefna ríkisstjórnarinnar, sem var samþykkt á þriðjudag, segir í stuttu máli að gefa eigi frjálsum og opnum hugbúnaði sömu tækifæri og lokuðum hugbúnaði þegar tekin er ákvörðun um kaup á nýjum búnaði. Einnig skuli stefna að því að hugbúnaður sem opinberir aðilar smíða verði frjálst.

Salvör segir þetta mjög góðar fréttir fyrir skóla landsins. „Jafnvel þótt skólarnir noti sjálfir ekki opinn hugbúnað þá virkar hann sem aukin samkeppni á markaðnum og eykur valkosti notandans.“



FÖNDRUM SAMAN UM PÁSKANA



ÍS MEÐ DÝFU Á 50 KR.



ALADDIN OG ÓSKUBUSKA DVD

MUNIÐ NAMMIBARINN!



50% AFSLÁTTUR ALLAR HELGAR

...OG LÍKA Í DAG



JUST 4 KIDS

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11 - 19



STILLTUR NÚ Guðmundur Freyr Jónsson, annar hönnuða gítarstilliforritsins Tunerific, sýnir Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, hvernig gítarinn er stilltur.

Falskt glamur brátt úr sögunni

Nova hefur samið við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands um markaðssetningu á farsímagítarstillinum Tunerific. Hönnuðurinn segir forritið aðallega hugsað fyrir partíspilara og útilegufólk.

„Við vorum mjög ánægðir að ná þessum samningi í gegn,“ segir Guðmundur Freyr Jónsson, meistaranemi í tölvunarfræði. „Venjuleg gítarstillitæki þjóna bara þeim eina tilgangi en með þessu forriti þarftu bara að hafa símann á þér. Þetta er aðallega hugsað fyrir partíspilara og útilegufólk.“

Forritið Tunerific varð til úr meistaraverkefni Guðmundar við Háskóla Íslands og vann hann það undir leiðsögn prófessorsins

Jóhanns P. Malmquist. Það virkar á langflestar tegundir farsíma og þarf engan sérstakan vélbúnað.

Samningurinn sem undirritaður var í gær snýr að markaðssetningu og framkvæmd verkefnisins, en áætlað er að forritið verði tilbúið og komið í almenna notkun árið 2009. Þá verður hægt að nálgast það á vefsvæði Nova og hlaða því beint niður í símann. Þangað til munu nemendur úr tónlistarskóla FÍH sjá um að prófa gítarstillinn.

„Þetta var hugmynd sem kom upp í einu námskeiði sem ég sat þar sem Jóhann var kennari,“ segir Guðmundur, spurður hvernig honum hafi dottið verkefnið í hug. „Við ákváðum síðan í sameiningu að gera þetta að meistaraverkefni mínu, bæði forritunar- og viðskiptalegu hliðina.“

salvar@frettabladid.is



Las Vegas



London



Svendborg



Milano



Tappymed nuddarinn



Wellamed nuddpúðinn

Ethanol-eldstæði

Logy ehf. verður með kynningu á ethanol-eldstæðum og Wellamed nuddpúðanum hjá Halla rakara, Strandgötu 32 Hafnarfirði um helgina. Opið föstudag frá 12 til 18, laugardag frá 10 til 16 og sunnudag frá 12 til 15.

Nánari upplýsingar á logy.is eða í síma 661 2580 eða 588 2580.



GODI

1.698 kr/kg.
Kryddaður lambahryggur



30% afsláttur

Þú sparar 569 kr/kg

GODI

1.329 kr/kg. áður 1.898 kr/kg.
Gourmet lambalæri villikryddað



30% afsláttur

Þú sparar 1.109 kr/kg

GODI

2.589 kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Lambafille kryddað



30% afsláttur

Þú sparar 833 kr/kg

GODI

1.945 kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Roast Beef kryddað



45% afsláttur

1.389 kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ferskar íslenskar kjúklingabringur



30% afsláttur

GODI

398 kr/kg. áður 568 kr/kg.
Alvöru hamborgarar 170 gr.



30% afsláttur

159 kr/stk. áður 229 kr/stk.
Myllu skúffukaka



45% afsláttur

nettó

98 kr/pk. áður 179 kr/pk.
Nettó samlokubrauð - Gróft

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13. mars til 16. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



MED ÞIG Í HUGA



SHARP

SHARP XL-MP2H
Hljómtækjastæða
Kr. 12.900,-



SAMSUNG



Samsung ML-2010R
Vandaður Laser-prentari
Kr. 8.990,-



CELESTRON
Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki
Kr. 12.900,-

SHARP

SHARP XL-UR230H
Hljómtækjastæða
Kr. 29.900,-



Vönduð hljómtækjastæða.
5 CD-spilari, útvarp o.fl



SAMSUNG

SAMSUNG LE-32S86BX
Glæsilegt 32" LCD sjónvarp
Kr. 119.900,-



SHARP

SHARP LC-19A1EBK
Hágæða 19" LCD sjónvarp
Kr. 59.900,-

ORMSSON

OLYMPUS®

Magnaðar myndavélar á fínu verði!

3ja ára ábyrgð



OLYMPUS®

Mju-770SW

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (-10°C) • Þolir 100 kg. þrýsting • 3x aðdráttur í linsu

Verð: 38.900 kr

FYRIR VEIÐIMANNINN

Vatnsheld niður á 10 m dýpi

OLYMPUS®

FE-270

- 7,1 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (36-108mm)
- Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 15 handhægar tókustillingar
- Videoupptaka án hljóðs
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð
- Notar AA rafhlöður

Verð: 13.900 kr



OLYMPUS®

SP-550

- 7,1 milljón pixlar
- Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
- 18x aðráttarlinsa (28-504mm)
- Videoupptaka með hljóði
- Dual Image Stabilization
- Super Macro möguleiki (1 sm)
- BrightCapture tækni eykur myndgæði í lítilli birtu
- Hægt að horfa beint gegnum viewfinder
- Margvíslegir möguleikar á handstillingu
- Tekur xD minniskort
- Notar AA rafhlöður eða CR3 lithium rafhlöðu

Verð: 34.900 kr



OLYMPUS®

Mju740

- 7.1 milljón pixlar
- 5 x aðdráttarlinsa (36-180mm)
- 2.5" LCD skjár
- 23 tókustillingar
- BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu
- Innbyggt 17 MB minni, hægt að stækka með XD minniskorti
- Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir

Verð: 19.900 kr



VEÐURVARIN

OLYMPUS®

E-510

Double Zoom kit

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" – rykfríar myndir

14-42 og 40-150 mm linsur

Verð: 89.900 kr.



OLYMPUS®

E-410

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- "Dust Reduction System" rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000 – 60 sek, Bulb
- Tekur allt að 3 ramma á sekúndu
- 21 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið

14-42mm & 40-150mm linsur

OLYMPUS FL-36R leifturljós

- TTL Flösk fyrir Olympus stafrænar myndavélar
- Þráðlaus stýring á flassi • Hægt að nota handvikt eða sjálfvirk
- Snúnings haus • Leiði tala 36 • Þyngd 260 gr.



KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!

Þjóðum nú þessa frábæru myndavél – með tveimur OLYMPUS linsum, öflugum flassi, 1GB minniskubb og OLYMPUS tösku á aðeins kr. 95.900,-

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND KEFLAVÍK SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333

ORMSSON ÞRISTUR-ISAFIRÐI SÍMI 456 4751

ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000

ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900

ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477

ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.844 -1,88%Fjöldi viðskipta: 470
Velta: 3.489 milljónir

MESTA HÆKKUN

EIMSKIPAFÉLAGIÐ
ÖSSUR1,75%
0,11%

MESTA LÆKKUN

SPRON
FL GROUP
GLITNIR3,76%
3,11%
2,85%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,21 -2,83% ... Bakkavör 40,00 -1,36% ... Eimskipafélagið 29,00 +1,75% ... Exista 11,95 -1,57 ... FL Group 8,72 -3,11% ... Glitnir 17,05 -2,85% ... Icelandair 24,85 -0,40% ... Kaupþing 719,00 -2,18% ... Landsbankinn 28,20 -1,05% ... Marel 88,40 -0,11% ... SPRON 4,87 -3,76% ... Straumur-Burðarás 11,15 -1,33% ... Teymi 4,94 -1,00% ... Össur 89,00 +0,11%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánnar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Sérútgáfa til Ameríku

Forsætisráðherra og forystumenn í viðskiptalífi þjóðarinnar sóttu í gær árvissan fund Íslensk-ameríska verslunarráðsins í New York í Bandaríkjunum. Tækifærið var notað til að kynna stöðu íslensks efnahagslífs og horfur. Margir lögðust á árar í þessu efni. Tímaritið Iceland Review lagði í sérútgáfu sextán síðna blaðs sem var með í för undir yfirskriftinni „Banking and Finance in the Icelandic Economy“. Burðarefnið er kynning Geirs Haarde á „sveigjanlegu en um leið seigu“ hagkerfi þjóðarinnar (*flexible & resilient*, nefnilega).

Hann áréttar heilbrigði íslensku bankanna og kveðst þess fullviss að þeir „standi af sér storminn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum“.



Bankastaðan í krónum

Í ritinu er svo einnig að finna opnuumfjöllun um Straum fjárfestingarbanka, opnu um Kauphöllina, opnuumfjöllun Viðskiptaráðs um vöxt fjármála-geirans, opnu um Icebank og svo deila að lokum viðskiptabankarnir þrír, Kaupþing, Landsbankinn og Glitnir, opnuumfjöllun um síðustu ársuppgjör þeirra. Einhver kynni að segja að stóru bankarnir hefðu mátt fá meira pláss, svona ef miða hefði átt við stærð þeirra í samhengi við íslenska hagkerfið. Þeim er annars hampað fyrir að hafa skilað góðri afkomu í fyrra. „Net profits of ISK 138 billion for three largest Icelandic banks“ segir í undirfyrirsögn. Spurning hvaða ályktanir kaninn dregur af þeirri tölu. Líkast til þekkir hann ekki mikið til gengis krónunnar. Inni í greininni er þó gefið upp nýlegt gengi evrunnar, en gagnlegra hefði sjálfsgagt verið að umreikna strax yfir í dollara, svona til að spara lesendum vestra hugarreikninginn.

MARKAÐSPUNKTAR

Evrópsk samkeppnisýfirvöld hafa fram- lengt til 21. apríl frest vegna skoðunar á áhrifum kaupa Marel Food Systems á Stork Food Systems. Fresturinn kemur ekki til af samkeppnisréttarlegri skoðun, heldur uppfærslu á tæknilegum upplýsingum, segir í Kauphallar- tilkynningu.

Þá hafa Scanvaegt í Danmörku og Marel á Íslandi, tvær viðskiptaeyninga Marel Food Systems, sameinast undir nafni Marel. Sigsteinn Grétarsson stýrir sameinaðri starfsemi, en Erik Steffensen, framkvæmdastjóri Scanvaegt International, lét af störfum í gær.

Kínverskir framleiðendur tískufatnaðar hafa farið fram á tíu prósentu hækku- vegna aukins launakostnaðar og verð- hækkunar á bómull, að því greint er frá í hálfmífréttum Kaupþings.

Færa eignir til Invik

Íslenskar eignir fjármála- fyrirtækisins Milestone verða frá og með þessu ári færðar undir sænsku fjármálasamstæðuna Invik, dótturfélag Milestone. „Eftir eignafærsluna á árinu 2008 munu öll fyrirtæki Milestone verða dótturfélög Invik, þar með talin íslensku fjármála- fyrirtækin Sjóvá, Askar Capital og Avant,“ segir í tilkynningu vegna ársuppgjörs fyrirtækisins.

Tilfærslan er samkvæmt heimildum blaðsins hluti af straumlínu-



GUÐMUNDUR ÓLASON

lögur fyrirtækjastarfsemi Milestone og sóknar inn á norrænan fjármálamarkað.

„Meira en 75 prósent af eignum Milestone eru á erlendri grundu og það liggur fyrir að framtíðarvöxtur fyrirtækisins verður á Norðurlöndum. Aukin áhersla á uppbyggingu fjármálafyrirtækja okkar utan Íslands er rökrétt skref fyrir félagið,“ er haft eftir Guðmundi Ólasoni, forstjóra Milestone, í tilkynningu félagsins.

- óká

Sparnaður fer vaxandi

Hagvöxtur var 3,8 prósent í fyrra, samkvæmt áætlunum Hagstofunnar, en þjóðar- tekjur uxu mun meira. Hagvöxturinn var í fyrra einkum drifinn áfram af útflutningi og einkaneyslu, en áður voru einkaneysla og fjárfesting helstu þættirnir.



ÁLIÐ BRÆTT Aukinn útflutningur á áli skýrir stóran hluta aukins útflutnings í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Vaxandi þjóðartekjur eru í samræmi við það að þjóðhagslegur sparnaður er tekinn að aukast á ný og það er mjög gott,“ segir Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Samkvæmt Hagtdöndum Hagstofunnar nam landsframleiðslan í fyrra 1.279 milljörðum króna í fyrra. Það er um 112 milljörðum

króna meira en í fyrra. Hún jókst að raungildi um 3,8 prósent, þegar tekið er tillit til verðbreytinga. Þjóðartekjur jukust hins vegar um 6,7 prósent sem er nokkur meira en hagvöxturinn. Það skýrist af því að launa- og fjármagnstekjur frá útlöndum jukust meira en sem nemur aukningu launa og

fjármagnsgjalda úr landi.

„Nýjar tölur benda til þess að útflutningurinn hafi verið meiri, einkaneyslan meiri og innflutningur meiri.“ segir Þorsteinn. Í stað þess að hagvöxturinn hafi verið nær þremur prósentum, þá nálgist hann fjögur prósent.

Fram kemur í Hagtdöndum að einkum megi rekja hagvöxt síðasta árs til verulegrar aukningar á útflutningi, auk einkaneyslu. Útflutningurinn hafi aukist um ellefu prósent, og einkaneyslan um fjögur. Árin á undan hafi hagvöxtur einkum verið drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingu.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni skýrist aukning útflutnings helst af auknum útflutningi á áli. Hann jókst um ríflega 40 prósent milli ára og nam tæpum 29 prósentum af heildarútflutningi í fyrra.

ingimar@frettabladid.is

Lægsta gengið í sjö ár

Gengi krónunnar hefur ekki verið jafn lágt frá því í lok árs árið 2001. Gengið lækkaði um 2,23 prósent í gær. Um tíma kostaði evran yfir 111 krónur.

Við lok dags kostaði evran 109,48 krónur. Bandaríkjadalurinn kostaði 70,25 krónur. Sterlingspundið kostaði rúmar 143 krónur og danska krónan 14,68 krónur.

Velta á gjaldeyrismarkaði var mikil í gær, og nam yfir 81 milljarði króna. Greiningardeild Landsbankans segir að margt skýri skjótt fall krónunnar. Áhugi á vaxtamunaviðskiptum hafi minnkað, vegna þess að áhættufælni fjárfesta hafi aukist, í kjölfar fréttar af vanda vogunarsjóða. Þá hafi skiptavextir með krónur farið niður úr öllu valdi undanfarna daga og í stystu samningum hafi vaxtamunur gagnvart



KRÓNAN Vaxtamunur við útlönd hefur í sumum tilvikum alveg horfið í gjaldeyrsviðskiptum.

útlöndum horfið í sumum tilvikum. Gengi krónunnar hefur fallið um sautján prósent frá áramótum.

Greiningardeild Kaupþings segir að gengi krónunnar hafi lækkað meira en annarra hávaxtamynta. Fjármagnskostnaður íslenskra banka hafi vaxið í erlendri mynt. Því sé vaxtamunurinn mun minni en áður.

- íkh

Dýfa á hlutabréfamörkuðum

Helstu hlutabréfavísitölur tóku dýfu um heim allan, þar á meðal hér, í gær þrátt fyrir innspýtingu bandaríska seðlabankans og fjögurra annarra seðlabanka, inn á fjármálamarkaði. Fjárveitingin, sem veitt er í formi nýrrar lánalínu með lágum vöxtum og ábyrgð í undirmálslánum fjármálafyrirtækja, hljóðar upp á 200 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 13.600 milljarða íslenskra króna.

Viðskiptablaðið Financial Times segir fjárfesta hafa síauknar áhyggjur af versnandi efnahagsaðstæðum í skugga lausafjárþurrðarinnar, samdrætti í smásölu í Bandaríkjunum í síðasta mánuði og lækkun bandaríkjadals gagnvart evru í gær. Nokkuð dró þó úr lækkunahrinunni vestanhafs síðdegis í gær eftir að matsfyrirtækið Standard & Poor's sagði að senn sæi fyrir endann á undirmálslánavandanum.

Lækkun dalsins hefur valdið því að fjárfestar hafa í auknum mæli fært sig á hrávörumarkað og fest fé sitt í korni, olíu og gulli auk annarra hrávara.

Gullverðið lá við 1.000 dala mark- ið á únsu í gær og hefur aldrei verið hærra. Þá fór olíuverðið yfir 110 dali á tunnu í gær en slík verðlagning hefur aldrei sést á svartagullinu.

- jab

SAS Institute og Teris eru samstarfsaðilar á sviði viðskiptagreindar fyrir fjármálafyrirtæki

Teris er framsækið fyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem byggir á traustum grunni. Teris sérhæfir sig í lausnum fyrir fjármálafyrirtæki og kappkastar að veita viðskiptavinum sínum afburðagöða og heildstæða þjónustu sem byggir á þekkingu, trausti, trúnaði og trygð. Teris hefur mikla og langa reynslu af því að veita þjónustu til margra ólíkra viðskiptavina sem gera miklar kröfur um hraða, áreiðanleika og skilvirki.

SAS Institute er leiðandi fyrirtæki í gerð spálíkana og greiningarhugbúnaðar á sviði viðskiptagreindar. SAS Institute hefur 32 ára reynslu og yfir 43.000 viðskiptavini um allan heim.

Saman aðstoða Teris og SAS fjármálafyrirtæki í að nýta upplýsingar sínar betur svo hægt sé að ná betri tókum á markaðsinnsæi og hámarka frammistöðu.

Námskeið í áhættustýringu

Þann 3. apríl næstkomandi munu Teris og SAS Institute í samstarfi við BASISPOINT standa fyrir dagsnámskeiði í áhættustýringu á Hilton Reykjavík Nordica. Farið verður yfir atriði er varða mælingar á helstu tegundum áhættu auk þess sem fjallað verður um innri uppbyggingu áhættustýringar.

Nánari upplýsingar um námskeiðið og skráningu á það má finna á www.teris.is.

THE POWER TO KNOW.

-Tákn um þekkingu

Hlíðasmára 19
201 Kópavogur
Sími 563 3300
www.teris.is



HEILIR STURTU- KLEFFAR

SÉR
TILBOÐ!

MEÐ ÖLLU

80x80 kanntaður
90x90 rúnaður



ÖRYGGISGLER



Sturtuhaus



Handsturta



Hitastýrð
blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæti

VERÐ FRÁ 88.900,-

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Heildarsýn og skýr markmið skortir í vegamálum.

Vaðlaheiðargöng voru það, heillin

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Víðaukinn við samgönguáætlun frá 2007 til 2010 sem ríkisstjórnin samþykkti og kynnti í gær er enn einn vitnisburðurinn um þann skort á heildarsýn sem ríkir í samgöngumálum þjóðarinnar.

Vitanlega er full ástæða til að fagna 700 milljóna króna viðbótarframlagi sem ætlað er til vegafremkvæmda. Skattborgarar eru áreiðanlega flestir sammála um að skattfé sé vel varið til samgöngumála. Bættar samgöngur í formi greiðari og styttri leiða milli staða sem margir þurfa að fara á milli eru góð fjárfesting vegna þess kostnaðar sem ævinlega er fólgin í því að koma sér úr einum stað í annan. Fjármagni sem varið er í samgöngur skila sér því vel til baka. Sömuleiðis er það góð fjárfesting að auka umferðaröryggi eftir föngum með bættu vegakerfi.

Heildarsýn og skýr markmið er þó það sem tilfinnanlega skortir í vegamálum þjóðarinnar. Það leiðir til þess að forgangsröðun verkefna er í mörgum tilvikum sérkennileg, svo ekki sé meira sagt.

Glundroðinn í kringum Sundabraut er til skammar. Sá vegur hefur nú verið í umræðunni í áratugi án þess að komast nokkurn tíma á framkvæmdastig. Það verður auðvitað að fara að taka ákvörðun um það hvar þessi braut á að liggja þannig að hægt verði að vinna markvisst að undirbúningi lagningar hennar. Yfirvöld samgöngumála í landinu bera ábyrgð á þessu og geta ekki notað borgaryfirvöld til að hlífa sér í þessu máli.

Beinn kostnaður af þessum glundroða er þegar orðinn mikill og óbeinn kostnaður vegna þeirra fjármuna sem ekki sparast vegna þess að leiðin hefur ekki verið styttn líklega enn meiri.

Afleiðingin er sú að fram fyrir Sundabrautina í röðinni koma framkvæmdir sem vitanlega eru góðra gjalda verðar en ættu að margra mati ekki að hafa forgang fram yfir veg sem styttri leiðina milli höfuðborgarsvæðisins og allra byggða á Vesturlandi, norður um land og allt austur á firði.

En það er ekki bara þetta sem stingur í augun þegar viðbót við vegáætlun er skoðuð. Barist hefur verið fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur lengi og hæstar hafa raddirnar verið síðan hinn svokallaði 2+1 vegur austan við Litlu kaffistofuna var opnaður fyrir tæpum tveimur árum. Þá þótti mörgum skammsýni hafa ráðið því að ekki var lagður 2+2 vegur.

Tvöföldun Suðurlandsvegur er vissulega fagnaðarefni. Hitt er erfiðara að skilja að sú tvöföldun á að hefjast einmitt á 2+1 vegar-kaflanum sem opnaður var haustið 2006, ekki á milli Selfoss og Hveragerðis þar sem flest slysin á Suðurlandsvegi hafa orðið og ekki heldur á 1+1 kaflanum sem er vestan við þennan vegarkafila, nær borginni.

Sú skýring að umræddur kafli þurfi ekki umhverfismat, og framkvæmdir geti því hafist fljótt, ber ekki vott um skýra framtíðarsýn og ígrunduð markmið í vegamálum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

TILBOÐSVERÐ Í VETRARLOK!



Sérlega slitsterkir ÍSNAGLAR

Lítið mál að skrúfa í dekkinn fyrir veturinn og úr að vori.

Henta vel fyrir dekk undir

- Vinnuvélar
- Dráttarvélar
- Fjórhjól
- Mótokrosshjól

Einnig í skósóla fyrir

- Veidimenn
- Göngufólk
- og fleiri.....



Fimm lengdir
11, 15, 18, 25 og 30 mm.



Krókhálsi 16, Reykjavík
Gleráreyrar 2, Akureyri

Sími 588 2600
www.velaver.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Mexíkósk áhrif

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, er nú í opinberri heim-sókn í Mexíkó. Ólafur Ragnar flutti stutta tölu við móttökuathöfn á þriðjudag. Þar kom meðal annars fram að hann hefði eitt sinn verið þeirrar gæfu aðnjótandi að dvelja í Mexíkó og kynnst þá þarlendur stjórnmalámonnum, sem hefðu haft mikil áhrif á hann. „Hafi ég komið að einhverju gagni sem forseti,” sagði Ólafur, „á ég það að vissu leyti að þakka þeirri reynslu sem ég öðlaðist á mínum yngri árum, þegar ég fylgdist með forystumönnum Mexíkó og þingmönnum að störfum.“ Því hefur verið haldið fram að breyting hafi

orðið á forsetaembættinu þegar Ólafur Ragnar tók við því. Það hljóta að vera mexíkósku áhrifin.

Takk fyrir Golfstrauminn

Ólafur Ragnar jós lofi á land og þjóð og sagði að Íslendingar sæju Golfstrauminn í öðru ljósi, þar sem hann færði yl að ströndum okkar. Fyrir það stæðu Íslendingar í eilífri þakkar-skuld við Mexíkó. Já, það er sannarlega rausnarlegt af Mexíkóbúum að sjá okkur fyrir öllu þessu heita lofti – og þeir rukka ekki einu sinni fyrir það.



Tungubrjótatöflur

Rætt var um lyfjalög á Alþingi í gær og hvort leyfa ætti sölu á nikótínlyfjum víðar en í apótekum. Rætt var um margs konar nikótínlyf en Paul Nikolov, þingmanni Vinstri grænna, þótti svokallaðar tungurótartöflur verða útundan. Vakti hann athygli heilbrigðisráðherra á því en ráðherra átti erfitt með að skilja við hvað þingmaðurinn átti, enda orðið tungurótartöflur mikill tungubrjótur, ekki síst fyrir þá sem hafa ekki íslensku að móðurmáli. Nikolov sá sig að lokum knúinn til að draga upp úr vasa sínum spjald með tungurótartöflum og veifa framan í Guðlaug svo ekki færi á milli mála hvað rætt var um.

bergsteinn@frettabladid.is

SPOTTIÐ



Völlurinn er og völlurinn verður

UMRÆÐAN

Reykjavíkflugvöllur

Það verður aldrei borgarfulltrúa Reykjavíkur að taka ákvörðun um framtíð Reykjavíkflugvallar. Það verður að líta til hagsmuna landsmanna allra þegar rætt er um staðsetningu miðstöðvar innanlandsflugs. Í dag er enginn valkostur á borðinu nema Keflavíkflugvöllur og ekki hægt að tala um hann sem raunhæfan valkost í náinni framtíð vegna fjarlægðar hans. Aðrar staðsetningar sem um hefur verið rætt hafa verið flautaðar útáf á undanförunum vikum, af þar til bærum aðilum.

Flugvöllurinn talaður niður

Öll starfsemi fyrirtækja á vallarsvæðinu líður fyrir bagalegt aðstöðuleysi, svo ekki sé talað um farþegana sem fá alls ekki þá þjónustu sem þeir verðskulda að fá. Ef full alvara er á bakvið umræðuna um að Iceland Express hefji innanlandsflug tel ég það mál vel leysanlegt. Áður hafa tvö til þrjú félög stundað innanlandsflug á sama tíma. Þó að aðstaðan sé ekki eins og best verður á kosið í bili er vel hægt að leysa málið. En það má með sanni segja að þeir sem tala flugvöllinn niður séu farnir að hamla samkeppni og þar með allri framþróun í þjónustu og verðlagningu í innanlandsflugi.

Framtíð Reykjavíkflugvallar er ekki óljós. Hann verður ekki fluttur til Keflavíkur, a.m.k. í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er engin önnur lausn í sjónmáli. Að byggja nýjan flugvöll á Löngu-skærjum eða guð veit hvar, er hreint ekki einfalt



JÓN GUNNARSSON

mál. Í samgöngumálum bíða okkar brýn verkefni á höfuðborgarsvæðinu sem og um allt land. Ég er þess fullviss að í huga almennings eru mörg þeirra langt á undan í forgangsröð en tugmilljarða framkvæmdir við nýjan flugvöll á höfuðborgarsvæðinu.

Á tímamótum

Nú er nóg komið og mál að þeir sem fjalla um málið fari að skoða af fullri alvöru mögulegar lausnir til að nýta betur það svæði sem um ræðir, s.s.

breytingar á flugbrautum og öðrum mannvirkjum á flugvallarsvæðinu. Ómögulegt er að láta skipulagið þróast áfram eins og það hefur gert upp á síðkastið, þ.e.a.s. án skýrrar heildarmyndar. Eða hvaða vit var í því að skella háskólabyggingu niður á hlaðið hjá Landhelgisgæslunni?

Framtíð Reykjavíkflugvallar er ekki óljós.

Hann verður ekki fluttur til Keflavíkur, a.m.k. í fyrirsjáanlegri framtíð.

Það er skylda okkar, hvar sem við stöndum í stjórnmalum, að ráðast í þessa vinnu og hætta að eyða orku í umræðu um málefni sem er ekki á dagskrá í bili. Gleyum ekki sjónarmiðum hundraða þúsunda farþega sem þarna fara um auk mikils fjölda starfsmanna sem á svæðinu vinna. Verum stolt af því að hafa miðstöð innanlandsflugs og ferðaþjónustu í hjarta höfuðborgarsvæðisins.

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Allt í misgripum

Svokallaðar „fréttir“ fjölmiðla snúast oft ekki um annað en það sem allir vissu fyrir en er matreitt eins og ný tíðindi séu á ferð. Í þessari viku kom þannig frétt í íslenska fjölmiðla. Vitnað var í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um skattkerfisbreytingar í aðildarríkjum stofnunarinnar og kom þar fram að Ísland er öðruvísi en flestöll aðildarríki stofnunarinnar að því leyti að á tímabilinu 2000 til 2006 komu skattkerfisbreytingar einkum hinum tekjuhærrí til góða. Á mannamáli merkir þetta að aðrar ríkisstjórnir hafa að jafnaði reynt að lækka álögur á fátæklinga en stjórnvöld á Íslandi hafa hyglað efnamönnum á kostnað þeirra sem hafa úr minna að spila.

Í sjónvarpsfréttum á miðvikudag var svo viðtal við fyrrverandi ríkisskattstjóra sem setti fram þá tillögu að ráðamenn Íslands hefðu ekki ætlað sér að skattþína fátæklinga heldur hefðu þeir ekki séð fyrir hvaða

Sú kostulega staða gæti nú komið upp að óvart verði virkjað í Helgúvík vegna þess að umverfisráðherra svaf á verðinum.

afleiðingar breytingar á skattkerfinu myndu hafa. Með öðrum orðum þá hækkuðu stjórnvöld óvart skatta á fátækt fólk en lækkuðu samtímis skatta á auðmenn!

Þetta er frumleg kenning en gengur ekki alveg upp. Af einhverjum ástæðum sáu nefnilega margir aðrir hvað var að gerast og það var t.d. leiðarstef í skrifum stjórnarandstöðunnar að nákvæmlega þetta væri að eiga sér stað. „Í reynd hafa skattarnir þó ekki lækkað heldur hefur skattbyrðin flust til, frá hærri tekjum yfir á þær lægri“ sagði t.d. Steingrímur J. Sigfússon á sínum tíma (sjá Við öll. Íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum, bls. 36). Ef tilgáta skattstjórans er rétt og ráðherrarnir vissu ekki hvað þeir voru að gera þá voru þeir nánast einir um það.

Virkjað óvart?

Núna í vikunni var einnig gefið út framkvæmdaleyfi vegna álversframkvæmda í Helgúvík. Raunar kærði Landvernd álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif álvers í Helgúvík til umhverfisráðherra fyrir fimm mánuðum, en ráðherra virðist hafa gleymt að úrskurða um kærana þrátt fyrir að hafa haft til þess tveggja mánaða frest. Kæra Landverndar byggði á þeirri eðlilegu forsendu að umhverfisáhrif álversins, virkjana og flutningsleiða rafmagnsins yrði að meta heildstætt en álit Skipulagsstofnunar tekur aðeins til álversins. Formanni Landverndar finnst þetta ekki boðleg stjórnsýsla og þarf sú skoðun ekki að koma á óvart.

Miðað við þann gríðarlega fjölda

sem gegnir ráðherraembætti á Íslandi og er samkvæmt nýjustu mælingum „Ráðherrapúlsins“ stöðugt í fjölmiðlum að vekja á sér athygli er auðvitað sérkennilegt að ráðherrar skuli ekki finna neinn tíma til að vinna vinnuna sína. Sú kostulega staða gæti nú komið upp að óvart verði virkjað í Helgúvík vegna þess að umverfisráðherra svaf á verðinum. Hugtakið „ráðherraábyrgð“ er óðum að öðlast nýja merkingu á Íslandi.

Engin tengsl

Í veruleika fjölmiðlanna er sífellt verið að koma fólk á óvart. Ríkisútvarpið var t.d. núna í vikunni með „frétt“ um að engin tengsl væru á milli fyrrverandi stjórn-



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Mistök

valda í Írak og hryðjuverkasmatakanna al-Kaída. Vitnað er í sérfræðinga í Pentagon, varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, en skv. frétt Ríkisútvarpsins komu þeir „víða við í rannsókn sinni og eyddu mörgum árum í könnun gagna“. Þetta vissi

raunar öll heimsbyggðin fyrir fimm árum – en örfáir valdamiklir einstaklingar héldu hinu gagnstæða fram. Lygin hafði það yfirlýsta markmið að réttlæta blóðugt stríð sem ekki sér fyrir endann á. Ef fjölmiðlar hefðu ekki gert málstað lygaranna jafn hátt undir höfði og þeir gerðu fyrir fimm árum þá væri engin þörf á þessari frétt í dag. Undanfarið fimm ár hafa hins vegar hundruð þúsunda, ef ekki milljónir, Íraka þurft að gjalda fyrir þessa lygi með lífinu.

Tengslaleysi ráðamanna í Írak við hryðjuverkasmótök er ekki jafn alvarleg staðreynd og tengslaleysi fjölmiðla við veruleikann. Það getur nefnilega

verið dauðans alvara að láta valdamenn komast upp með að hagræða sannleikanum og láta þá aldrei standa fyrir máli sínu. Hér á Íslandi hafa stjórnvöld komist upp með að auka skattbyrði fátæklinga og hruga upp stórvirkjunum sem þau bera þó í rauninni enga ábyrgð á. Erlendis bera gagnrýnisláusir fjölmiðlar beinlínis ábyrgð á mannlífum með því að leyfa ráðamönnum í lýðræðisríkjum að taka ólýðræðislegar ákvarðanir og koma af stað blóðbaði í fjarlægum heimshlutum. Mörgum árum síðar birtast svo litlu fréttirnar sem staðfesta það sem alltaf lá fyrir en þá er það líka mörgum árum of seint.

3G

MSN
Facebook
Myspace
og sjónvarpið
í símanum

NOKIA 5610 - 3G
Léttkaupsútborgun aðeins:
4.900 kr.
2.500 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 34.900 kr.
Tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging.

Frábært fermingartilboð

NOKIA 5610 – skemmtilegur 3G sími með háhraða Internettengingu, góðri myndavél og mp3 spilara. Í honum er mögulegt að fara á Facebook, Myspace eða MSN og horfa á sjónvarpið í símanum.

Það er Síminn

800 7000 • siminn.is

Sími

Netið

Sjónvarp

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Bændur á Jökuldal gætu keypt hálfu lóð í Reykjavík

UMRÆÐAN

Virkiannamál

Í Fréttablaðinu 12. mars 2008 er viðtal við upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar, Þorstein Hilmarsson, þar sem hann greinir frá því að greiddar hafi verið til landeignenda við Jökulsá á Dal 250 milljónir og sé þar borguð sú upphæð sem fyrirtækið sjálft telji eðlilega og geri ekki ágreining um. Blessaðir bændurnir, þessir bústólpar sem virða skal samkvæmt Jónasi, áttu hins vegar samkvæmt matsnefnd að fá um 550 milljónir í sinn hlut.

Bændur flestir eru ósáttir við þetta mat og hafa stefnt enda getur allt verðmat verið afstætt og allt að því fáránleg þversögn í því hvers virði hlutirnir eru.

Það vill svo til að í sama Fréttablaði og umrætt viðtal við upplýsingafulltrúann birtist er ákveðið verðmat sem hafa má hliðsjón af, því þar er auglýst til sölu 3.630 fm lóð með 35 metra heimkeyrslu og ásett verð er kr. 500 milljónir.

Er furða þótt maður setji það í samhengi og í fyrirsögn greinarstubs þessa að ef svo ólíklega vildi til að Jökuldælir sameinuðust um fjárfestingu þá gætu þeir fyrir greiddar bætur frá Landsvirkjun fyrir ána sína brottumda, afl hennar og hættu af uppistöðulóni yfir höfði sínu og



ÖRLÝGUR HNEFILL JÓNSSON

eignum næstu tíu þúsund ár keypt sér hálfu lóð á höfuðborgarsvæðinu, að vísu með heimkeyrslu sem þeir fengju þá væntanlega að hálfu.

Framkoma opinberra aðila gagnvart bændum og eignum þeirra hefur oft verið ámælisverð og þannig að enginn höfuðborgarbúi hefði þurft að sæta slíku.

Má til viðbótar ofangreindu nefna nýleg þjóðlendumál sem léku lausum hala þar til Þingeyingar stöðvuðu ósvinnuna.

Undirritaður gætir hagsmuna eiganda jarðarinnar Klaustursels á Jökuldal sem hefur alla tíð mótmælt því að áin væri tekin úr landi hans og á óheimilan hátt flutt í önnur héruð án samþykkis hans.

Framkoma opinberra aðila gagnvart bændum og eignum þeirra hefur oft verið ámælisverð og þannig að enginn höfuðborgarbúi hefði þurft að sæta slíku.

Hann hefur gert kröfu á Landsvirkjun, sem tók ána hans gegn vilja hans, að ánni verði aftur skilað í árfarveginn fyrir landi hans. Ella að Landsvirkjun greiddi honum bætur sem miðuðust við hlut hans í ánni og þá bótakröfu sem haldið var að

Landsvirkjun í matsmálinu og síðan kröfu sem tók mið af nýjum líftíma Hálslóns. Auðvitað furða þessar kröfur Landsvirkjun sem ekkert frumkvæði hefur átt í samskiptum við umbjóðanda minn annað en nema ána hans brott gegn vilja hans. Sú orka hins vegar sem tekin er úr afli og falli árinna fyrir landi umbjóðanda míns gæti vel dugað stóru netþjónabúi og miðað við brott-námstíma árinna væri kostnaður frumorkubáttarins það lítil að fjöldi aðila legði mikið á sig til að fá þau viðskipti. Menn verða nefnilega að sjá samhengi hlutanna, því verið er að borga fyrir hækkanði orku inn í ófyrirséða og langa framtíð.

Umbjóðandi minn hefur eins og áður segir krafist þess að ánni sé skilað og jafnframt bannað Landsvirkjun að hleypa henni, eftir þörfum Landsvirkjunar, á land hans. Landsvirkjun getur sem best leyst þann vatnsflutning eftir öðrum leiðum, ef þeir telja sig ekkert þurfa að semja við umbjóðanda minn frekar en hingað til. Hugsanlega flytja þeir yfirfallsvatnið í tankbílum niður fyrir land Klaustursels eða til sjávar, það er þeirra mál.

Hvað sem öllu þessu líður óska ég bændum á Jökuldal velfarnaðar í sauðburði og því að rétta hlut sinn vegna gríðarlegra eigna sinna gagnvart Landsvirkjun um leið og ég hvet ríkisstjórnina til að hafa gott eftirlit með þessu fyrirtæki landsmanna allra.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

Staða umhverfismála í Kópavogi

UMRÆÐAN

Umhverfismál

Það verður seint sagt að umhverfismálum sé gert hátt undir höfði í bæjarstjórn Kópavogs. Umhverfisráð undir forystu Sjálfstæðisflokksins virðist þar vera upp á punt og þótt reglur geri ráð fyrir að ráðið fundi tvisvar í mánuði hefur það einungis fundað einu sinni frá áramótum. Þó ber umhverfisráði að fylgjast með gerð skipulagsáætla og verulegum breytingum á þeim og gefa bæjarráði umsögn um þær áður en lokaafgreiðsla fer fram. Eins skal umhverfisráð gefa umsögn áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi í Kópavogi. Allar framkvæmdir í landi Kópavogs, sem stofnað geta í hættu umhverfi í bæjarlandinu, skulu háðar umsögn umhverfisráðs.

En þrátt fyrir að skipulagsbreytingar í Kópavogi skipti hundruðum á ársgrundvelli er umfjöllun umhverfisráðs í skötulíki. Þannig hafa skipulagsbreytingar og meiri háttar ákvarðanir runnið í gegnum bæjarstjórn án umsagnar umhverfisráðs. Ný lönd hafa verið brotin undir byggð í Kópavogi, vatnsverndarmörk verið flutt til og síðast en ekki síst má m.a. nefna að stærstu



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

skipulagsbreytingar bæjarins fyrr og síðar, þ.e. byggð í Gláðheimum, hafa runnið í gegn án umsagnar umhverfisráðs bæjarins.

En núna nýlega mátti þó sjá tilgangsleysi umhverfisráðs í Kópavogi þegar skipuriti bæjarins var breytt og nýr sviðsstjóri skipulags- og umhverfis-

sviðs var ráðinn án auglýsingar og umsagnar umhverfisráðs. Umhverfissvið er reyndar ekki til í Kópavogi nema þá hugsanlega í einhverri skúffunni á bæjarstjórninni. En þegar umhverfisráð loksins fékk málið til umsagnar var búið að samþykkja ráðningu sviðsstjórans, auglýsa breytt skipuriti á heimasíðu bæjarins og nýr sviðsstjóri umhverfissviðs hafði þegar tekið til starfa og sat fund umhverfisráðs þegar starfslýsing og hugsanleg ráðning hans var til umfjöllunar!

Sorgleg staðreynd því af öllum sveitarfélögum landsins er líklega mikilvægast að Umhverfisráð Kópavogs standi í stykkinu og standi vörð um náttúru bæjarins sem stöðugt vikur fyrir steinsteypu.

Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

NÝTT
í Hagkaupum

Morane®

Bolir 1.999.-
Buxur 3.999.-

OPIÐ
til 20
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HOLLT FYRIR BÖRNIN

Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennir foreldrum að búa til næringarríkan mat handa börnum sínum úr alls konar ávöxtum, grænmeti, korni og fræjum.

MATUR 2



SMÁBÍLAR

Eigendur smábíla þurfa ekki að eyða eins miklu í bensín auk þess sem þeir geta í sumum tilfellum fengið frí bílastæði í miðborginni.

BÍLAR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

THULE[®] SWEDEN

SKÍÐABOGAR

Allar upplýsingar um **THULE** er að finna á vef Stillingar www.stilling.is



Elín að störfum í eldhúsinu ásamt húsbóndanum á heimilinu, Sigurbirni Dúa Baldvinsyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Saðsamt páskasalat

Elín Sigurðardóttir rope yoga-kennari veitir uppskrift að ljúffengu og næringarríku kjúklingsalati fyrir fjóra til sex.

Elín Sigurðardóttir, íþróttifræðingur og rope yoga-kennari, spáir mikið í mataræðið, ekki bara hvað hún setur ofan í sig heldur hvernig maturinn er borðaður. „Ég hugsa meira um hvernig ég nær mig og hvað er nært. Borða matinn rólega og tyggi hann vel til að fá súrefni, sem er forsenda þess að melting aukist og maður vinni betur úr matnum. Svo blessa ég matinn í stað þess að bölvu honum eða borða með samviskubiti, í skömm og ótta og er ekki að gera þúsund aðra hluti í leiðinni. Fáir maður samviskubit verður sam-

dráttur í líkamanum og maður vinnur síður næringarefni úr fæðunni. Ég nær mig með hreinum ásetningi,“ segir hún.

Elín fer eftir jóga-hugmyndafræði sem hún kennir í eigin jóga-setri í Hafnarfirði og er þeirrar skoðunar að borði menn af ást og umhyggju leiti þeir sjálfkrafa í næringarríkari fæðu. Hún hvetur fólk til að velta því fyrir sér yfir páskana þegar flestir sleppa af sér beislinu í mataræðinu og eru ef til vill uppfullir af sektarkennd fyrir vikið.

Á síðu tvö er uppskrift að saðsömu kjúklingsalati fyrir fjóra til sex, sem Elín mælir með handa þeim sem vilja hafa bæði ljúffengan og næringarríkan mat yfir páskana.

roald@frettabladid.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnigata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

512 50 50

Auglýsingasími

ENGIN AUKAEFNI + NÁTTÚRULEGAR VINNSLUADFERÐIR = HREIN GÆÐAVARA!



MALDON SJÁVARSAÐ Þekktja allir: frábært í alla matargerð!



MALDON LÍFRÆNN SVARTUR PIPAR: ferskleikinn og bragðgæðin svikja engan!



MALSON REYKT SAÐ: lúmskt reykt bragð bætir fágun við þinn uppáhalds rétt

allt

matur o.fl.

Salthnetur henta vel sem snakk yfir sjónvarpinu á föstudagskvöldum. Betra er þó að kafa varlega í skálina því salthnetur innihalda margar hitaeyningar.



Tjáðu þig!

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

FRÉTTIÐ/VILHELM



Ebba Guðný kennir foreldrum að búa til næringarríkan mat handa börnunum sínum hjá Manni lifandi í næstu viku.

Næringarríkur matur fyrir börn

Ebba Guðný Guðmundsdóttir höfundur bókarinnar Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? verður með námskeið hjá Manni lifandi í næstu viku.

Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða? er heiti námskeiðs um hvernig á að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn frá sex mánaða aldri og haldið verður hjá Manni lifandi Borgartúni 24 miðvikudaginn 19. mars frá klukkan 20.00 til 22.00.

Á námskeiðinu verður farið yfir

hvaða fæðutegundum er gott að byrja á og hvenær og kennt að meðhöndla og búa til rétti sem innihalda meðal annars ávexti og grænmeti, þurrkaða ávexti, heilt korn eins og quinoa, hirsí, hafra og spelt, baunir, kaldpressaðar olíur, möndlumauk og sesammauk og möndlur og fræ.

Námskeiðið nýttist einnig vel þeim sem eru með eldri börn og nýjar uppskriftir og fróðleiksmolar fylgja með. Skráning fer fram á á netfanginu ebbagudny@mac.com.

- eö

Uppskrift Elínar

KJÚKLINGASALAT FYRIR FJÓRA TIL SEX

150 gr frisé-salatblanda
100 gr spínat
1 gul paprika skorin í strímla
½ rauðlaukur, skorinn í þunnar sneiðar
250 g kokkteiltómatar, skornir í tvennt
¼ ferskur ananas, brytjaður niður
1 lárpera (avocado) skorin niður
100 g/1 dós valhnetur
3 msk. hrásýkur
1 msk. olía
4 kjúklingabringur, skornar í strímla
3-4 msk. hoisin-sósa
sesamfræ

Aðferð:

Bræðið sykur í olíu á pönnu. Setjið hnetur út í og ristið við vægan hita. Látið kólna í smástund á pönnu. Steikið kjúklingabringur, hellið hoisin-sósu yfir og stráið sesamfræjum loks yfir. Setjið salat í stóra skál. Sker-ið niður papriku, rauðlauk, tómatu, ananas og lárperu og blandið saman við salatið. Stráið ristuðum valhnetunum yfir og setjið kjúkling ofan á. Bætið út í olíu, fetaosti, balsamikediki eða balsamiksírópi eftir smekk. Stráið loks smá pipar yfir salatið.



PLAYERS

K Ó P A V O G U R

EUROBANDIÐ

Föstudagurinn 14. mars

Eurobandið á PLAYERS Kópavogi föstudagskvöldið 14. mars, Eurobandið með Regínu Ósk, Friðriki Ómari og Grétari Örvars í broddi fylkingar sjá um því líkt stuð með því m.a. að leika öll bestu Eurovisionlög allra tíma.

DALTON

Laugardagurinn 15. mars

Dalton á PLAYERS Kópavogi laugardagskvöldið 15. mars, ein allra heitasta hljómsveitin í dag heldur uppi brjáluðu stuði fram á nótt. Láttu sjá þig, útrætt mál.

www.players.is

Upplagt fyrir hópa, stóra sem smáa að njóta fráberrar kvöldstundar með góðum mat og skemmtun.

Borðapantanir í síma 544 5514 eða sendið fyrirspurn á players@players.is

TUBORG
THE FUN STARTS HERE
Léttöl 0,0%





Sparnaður í smábílum

Nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum vaxa fjárufláttin mörgum í augum þegar þeir gera séró ferð út á bensínstöð til að deila bensíni á bílinn.

Eigendur smábíla finna ekki eins mikið fyrir svimandi háu bensínverði og eigendur stærri bíla þar sem þeir komast tölvvert lengra á tanknum. Smábílar hafa einnig þann möguleika að geta fengið umhverfisstimpil hjá Reykjavíkurborg sem veitir þeim rétt á ókeypis bílastæðum í miðborginni. Því er óhætt að segja að smábíla-eigendur spari peninga með minni bensín- og bílastæðakostnaði.

mikael@frettabladid.is



Volkswagen Fox er lítil en hefur mikið innrými. Fox er sannur borgarbill.



Peugeot 107 auðveldar lífið í borginni. Kemst í öll þröng stæði og afar eyðslugrannur.



Ford Fiesta er flottur innanbæjarbill og hefur mikið og gott innrými. Fiestan eyðir litlu og eigendur hans fá frítt í stæði.



Toyota Aygo frá Toyota er snarpur og skemmtilegur bill. Aygo er rúm- betri en margir halda og kemur skemmtilega á óvart. Eyðslan er með minnsta móti.



Hyundai Getz er lipur og öruggur bill. Hann er mjög hagkvæmur í akstri og öryggishlutir bílsins eru margir.

VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?
VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!
BÓKLEGT BIFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!
www.ekill.is

ekill

www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

ÚTSALA HEILSÁRSDEKK
Ath! takmarkað magn

NordMaster

Dekk	Stærð	Áður	Tilboð
NordMaster ST	13" 175/70R 13	5.990,-	3.990,-
NordMaster ST-310	14" 185/65R 14	6.900,-	4.900,-
NordMaster ST	15" 195/65R 15	7.990,-	5.990,-
NordMaster ST	15" 205/65R15	8.600,-	7.600,-
NordMaster ST	15" 205/70R 15	8.900,-	7.900,-
NordMaster ST-310	16" 205/55R 16	9.990,-	8.900,-

Jeppaferðin hefst hjá okkur

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is

INNO farangursbox Streambox 714
Verð kr. 39.900

Come up Dráttarspil 9.500i 12v
Verð kr. 98.100

INNO skiðafestingar fyrir 6 skiðapör, rail slider
Verð kr. 14.900 settið.

Loftdæla Vair 440P í tösku
Verð kr. 27.900

INNO toppgrindarbogar
Verð kr. 13.820

Drullutjakkar 60"
Verð kr. 10.900

Álböx í mörgum stærðum
Verð frá kr. 9.600

Arctic Trucks, Kletthálsi 3, 110 Reykjavík

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
 Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnigata 1, 600 Akureyri
 Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílabankinn



MMC Pajero. Árgerð 2007, ekinn -1 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.900.000. Bílabankinn S. 588 0700.



Hyundai H-1. Árgerð 1998, ekinn 120 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. 100% lán í allt að 59 mánuði Bílabankinn S. 588 0700.



Nissan Terrano II. Árgerð 1998, ekinn 37 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 750.000. Ekkert út fyrsta afborgun 3 má afb 22 þús Bílabankinn S. 588 0700.



Subaru Legacy Wagon GL 4WD árg. 1999 ekinn 115 þús. Toppentak, tveir eigendur. Verð 750 þús. kr.



Dodge Caliber SXT. Árgerð 2006, ekinn 11 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Bílabankinn S. 588 0700.



Hyundai H-1 9 MANNA. Árgerð 2003, ekinn 114 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Bílabankinn S. 588 0700.



Toyota Land Cruiser 120. Árgerð 2006, ekinn 70 þ.km, Diesel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Bílabankinn S. 588 0700.

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Bíla- & vélasala Borgarnesi
S:437-1200 www.geisli.com



Nýr Hiace dísel, 4wd, verð 2.350 þ.+vsk. einnig Hiace dísel, 4wd 4/06 ek. 39 þús verð 1950þ+vsk. Ath skipti á eldri bílum. Bíla-og vélasalan Borgarnesi 437 1200 www.geisli.com



Vantar allar gerðir og árgerðir af bílum og vélum á skrá. Bíla-og vélasala Borgarnesi www.geisli.com sími 437 1200.

Bílasalan Geisli ehf
Fitjum 2, Borgarnes
Sími: 437 1200
www.geisli.com

Arnarbílar
www.arnarbilur.is

Vetrar tilboð !!



Vetrartilboð - 300 þ. kr. afsláttur
MMC Galant GLSi/Sedan, árg. 1999, sjálfsk. Verð 790 þ. Tilboð 490 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilur.is nr: 111048 S. 567 2700.



Vetrartilboð - 400 þ. kr. afsláttur
Kia Sportage árg. 7/2005, ek. 61 þ. km, 2.7L Sjálfskiptur. Verð 2.390 þ. Tilboð 1.990 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilur.is nr: 120472 S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfahlöf 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



Skoda Octavia Ambiente árg. 2005. Ek. 40 þús.km. Bsk., fjarlægðarskynjarar, Hiti í sætum og fl. Verð 1690 þús.kr. Áhv.1460 þús. kr.

Bílar til sölu



Vw Golf 1.6 Comfourtline. Árg 09/00. Ekinn 170 þús. Cd, filmur, álfelgur. Nýskoðaður 09". Ásett 590 þús. Fæst á yfirtöku á 400 þús. kr. láni (18.500 á mánn) + 50 þús. út. Uppl. í s. 848 0944.



Hyundai H1 '00 diesel, ssk., 9 manna. Ek. 334 þ. Toppentak. Verð 550 þ. stgr. S. 899 8111.

Breiðan ehf
821-6292



Chevrolet Suburban LT árgerð 2007, ekinn 14 þús., 8 manna, 4x4, bensín, leður, og mikill aukabúnaður, verð kr. 5.950.000,- 821-6292



VW Transporter pick-up árgerð 2002, diesel, TDI, ekinn 130 þús., nýleg timareim, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.290.000,- m.vsk., 821-6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292



Toyota Avensis S/D EXE 2.0.ssk,ek. 75 þús,leður,dökkar rúður,sumard á álfelg,vetrad á felg,vel með farinn,verð 2090 þús,áhv 1700 þús.uppl í S:8982844



Nýr 38" LC120
2008 model óekinn, gyltur, læsingar f+a 4,88:1 drifhlutföll, spoiler, beisli, filmur ofl uppl. í s. 894 4144



Ford 350 Lariat árg. 2005, skráður okt. 2004. Ekinn 93 þ.km, diesel, pallhús. Verð kr. 2.060.000 + vsk. Uppl. í s. 897 2272.



Hyundai H1 '00 diesel, ssk., 9 manna. Ek. 334 þ. Toppentak. Verð 550 þ. stgr. S. 899 8111.



Crysler Town and Country Limited '99. Ek. 154 þ. Bill hlaðinn aukabúnaði. Tppentak. Verð 880 þ. stgr. S. 899 8111.



Mjög fallegur Yaris Diesel árg. 2006. Ekinn 17 þús.km. V. 1.750 þús. ekkert áhv. Uppl. í s. 665 8052.



Scoda Octavia árg. '04 ek. 78 þ. 0 Kr út. Yfirtaka á láni aðeins. 18 þ. á mánn. S. 690 0758 & 565 9618.



Glæsilegur Audi A6 3.2l. Árg. '07 Ekinn 20 þ.km. Ekkert áhv. Hlaðinn aukahlutum, 250 hö, 19" tommu felgur. Ný sumar- og vetrard. fylgja. Uppl. í s. 665 8052.



Nissan Micra árg. 10.06 ssk. Sumar/ vetrardekk. Ek. 3600 km. Sparneytinn og góður bill. Uppl. í s. 896 1339.



Bens sprinter 316 árgerð '05, ekinn 47þús., hann er 4x4 á nýjum dekkjum. Öllumistöð og fl.verð 5,2 milljónir. S. 693 9940, Gylfi.



VW TOUAREG V6 - vinnuður gressvagn 2006 árgerð



EINSTAKT EINTAK AF EÐAL JEPPA !
Land Rover Discovery 3 Hse 4x4 . Ekinn aðeins 18þ.km! Nýskráður 06.2005. 7 manna. Fullorðins aukasetti fellanleg ofan í gólf. Hse er flottasta útgáfan . Eyðsla 15L í blönduðum akstri. Leðurinnrétting. Glerbak og sóllúga. Magnað Harmon Kardon hljómkerti. 19" álfelgur. Rafmagn, minni og hiti í sætum. Bakskynjari. Hvít stefmiljós. Loftþúfaþöðrun sem má hækka og lækka , ofl , ofl . Yfirburða aksturseguleikar og torfæruháefni ! , Skiptaverð er 5.7 milljónir. Staðgreiðsluverð er lægra. (Nývirði rúmar 9 milljónir), Magnað ökutæki ! , Ný 19" aukadekk fylgja , Öll skipti athuguð , helst ódyra. Uppl í síma 663-2430

Volvo 740 '88 eðalbill fortíðarinn eftir 5 ár. S. 661 2372.

Mitsubishi - L 200. Skráður 09/2003. Ekinn 27000 km. Sjálfskiptur, með pallhúsi og dráttarkrók. Vel með farin. Enginn skipti. Verð kr.1.990.000. Uppl. í síma 892 0224.

0-250 þús.



VW polo árg 98"til sölu fallegur og góður bill ekin 128 þúsundkm nýskoðaður verð kr 190 þúsund stgr. uppl í síma 8204640.



Opel Astra ek 157 þ. Vetrar og sumardekk. Bill í góðu ástandi! Verð 170 þ. S. 697 6556.



Til sölu Cherokee árg. '87. Finn bill, topp viðhald. Verð 110 þ. Einnig Yamaha XJ 600. Árg. '93. Verð 200 þ. Uppl hjá Árna í s. 868 0910.



Daihatsu Cuore árg. '99, ek. 111 þús, ssk. Góður snattari. V. 160 þús. Uppl. í s. 863 8817.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

FÖSTUDAGUR

14. MARS 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS

ANDREA RÓBERTS

keypti brjóst í
staðinn fyrir kjól

RÓBERT WESSMANN

selur fjallatrúkkinn

Ásdís Olsen og Kolfinna Bald-
vinsdóttir blómstra á skjánum

Hrista upp í þjóðfélagsmæðunni



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Davíð Þór Jónsson
tónlistarmaður

„Ég er að spila í leikritinu Baðstofunni sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu á föstudags- og laugardagskvöld. Síðan er mér boðið í veislu til stórvinar míns Sigurðar Guðmundssonar í Hjalmlum sem heldur upp á þrjátíu ára afmæli sitt á laugardagskvöldinu með nautasteik og tilheyrandi. Á sunnudeginum er ráðgert að ganga upp á Skjaldbreið ef veður leyfir og reyna að slaka eitt-hvað örliði á.“



Júniform stækkar um helming

Birta Björnsdóttir, fatahönnuður og eigandi Júniform, ætlar að flytja fyrirtækið frá Hverfisgötunni yfir í Ingólfsstræti 8. Við þetta stækka fyrirtækið um helming. „Það er búið að standa til lengi að stækka við okkur því húsnæðið á Hverfisgötu var alveg að springa utan af okkur,“ segir Birta en hún er búin að vera önnur kafin við að klæða skvísur landsins upp á sinn smekklega hátt og hefur varla undan að framleiða fatnað. Með flutningnum verður úrvalið meira og betri aðstaða fyrir starfsfólkið. Hún vill þó alls ekki breyta stemningunni sem hefur ríkt og vill hafa saumastofuna í búðinni svo kúnninn geti fylgt með því sem er að gerast. Hún segist hafa verið himinlifandi þegar hún hnaut um Ingólfsstrætið því hún hafi ekki viljað vera á Laugaveginum og svo er þetta afar stutt frá heimili hennar. „Þetta húsnæði hefur svo marga góða kosti. Það er fallegt, hjart og opið og svo eru miklu fleiri bílastæði á þessum stað,“ segir Birta sem stefnir á að opna nýja Júniform verslun í byrjun maí. Hægt er að skoða hönnu Birtu á juniform.net.

- MMJ



fréttir

Keypti tiskuferð á UNIFEM- uppbóði

Halla Rannveig Halldórsdóttir, eiginkona Pálma Haraldssonar í Fons, styrkti hressilega við bakið á UNIFEM þegar hún keypti tiskuferð til Parísar á uppbóðinu á Fiðrilda-hátíðinni. Það er ekki ljóst hvenær farið verður í tiskuferðina en stílistinn Agnieszka Baranowska mun leiða Höllu Rannveigu og vinkonur hennar um gósenland Parísarborgar, hvar hægt er að gera bestu og smörtustu kaupin og hvaða fót þær eigi að kaupa. Hingað til hefur Halla Rannveig verið smart klædd en lengi má gott bæta. Hún og vinkonur hennar eiga án efa eftir að koma finar úr ferðinni en Agnieszka þykir einn flottasti stílisti landsins.



Penur raddböndin

Ofurbloggarinn og spámaðurinn Elly Ármann fer óhefðbundnar leiðir við að kynna hinn endurbætta vef, spámaður.is. Í vikunni fréttist af henni í stúdíói þar sem hún söng spámannslagið inn á disk ásamt hljómsveit. Ekki er vitað til þess að Elly hafi þanið raddböndin og brostið í söng opinberlega en það er greinilegt að henni er ekkert óviðkomandi. Spurning hvort hún gefi út plötu fyrir jóln. Hver veit?

FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@365.is
Forsíðumynd Arnþór Birkisson
Útlitshönnun
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
Auglýsingar Guðný Gunnlaugsdóttir
gunnyg@365.is sími 512 5462
Föstudagur Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

Actavis-forstjórinn Róbert Wessman selur risajeppa

Jöklajeppinn falur á 13 milljónir

Þeir gerast ekki öflugri en þetta,“ segir Jóhann Ingi Magnússon hjá Bílabúð Benna. Auglýsing frá bíla-
umboðinu í Fréttablaðinu í gær vakti athygli margra. Þar var boðinn til sölu Ford F-350 Harley Davidson-jeppi á 49 tommu dekkjum sem eru þau stærstu sem fyrirfinnast. Ásett verð er 12,9 milljónir króna. Fjallað var um þennan athyglisverða fararkost í Sirkus í fyrri-
sumar, en hann er í eigu Róberts Wessman, forstjóra Actavis.

Jeppinn er 485 hestöfl og er aðeins ekinn sex þúsund kílómetra. Hann er hlaðinn aukabúnaði, til dæmis aukarafkerfi, GPS-tæki, bakmyndavél, kösturum, sérstyrktri framhásingu, Playstation-tölvu og 17 tommu skjáum fyrir aftursæti bílsins. Tveir dekkjagangar fylgja með í kaupunum, 44 tommu og 49 tommu.

Þegar rætt var við Jóhann hjá Bílabúð Benna um hádegisbil í gær höfðu engin tilboð borist í bílinn. Hann sagði hins vegar að þó nokkrir hefðu komið til að virða hann fyrir sér. „Svo lifnar þetta alltaf við þegar líður á daginn,“ sagði Jóhann.

Ekki náðist í Róbert Wessman í



Jeppi Róberts er til sölu hjá Bílabúð Benna. Dekkin eru 1,24 metrar á hæð.

gær til að spyrja hann um ástæðu sölunnar. Í viðtali við Sirkus á síðasta ári sagðist hann hafa keypt jeppann til að fara í jöklaferðir um helgar. Jeppinn væri ekki beint

vel fallinn til innanbæjaraksturs. „Beygjuradiusinn er mjög stór,“ sagði Róbert. „Ég ákvað að fara alla leið fyrst ég var að þessu á annað borð,“ sagði Róbert enn fremur.



Róbert Wessman, forstjóri Actavis, hefur sett risajeppa sinn á sölu. Bíllinn er á 49 tommu dekkjum og kostar 12,9 milljónir.

ANDREA RÓBERTS STYÐUR VIÐ BAKIÐ Á UNIFEM

Keypti brjóst í staðinn fyrir kjól

Mér finnst eitthvað skemmtilegt og fallet við brjóst. Það er oft búið að hlutgera konur en þetta brjóstauppbóð var annars eðlis,“ segir Andrea Róbertsdóttir þáttastjórnandi en hún vakti mikla athygli á brjóstauppbóðinu sem haldið var til styrktar UNIFEM síðasta föstudag í Saltfélaginu. „Hugmyndin í kringum uppbóðið var mjög vel heppnuð. Í fyrsta lagi markmiðið að gefa brjóst, gefa líf sem mér þykir svo myndrænt, og falleg tilhugsun, í annan stað leiðin sem var farin að markmiðinu en það var að fá Vatnadamsmeyjafélagið Hrafnhildi í samstarf til að safna í sjóð UNIFEM,“ segir Andrea og bætir því við að þær stöllur hafi slegið í gegn. Alls mættu í kringum þrjú hundruð manns á uppbóðið og var keppt um að bjóða í brjóstin, sem voru hvert öðru fallelgra, en Andrea var þar enginn eftirbátur. „Ástæðan fyrir því að ég bauð í brjóst er sú að ég er í stjórn UNIFEM. Ég ákvað að sleppa því að kaupa mér dress fyrir Fiðrildakvöldverðinn sem haldinn var í Frímúrahöllinni á laugardagskvöldinu og lét féð frekar renna í styrktarsjóð UNIFEM,“ segir Andrea, sem kom heim nokkrum brjóstum ríkari. „Brjóstin eru algjör listaverk. Ég er búin að hengja nokkur upp á



Andrea Róberts



Brjóstauppbóðið fór fram í Saltfélaginu

vegg, hef notað eitt þeirra sem nælu og er farin að spá í að nota þau sem hárskraut og jafnvel að búa til eyrnaskjól úr þeim,“ segir Andrea að lokum og bætir því við að enn sé hægt að nálgast trylltar túttur í Saltfélaginu.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

12 LITIR Á FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐI



INSPIRON™ 1525

INSPIRON 1525 INTEL® CELERON® FARTÖLVA
109.900 kr.
88.273 kr. án VSK

Intel® Celeron® örgjörvi 540, 1,86 GHz
(1MB L2 cache, 533 MHz FSB)
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
1,5GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni
(1x1024MB+1x512MB)
80GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
Innbyggð 2,0 megapíxla myndavél
Microsoft Vista™ Home Basic
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

INSPIRON 1525 INTEL® CORE™2 DUO FARTÖLVA
144.900 kr.
116.386 kr. án VSK

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7250, 2,0 GHz
(2MB L2 cache, 800 MHz FSB)
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
2GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni
(2x1024MB)
160GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
Innbyggð 2,0 megapíxla myndavél
Microsoft Vista™ Home Premium
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu



HD SKJÁR • MEDIADIRECT • INNBYGGÐ 2,0 MEGAPIXLA VEFMYNDAVEL • WI-FI CATCHER

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk, og gildir meðan birgðir endast.
Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um
prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside,
Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro,
Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon,
and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other
countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered
trademarks or trademarks of Dell Inc.



DELL™
YOURS IS HERE

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R. Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 //
Tölvu- og rafeindapjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 //
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Nethéimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 //
Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 //
Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300 //
Tengill ehf. / Aðalgötu 24, Sauðárkrúkur / 453 5519



Íslenskar konur í Marie Claire

„David Oldfield ljósmyndari hafði samband við mig og bað mig um aðstoða sig við að taka myndir af íslenskum stelpum fyrir Ameríska Marie Claire,“ upplýsir Dröfn Ösp Snorradóttir, verkefnastjóri hjá auglýsingastofunni Fítón, en David sem er breskur tískuljósmyndari er kunningi hennar. „Í hverju tölu- blaði tímaritsins er myndabátt-



Dröfn Ösp Snorradóttir

ur sem heitir „Beauty around the world“ en myndirnar sem David tók eru fyrir þann hluta blaðsins. David hefur oft myndað fyrir Marie Claire og önnur tískutímarit en hann er búsettur hér á landi þar sem hann á íslenska kærustu,“ segir Dröfn. David ræddi hugmynd sína við hana fyrst fyrir um ári en lét nú verða af því að framkvæma hana. „Við fórum í bæinn og völdum 20 stelpur af handahófi á aldrinum 18-35 ára. Þetta voru þó engar lufsur í flíspeysum og sandölum heldur flottar íslenskar stelpur sem okkur fannst á einhvern hátt endurspeglar íslenska tísku og það sem er í gangi hér,“ segir Dröfn og bætir því við að það hafi verið lítið mál að fá konurnar til að vera með í myndatökunni um leið og nafn tímaritsins Marie Claire var nefnt á nafn. „Af þessum tuttu konum velur David tíu myndir til að senda út og síðan velur ritstjórn Marie Claire þær myndir sem að verða birtar í blaðinu en líklegast verður þetta birt í blaðinu sem kemur út í júní,“ segir Dröfn að lokum.

Skyldulesning fyrir alla

Bókin Frjáls eftir Ayaan Hirsi Ali er komin út í kilju. Sagan er sjálfævisaga Ayaan sem flúði kúgun og harðræði í Sómalíu en hún er ævintýri líkust. Henni tókst að breyta veröldinni með hugrekki sínu. Bókin hefur hlotið mikið lof. Ef þú ert ekki búin/n að lesa hana skaltu gera það um helgina.



Felix Bergsson slappar af á ströndinni í Trínídad.

Felix Bergsson snýr aftur úr löngu ferðalagi

Kynnir á faraldsfæti

Felix Bergsson verður kynnir á íslensku tónlistarverðlaununum sem fram fara í Borgarleikhúsinu á þriðjudaginn. Þetta er þriðja árið í röð sem Felix er kynnir á hátíðinni og henni verður að vanda sjónvarpað í beinni á RÚV. Felix hefur verið á faraldsfæti síðustu mánuðina og er nýkominn heim.

„Ferðalögin tengjast því að Baldur Þórhallsson maðurinn minn er í rannsóknarleyfi frá Háskóla Íslands og hefur notað tækifærið til að halda fyrirlestra og sitja ráðstefnur úti um allan heim,“ segir Felix. „Ég fer með og hef unnið efni í hverju landi fyrir þáttinn okkar Guðrúnar Gunnars á Rás 2.“

Felix og Baldur hafa farið víða. „Við vorum í London og París í janúar og ég var í beinni frá franska ríkisútvarpinu. Það var mjög gaman að kynnast því batteríi. Svo fórum við mikla ferð til Mið- og Suður-Ameríku. Heimsóttum Venesúela, Kostaríka og eyj-

una Trínídad. Þetta eru fátæk lönd og gífurlega mikil misskipting. Hugo Chavez er náttúrulega að gera allt vitlaust í Venesúela. Það var hálf gert sjókk að koma þarna; spjöld af honum úti um alla borg og nú er hann að hóta stríði við Kólumbíu til að reyna að auka vinsældir sínar. Það reyndi mjög á sósíalíska genið í manni að vera þarna.“

Felix er spenntur fyrir Íslensku tónlistarverðlaununum. „Maður er alltaf jafn gáttaður þegar lítið er yfir útnefningarnar og maður sér hvers lags veisla íslenskt tónlistarlíf er,“ segir hann.

Daginn eftir afhendingu tónlistarverðlaunanna þýtur Felix svo af landi brott og nú til Kína. „Ég hef aldrei komið þangað áður og hlakka mikið til. Við ætlum til Xian, Shanghæ og Peking þar sem Baldur situr ráðstefnu. Þetta verður mikið ævintýri og ég leyfi hlustendum Rásar 2 að fylgjast með. Jafnvel í beinni frá Kína.“

Topp SKÍFULISTINN 20

Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og versunum BT út um allt land.

Listinn gildir 8-15. Mars 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

1	Lay Low	Ökutímar - tónlist úr leikriti
2	Ýmsir	Femin 2008
3	Jack Johnson	Sleep Through The Static
4	Eric Clapton	Complete Clapton
5	Mugison	Mugiboogie
6	Led Zeppelin	Mothership
7	Nick Cave	Dig, Lazarus Dig
8	Sigur Rós	Hvarf / Heima
9	Bloodgroup	Sticky Situation
10	Sprengjuhöllin	Tímarnir okkar
11	Poetrix	Fyrir lengra komna
12	Páll Óskar	Allt fyrir ástina
13	Gus Gus	Forever
14	Ýmsir	Pottþétt 45
15	Ýmsir	Íslandslög 1-5
16	Lay Low	Please Don't Hate Me
17	Álftagerðisbræður	Tvitugir
18	ELO	Out Of The Blue
19	Ýmsir	Step Up 2
20	Velvet Underground & Nico	Velvet Underground & Nico

▲ Öfversköst | ▼ Lægst | ▲ Hæst | ▼ Lægst

VINSÆLASTA DVD

1	Næturvaktin
2	Astrópla
3	Shoot'em Up
4	Superbad
5	Skoppa og Skrittla 2
6	Bourne Ullímatum
7	Ratatouille
8	Jungle Book - Ísl.tal
9	Hákarlabelta
10	Nancy Drew: The Mystery
11	I Now Pron. You Chuck & Larry
12	Mr. Brooks
13	The Long Kiss Goodnight
14	Charlottes Web
15	Meet the Robinsons
16	The Wild
17	Simpsons The Movie
18	TMNT (2007)
19	Lincence To Wed
20	Bring It On - In it to win it





ÖRFÁ SÆTI LAUS

DSW Plastic Chair 1950

HÖNNUÐUR
CHARLES EAMES

TILBOÐSVERÐ Á SVÖRTUM OG HVÍTUM
29.900 KR.

 **SALTFÉLAGIÐ**

HEIMILIÐ ER HEILAGT



Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

Te & kaffi opið alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

fatastíllinn

Berglind Ómarsdóttir, hönnuður og klæðskeri

1 Hárskrautið er frá Helgu Rún Pálsdóttur hattagerðarkonu. Mjög hentugt þegar hárið er ekki að gera sig.

2 Þessa peysu keypti ég í Urban Outfitters í í Kaupmannahöfn.

3 Kjóllinn er úr Urban Outfitters í Kaliforníu. Ég nota hann við skemmtileg tækifæri, er í leggings við.

4 Berglind í eigin hönnun. Þennan kjól gerði ég fyrir árlegt parti hjá Óla Bogga vini mínum en hann er í miklu uppáhaldi hjá mér.

Veik fyrir flottum efnum og fallegum formum

Berglind Ómarsdóttir rekur fyrir-tækið Kjöll og klæði en hún var valin klæðskeri ársins árið 2007. Hún hefur líflegan og fallegan fatasmekk en um þessar mundir er hún önnur kafin við að sauma brúðarkjóra fyrir sumarið.

Ertu mikið fatafrík? „Mér finnst rosa gaman að fara í ný fót og þá sérstaklega eitthvað sem ég geri sjálf og er ánægð með. Ég fylgist líka mikið með hvað er í gangi í tískunni en ætli það

fari ekki eftir því hvernig þú skilgreinir fatafrík hvort ég er það eða ekki.“

Hvernig er þinn fatastíll? „Hann er breytilegur eftir árstíðum, skapi og tilefni. Dagsdaglega er hann frekar einfaldur og þægilegur. Fyrir finni tækifæri finnst mér gaman að klæðast fötum eftir mig sjálfa en ég get ekki skilgreint það í einhvern einn stíl.“

Hverju fellur þú alltaf fyrir? „Ég er veik fyrir flottum efnum og fallegum formum í fötum. Kápur og jakkar heilla mig líka oft.“

Uppáhaldslitapall-ettan? „Svart og rautt er mikið hjá mér sjálfri núna.“

Uppáhaldshönnuður? „Ég á engan sérstakan uppáhaldshönnuð. Öll flott hönnun er í uppáhaldi alveg sama hvaðan hún

kemur en það eru ótrúlega margir að gera mjög flotta hluti bæði hér innanlands og utan. En Vivian Westwood kemur fyrst í hugann ef ég þarf að nefna einhvern.“

Uppáhaldsverslun? „Urban Outfitters finnst mér skemmtileg.“

Mestu tískumistökin? „Ég fékk blað um daginn með 60 ára sögu Dior og var einhvern veginn allt flott nema Duran Duran-tímabilið þar sem ég var í essinu mínu. Þannig að ætli 80's séu ekki mestu tískumistökin horft til baka þótt þetta hafi þótt flott á þeim tíma.“

Verstu kaup sem þú hefur gert? „Átti það til að kaupa of oft skó sem pössuðu ekki, get ekki nefnt nein sérstök pör en þau voru nokkur. Þannig að mín verstu kaup eru of litlir skór.“

Bestu kaup sem þú hefur gert? „Fyrsta saumavélin mín sem ég keypti fyrir fermingarpeningana mína.“

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? „Mig dreymir um ferð til New York.“



Ný sending!

Full búð af nýjum vörum



MISS SIXTY

Kringlan s. 512 1732

nýr matsseðill

...og kroppurinn blómstrar

Tilboð fyrir 2
eða fleiri

TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU
FYRIR 2 EÐA FLEIRI

1295
krónur á mann
2590
krónur fyrir tvo

TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU
FYRIR 2 EÐA FLEIRI

1395
krónur á mann
2790
krónur fyrir tvo

Tilboð 1

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.

Tilboð 2

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.

SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI

Heilsuréttir Nings

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli. Án salts og sykurs.

- 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
- 64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
- 69. Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.



Við notum eingöngu kólesterólsnauda olíu í alla okkar steikingu og enga harða fitu. Við notum eingöngu LO SALT sem inniheldur 65% minna sodium en venjulegt salt. Við notum ekki MSG (verksmiðju framleitt bragðefni) í matargerð.

Við kappkostum að notast við lífrænt ræktað hráefni og högum innkaupum okkar í samræmi við það.

www.nings.is

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6
HLÍÐASMÁRA 12
OG VIÐ GULLINBRÚ
SÍMI 588 9899

Ásdís og Kolfinna kynntust þegar þær störfuðu hjá Ríkissjónvarpinu fyrir tíu árum. Sú fyrrnefnda sem ritstjóri unglingsþáttarins Ó og sú síðarnefnda í Dagsljósi. Í haust lágu leiðir þeirra saman á sjónvarpsstöð Ingva Hrafns Jónssonar, ÍNN, þar sem Ásdís var með viðtalsþátt en Kolfinna með þátt um innflytjendamál. Í jólaboði hjá Ingva Hrafni kom upp sú hugmynd að spinna þeim saman og gera þátt í anda „The View“ þar sem Whoopi Goldberg og Barbara Walters tala mjög opinskátt saman á sjónvarpsstöðinni ABC. „Persónulega hélt ég að þetta væri ekki hægt því ég taldi að Íslendingar gætu ekki tjáð sig opinberlega um sín hjartans mál en annað hefur komið í ljós,“ segir Kolfinna og segir að þær hafi langað til að brjóta upp þetta staðlaða viðtalsform. „Mér fannst vanta persónulega vinkla á viðtöl og langaði að bæta úr því. Og svo finnst mér allt í lagi að þáttastjórnendur hafi skoðanir og láti þær uppi og í raun réttlætismál að áhorfendur viti hvaðan við komum – það er hvort sem er ekki til neitt hlutleysi,“ segir Ásdís. Það hefur ekki farið framhjá þeim sem hafa horft á þáttinn að skoðanir þeirra skarast og þá verður fjör í settinu. Þær lögðu einnig upp með það að konurnar sem koma reglulega í þáttinn hefðu ólíkan bakgrunn, kæmu úr ólíkum geirum með ólík sjónarmið. Konurnar sem koma reglulega í þáttinn eru þær Ellý Ármanns, fyrrverandi þula, Björk Jakobsdóttir leikkona, Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður, Katrín Júlíusdóttir alþingiskona, Elísabet Jökulsdóttir skáld, Sigríður Klingenberg spákona og Guðrún Bergmann svo einhverjar séu nefndar. Auk þeirra koma reglulega aðrir gestir í þáttinn. Ásdís og Kolfinna segja að það sé ekki neitt mál að fá konur í þáttinn og það sem einkenni þessar konur er hvað þær eru sterkar. „Þær vildu allar vera með og hafa komið okkur skemmtilega á óvart því þær hafa verið miklu persónulegri en okkur grunaði í byrjun. Það myndast yfirleitt fráþær stemning í settinu og ósjálfrátt verða allar svo einlæggar og yndislegar,“ segir Ásdís en í þáttunum hefur margt athyglisvert komið fram. Guðrún Bergmann sagði frá því að hún hefði verið misnotuð þegar hún var sex ára, Elísabet Jökulsdóttir sagði að hún væri inni á geðdeild en hefði bara fengið leyfi til að skreppa og koma í þáttinn, Ellý Ármanns sagði frá því að henni hefði verið hafnað af föður sínum. Þegar hún fór að tala um það kom í ljós að Björk Jakobsdóttir hefði líka lent í því. Í einum þættinum sagði Kolfinna frá því að hún hefði stolið maskara í Bónus og svo mætti lengi telja.

Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir hafa vakið mikla athygli fyrir sjónvarpsþátt þeirra, *Mér finnst...*, á sjónvarpstöðinni ÍNN. Þær þora að tala um alla hluti og fá gesti sína til að opna sig upp á gátt. Þær sögðu Mörtu Maríu Jónasdóttur frá ást sinni á persónulegum vinklum í sjónvarpsþáttum.

Ekki hræddar við neitt



Brjóta múra

Þegar þær eru spurðar að því hvort þær fái aldrei bömmur eftir þáttinn segja þær svo ekki vera. „Jú, við erum vissulega að þenja mörkin og spyrja hvað má ræða og hvað ekki og þá hvers vegna. Mér finnst til dæmis sjálfsagt að spyrja alls konar spurninga og láta fólki eftir hvort og hvernig það svarar. Í einum þætti spurði ég stelpurnar hvort þær hefðu verið með konu. Kolfinna var sú eina sem svaraði játandi og fékk mikla athygli út á það í marga þætti,“ segir Ásdís. Kolfinna kippir sér ekkert upp

við þetta. Þær eru báðar einhleypar, en Ásdís er nýskilin við leikarann Karl Ágúst Úlfsson. Fyrr á árinu var sagt frá skilnaðnum á forsíðu Séð og Heyrt. Þær töluðu um skilnaðinn í þættinum sínum. „Það var ekki hægt annað,“ segir Kolfinna. Þær segja að þátturinn eigi að brjóta múra og þá séu þær sjálfar ekki undanskildar. Eru þið ekkert hræddar við að lenda á forsíðunni á Séð og heyrtr trekk í trekk þegar þið látið allt flakka? „Við nenum ekki að eyða lífinu í að vera hræddar og við erum alls ekki hræddar við að verða forðæmdar. Ég held að konurnar sem eru í þessu setti hafi heldur aldrei hræðst neitt slíkt. Þær eru fegnar að fá að taka þátt í því að brjóta niður þessa múra,“ segir Ásdís.

Algerlega óttalausar

Hvernig verður maður óttalaus? „Með því að fara á námskeið,“ segir Kolfinna og þær fara að skellihlæja því henni finnst Ásdís vera allt of dugleg við að sækja námskeið. „Hún þarf að fara á námskeið til að læra að vera til, hvernig hún á að verða hamingjusöm, hvernig hún á að fá það og allt þetta. En ég tel að hún geti komist að þessu öllu sjálf án þess að sækja námskeið. Því um leið

Besti tími dagsins: Kolfinna: Nóttin. / Ásdís: Morgnarnir eru ljúfir, hádeginn skemmtileg og kvöldin notaleg.

Líkamsræktin: Á.: Skokka, skíða og jóga. / K.: Reykjafjall – en ég bý við rætur þess.

Diskurinn í spilaranum: Á.: Tónlistin úr leikritinu Gosa sem dóttur mín syngur og leikur í. / K.: Klapa Crikvenica frá Króatíu.

Við hvaða aðstæður fáið þið gæsaþú: Á.: Þegar ég heyrir ljúfar sögur og tónlist sem hreyfir við mér. / K.: Þegar ég les um, sé eða verð vitni að því að réttlætun sé framfylgt.

Uppáhaldsmaturinn: Á.: Hreindýrasteikin hans Inga og gæsin hennar Rögnu. / K.: Mozzarella.

Hvað mynduð þið kaupa ef frúin í Hamborg gæfi ykkur milljón? Á.: Helgarferð til Barcelona fyrir mig og börnin. / K.: Hús yfir munaðarleysingjana í Líberíu.


Hvað langar ykkur í? Á.: Humm. Einhvern til að hugsa um mig því ég hef ekki tíma til þess sjálf þessa dagana. / K.: Ég skil ekki spurninguna.

Eftirminnilegasta sumarfríð: Á.: Vikudvöl með fjölskyldunni í Esalen, hippa-sumarbúðum á ströndvið San Fransískó. Þetta var ótrúleg upplifun. Stelpurnar tíndu avokadó af trjánum, mjólkuðu geitina og við horfðum á leðurblökurnar út um gluggann á kvöldin. / K.: Þegar ég lenti í byltingunni í Ekvador.

og þú ert komin á námskeið þá ertu komin í eitthvert hölf og mér finnst námskeið vera svolítið í ætt við sértrúarsöfnuði,“ segir Kolfinna.

„Kolfinna heldur nefnilega að ef maður heyrir eitthvað þá verði maður að taka það inn sem sannleika en ég er búin að fatta að ég get heyrt alls konar hugmyndir og viðhorf og svo sortera ég úr hvað ég fíla og hvað ekki,“ segir Ásdís. Aðspurðar hvað sé mesta kikkid við að vera með svona djarfan sjónvarpsþátt nefna þær laun-

in og fara að skellihlæja. „Þetta er skemmtilegri vinna en hvað annað,“ segir Ásdís en Kolfinna segir að kikkid sé kannski ákveðin þerapía. „Þegar ég kem út úr settinu er ég full af adrenalíni og til í allt. Við sitjum heilan klukkutíma, fjórar til fimm konur, og þú getur ímyndað þér hvernig það er. Þegar við förum úr settinu að loknum þætti er stundum eins og við höfum lokið sálfræðisessjóninni,“ segir Kolfinna og Ásdís bætir því við að hún hafi mikla þörf fyrir að spyrja spurninga um samfélagið.



Útsala - Útsala
Allir brúðarkjólur
á 50% afslætti

textil line

Laugavegi 101, sími 5521260



Frábær fermingargjöf

North Ice winter
útvistarfatnaður frá Finnlandi

Úlpa, buxur, tvenn nærföt, lúffur, húfa og trefill.
Allur Pakkinn á

kr **19,500.**

Skoðið úrval útvistar og
veiðifatnaðar á

www.icefin.is

Icefin Nóatúni 17
S. 5343177




heilsa og lífsstíll

FÖSTUDAGUR 14. MARS 2008

Aldrei of seint að
læra sundtökin!

Sundkennsla fyrir full-
orðna

BLS. 6



FRÉTTABLAÐ/ANTON

FRÉTTABLAÐIÐ

Preyrtist þú eftir langan vinnudag?



Lausnin gæti einfaldlega verið að skipta
reglulega um stellingar. Núna bjóðum við úrval
af hæðarstillanlegum rafmagnsskrifborðum.

Verð frá kr. 49.900

EG SKRIFSTOFU
HÚSGÖGN

Ármúla 22 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

www.skrifstofa.is

BRGOS 01372007

Eins og nýsleginn túskildingur á eftir

Japanska baðið er ný heilsulind sem opnuð hefur verið á Skúlagötu 40, Barónsstígsmegin. Mæðginin Ylva og Alexander Carlsson eiga það og reka.

„Ástæðan fyrir því að við fórum út í þetta ævintýri er sú að ég fór í japanskt bað fyrir 20 árum úti í London og gleymi því aldrei,“ segir Ylva og sýnir Spa- aðstöðuna sem þau hafa útbúið á Skúlagötunni. Þar er öllu haganlega fyrir komið. „Við rifum allt hér innan úr sem fyrir var og innréttuðum aftur,“ lýsir hún og kveðst hafa hannað staðinn sjálf, enda innanhússarkitekt að mennt. Athygli vekja falleg málverk víða. Þau eru eftir íslenska málara.

Í Japanska baðinu fær hver og einn nærföt, slopp og handklæði eftir þörfum. Fyrst er farið í skrub. Þar eru menn skúraðir upp úr salti og sápum og hita er komið í kroppinn. Eftir það er enn aukið á ylinn með því að stíga niður í 42 gráðu heita potta og ná í góða djúpslökun. Þaðan liggur leiðin á bekk eða dýnu á gólfi þar sem farið er í olíuburð og teygjur sem jafnast á við besta orkunudd að sögn Ylva. „Maður er eins og nýsleginn túskildingur í marga daga á eftir,“ fullyrðir hún sannfærandi. Andlits- og höfuðnudd er framkvæmt í stól og detox-meðferð er einn af möguleikunum. Það er fótabað sem sérstök sölt eru sett út í og virka vel til hreinsunar.

Að þessari hringferð lokinni er komið inn á lítinn en huggulegan veitingastað þar sem boðið er upp á íslenskt fæði af ýmsu tagi svo sem kjarngóða súpu úr kjöti og grænmeti, brauðbollur og kökur,



Gott er að fá sér hressingu eftir meðferðina í notalegum borðkróknum.



Hluti af Spa-aðstöðunni. Málverk eftir Mússu á veggjunum.



Ylva og Alexander Carlsson eiga og reka Japanska baðið sem gengið er inn í af bílastæði við Barónsstíginn.



Rafknúinn nuddbekkur er fyrir þá sem eru viðkvæmir í skrokknum og geta ekki lagst niður á gólf.



Hér er dásamlegt að dorma og slaka á. Eftir er að myndskreyta veggina.

nýpressaðan safe og búst sem búið er til á staðnum. „Ég tel heilsusamlegast fyrir fólk að borða sem fjölbreyttast og umfram allt að forðast megrunarkúra,“ segir Ylva og tekur fram að veitingastaðurinn sé opinn öllum hvort

sem þeir noti sér baðið eða ekki og afgreiðslutími sé frá 10 til 18. Blöð og tímarit liggja frammi um heilsu, lífsstíl og næringarfræði, meðal annars blöð sem birta nýjustu upplýsingar úr ýmsum rannsóknunum er varða heilsu karla.

Ylva segir Japanska baðið fyrir bæði kyn og allan aldur ef frá eru talin börn. Meðferðin tekur um einn og hálfan tíma og kostar 5.500 krónur. „Það segja mér allir að þetta sé alltof ódýrt en verðið þarf að vera þannig að það sé á

færi flestra að nota þjónustuna,“ segir Ylva og nefnir að þau mæðgin viti hvernig það sé að hafa lítið fé handa á milli. „Okkur langar að hafa þetta þannig að allir geti veitt sér að eiga hér góða stund.“

-gun



Griflur til að verja hendurnar við sippið, á hjólinu eða þegar lóðum er lyft. Útilíf kr. 1.900



Vatnið eða heilsudrykkur er nauðsynlegur í spriklinu. Útilíf 1.290



Hjólið hressir mann við á kvöldin. Markið kr.36.720



Útrásin sem boxið gefur er óviðjafnleg. Markið kr.13.900



Tíu kílóa lóð sem eru góð í svefnherbergið. Markið kr. 3.900

Spennandi heilsurækt heimavið

Heimaleikfimi er heilsubót. Fyrir jafnt unga sem aldna. Það eru fjölmargar aðferðir sem hægt er að nýta sér við heimaleikfimina. Hvort heldur fólk kemur sér fyrir með boxpúða í kjallaranum eða bílskúrnum. Tekur jógatímamann heima með mynddiski. Gengur á staðnum með útvarpsleikfiminu. Eða bara dansar að lífs og sálarkröftum um alla íbúð og syngur með. Síðan eru líka þeir sem nota tímamann og hlaupa á bretti eða hjóla á staðföstum fák á meðan horft er á eitthvað skemmtilegt í sjónvarpinu. Að morgni eða þegar allir aðrir hafa lagst til hvílu. Heilsuræktarstöðvar eru ekki fyrir alla. Sumir kunna ekki við líkamsrækt með fleirum. Kannski koma þeir ekki vegna öldrunar, fötlunar, veikinda eða jafnvel fæðingarorlofs. Þá er einfaldlega hægt að stofna sína eigin heilsurækt heima. Síðan er heimaleikfimin einnig ágætis viðbót fyrir þá sem fara á líkamsræktarstöðvar eða stunda annars konar heilsurækt. Hér eru nokkrar hugmyndir fyrir hressandi hreyfingu heima.



*Höfuð,
herðar ...*



Ibúfen®

– *Bólgueyðandi og verkjastillandi*

Notkunarsvið: Ibúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Ibúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannþínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lífrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Ibúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingarópægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamspunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.

 **actavis**
hagur í heilsu

Smokkar eða skírlífi eina vörnin gegn smiti

Smokkurinn er EINA vörn gegn kynsjúkdómum. Starfsmenn sem vinna með ungu fólki telja því brýnt að hætta tepruskap, opna umræðu og upphæfja litla plasthólkinn.

Samstarfshópurinn SEKS, samtök einstaklinga gegn kynsjúkdómasmitum, stóð nýverið fyrir áttakinu Sex-í-vika til vitundarvakningu um notkun á smokknum. Ástráður – forvarnastarf læknana, Jafningjafræðsla Hins hússins og Fræðslusamtök um kynlíf og barn eignir, FKB, stóðu fyrir áttakinu með stuðningi sóttvornarlæknis, Lýðheilsustöðvar, Durex, Smokkur.is og Flugfélags Íslands.

„Hvatinn að áttakinu var aukning á kynsjúkdómasmitum á Íslandi undanfarnin ár. Við fengum góð viðbrögð við áttakinu og nú eru önnur skyld verkefni komin í gang. Síðan kemur í ljós á næstu 1-2 árum hver árangurinn af þessu áttaki er í raun,“ segir Ómar Sigurvin hjá Ástráði, forvarnastarfi læknana og bætir við að starfið muni halda ótrautt áfram. „Um 2.000 manns smitast árlega af kynsjúkdómum. Ég held að fólk sé ekki alveg að gera sér grein fyrir þessum tölum. Enda mun hærri tíðni en meðal annarra sjúkdóma sem fólk óttast,“ segir Ómar og vonast til að áttakið hafi vakið sem flesta til umhugsunar.

„Markmiðið er að ná til ungs fólks á aldrinum 15-24 ára, sem er mesti áhættualdurinn. Við reynum alltaf að hafa fræðsluna skemmtilega en samt fróðlega. Plakötin sem við gerðum voru hins vegar mjög hrein og bein. Enda trúum við á hreinskilna og opna umræðu,“ segir Ómar og bætir við að nú sé hafið nýtt verkefni sem kallast „Okkar á milli“.

Þar hefur fyrirtækið Nýtt upphaf gefið 5.000 smokka til forvarnastarfs.

Hrafnhildur Ósk, hjá Nýju upphafi, segir að markmið þeirra sé að gera aðgengi og kaup smokksins auðveldari og minna feimnismál.

„Við viljum helst að allir geti fundið smokk við sitt hæfi og fjárrád. Það er mjög slæmt að upplýst þjóð sinni ekki kynlífsfræðslu betur. Ungt fólk margborgar skatt þegar keyptur er smokkur,“ segir Hrafnhildur og kastar fram spurningunni hvort það sé ekki þjóðfélagslega hagkvæmni að taka virðisaukaskattinn af og lækka verð á jafn nauðsynlegum og sjálfsögðum hlut og smokkurinn er.

„Það á ekki að vera spurning um ríkidæmi hvort við getum varið okkur gegn HIV og öðrum kynsjúkdómum – eða hvað?“ spyr Hrafnhildur sem stefnir ótrauð að því að koma smokknum í vasa og veski þeirra sem þurfa.

Hrafnhildur og Ómar eru sam-



„Við erum hvergi nærri af baki döttin og hyggjumst halda þessu forvarnastarfi áfram. Einnig viljum við ýta á stjórnvöld til að setja meira púður í þennan málaflökk. Það þýðir ekkert að humma þetta fram af sér,“ segir Ómar Sigurvin ákveðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mála um að upplýsingar um kynlíf, kynsjúkdóma og forvarnir eru ungu fólki nauðsynlegar en ekki nógu aðgengilegar. „Fæstir „þora“ að taka á þessu málefni, þannig að okkar vinna var ákveðið frumkvöðlastarf og fyrir það höfum við fengið mikið hól,“ segir Ómar sem telur að nú eigi ríki, sveitarfélög og skólar að taka við

sér. „Enn er langt í land þó að róðurinn sé hafinn. Við stefnum að lækkun kynsjúkdómasmita á Íslandi en gerum okkur grein fyrir að það tekur tíma. Vonandi verður þetta þó til þess að opna umræðuna upp á gátt. Enda er tabú versti óvinurinn og þegar fólk forðast að ræða þessi brýnu mál,“ segir Ómar

Nánari upplýsingar um kynsjúkdóma, forvarnir og smokka má sjá á netsíðunni: www.astradur.is, totalradgjof.is og smokkur.is – og sérstaklega vilja fagmenn benda á að spjallþræðir eru ekki öruggar heimildir en hægt er að senda fyrirspurnir til fagaðila eins og leyndo@astradur.is.

-vbj



RAPUNZEL

Lífrænt ræktaðar vörur frá 1974

Lífrænt ræktaðar vörur framleiddar með ást og umhyggju fyrir heilbrigðan og heiðarlegan heim

Rapunzel vinnur í mjög nánú samstarfi við bændur víða um heim m.a. í Tyrklandi og Sri Lanka þar sem þeir hafa kennt bændum lífræna ræktun og taka virkan þátt í

uppbyggingu á viðkomandi svæðum. Með þessu móti er Rapunzel að sýna í verki þeirra hjartans mál sem er að stuðla að heilbrigðum og heiðarlegri heimi.



Staðreyndir um kynsjúkdóma

Klamydíusmitum hefur fjölgað gríðarlega á Íslandi. Á síðasta ári greindust 1.863 tilfelli. Það jafngildir fimm tilfellum á dag. Tveir þriðju þeirra sem greinast eru í aldurshópnum 15-24 ára. Allt að 50-70 prósent þeirra sem smitast af klamydíu eru einkennalausir og leita sér því ekki læknaaðstoðar. Þessir aðilar halda áfram að smita þegar stunduð eru óvarin kynmök. Kynsjúkdómar geta haft varanlegar afleiðingar á heilsu fólks. Til dæmis geta þeir leitt til ófrjósemi.

Margir kynsjúkdómar eru illlæknanlegir og jafnvel ólæknandi. Þar má nefna vörtur, herpes og HIV sem eru vírusmit. Einnig geta klamydía og lekandi haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir heilsufar.

Smokkurinn er eina vörn gegn HIV-smiti.

Smokkurinn er stundum eina getnaðarvörn sem konur geta notað vegna aukaverkana hormónavarna eins og pillunnar og hormónalykkju.

Hægt er að velja smokk eftir stærð og lögun svo hann passi notanda sem best.

Nýtt átak sem hófst í kjölfar Sex-í-viku. Það nefnist „Okkar á milli“. Hrafnhildur Ósk Sigurðardóttir hjá Nýju upphafi stýrir áttakinu. Þessa dagana fá allir nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum landsins smokka, auk framhaldsskólana. Hver og einn nemandi 14 ára eða eldri fær því einn ókeypis smokk.

Að sögn Hrafnhildar gengur áttakið vel en Miðstöð heilsvendrar barna sér um að dreifa smokkunum í grunnskóla. Hrafnhildur sér sjálf um að dreifa smokkunum í framhaldsskóla og setur þá í póst til skóla sem eru úti á landi.



Smokkar eða skírlífi eru eina vörn gegn kynsjúkdómum.

Takmarkað magn

Geggjuð

LAGERÚTSALA

Sófar

Tungusófar

Hægindastólar

Borstofustólar

Borstofuborð

Eldhússtólar

Gjafavörur

Kerti

Luktir

Skápar

og fleira

20-50 %
afsláttur af Cilek

Barbie koja
kr. 27.450,-

20-70%
afsláttur

Klettháls 13

mán.-fös. 10-18 lau. 12-16

Sími lagerútsölnnar
er 660 0035

Inngangur



HÚSGÖGNIN
HEIM

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

Sundkennsla fyrir fullorðna á öllum aldri

„Aldrei of seint að læra að synda,“ segir Brynjólfur Björnsson sundkennari. Hann segir ekki bara ungt fólk og börn læra að synda heldur líka fullorðið fólk á öllum aldri. Margir sem hafa þjáðst af óöruggi hafa náð sundtökunum á undraverðum hraða.

Nokkur hádegi í viku mætir Brynjólfur Björnsson sundkennari í Sundhöll Reykjavíkur og leiðbeinir fólki á öllum aldri við sundtökin.

„Fyrir þá sem eru ósýndir en vilja læra sund getur það verið heilmikið átak til að byrja með,“ segir Brynjólfur sem hefur séð miklar framfarir á skömmum tíma í lauginni.

„Hjá mörgum hefur það verið mikið feimnismál að viðurkenna fyrir öðrum að þeir kunni ekki að synda. Samt er það algjör óþarfi því þetta kemur. Og það er merkilegt hvað fólk er ótrúlega fljótt að ná sundtökunum. Sama hversu gamalt það er,“ segir Brynjólfur sem hefur náð virkilega góðum árangri með alla aldurshópa sem vilja læra að synda.

„Það geta verið margar ástæður fyrir því að fólk hafi ekki lært að synda á sínum tíma. Stundum er það þannig að þeir sem eru vatnshræddir hafa magn-



Brynjólfur Björnsson sundkennari er að sögn starfsmanna Sundhallarinnar töframaður í í sundkennslu. Hér er hann ásamt Ólafi sem syndir reglulega hjá honum í Sundhöllinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að hræðsluna upp hjá sér. Þegar þeir byrja að læra aftur virðist það þó oft vera að hræðslan hverfi. Vatnshræðslan nær því yfirleitt tökum á fólki vegna þess að það hefur verið óöruggt yfir því að kunna ekki að synda,“

segir Brynjólfur sem er ötull talsmaður íþróttarinnar.

„Sundið er ein besta hreyfing sem völ er á. Þar virkjar fólk alla vöðva líkamans og þjálfar með sér mjög gott þol,“ segir Brynjólfur sem sjálfur æfði sund í

mörg ár og keppti með íslenska landsliðinu.

Síðastliðin ár hefur hann einnig kennt ungbarnasund og þjálfað keppnislið.

Hann hefur því áralanga reynslu af sundíþróttinni og er

öllum hnútum kunnugur þegar kemur að því að leiðbeina fólki í sundinu.

„Mér finnst algengt að sjá marga sem náðu ekki nægilega góðum tökum á skriðsundinu þegar þeir voru í skólasundi,“ segir Brynjólfur og bendir á að með tilkomu froskalappanna í sundkennslu í skólum á sínum tíma, gerðist það að nemendur náðu betri tökum á skriðsundinu. En Brynjólfur hefur einnig verið með sérstök skriðsundsnámskeið fyrir fólk á öllum aldri.

Nú er því um að gera fyrir þá sem af einhverjum ástæðum eru ósýndir að taka á því og mæta í sundtíma hjá Brynjólfi og njóta þeirrar góðu hreyfingar sem sundið er.

„Satt best að segja er það alveg ótrúlegur fjöldi fólks sem kann ekki að synda. Margir þeirra hafa síðan sótt sundtíma hjá mér og eru í dag forfallnir sundiðkendur. Enda er sund allra meina bót,“ segir Brynjólfur sem hefur kennt í flestum laugum borgarinnar.

Upplýsingar um námskeið hjá Brynjólfi er að fá í Sundhöll Reykjavíkur en þar hrósa starfsmenn Brynjólfi óspart og kalla hann töframann í sundkennslu. Síminn í Sundhöllinni er 411-5350.

-vgr



Loksins fáanlegt á Íslandi
Hjól sem farið hefur sigurför um helminn



KYMCO
Better than Best

MXU 500 4x4
Með Götuskráningu

VDO
Borgartúni 36
Sími 588-9747

KS Skagafirði
Verslunin Eyri
Sími 455-4500

K2 Icehobby
Dalsbraut 1
s:464-7960

Fóðurblandan hf.
Reykjavík s: 570-9800
Egilstöðum s:570 9860

Fóðurblandan hf.
Hvolsvelli 487-8413
Selfossi s:482-3767

Páskamarkaður

Allt fyrir
útiveruna
á frábæru verði

 **Columbia**
Sportswear Company

DEVOLD

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

Columbia-flíspeysa



verð áður 9.439 kr.

Tilboð 5.695 kr.

Columbia-flísjakki



verð áður 9.439 kr.

Tilboð 5.695 kr.

Columbia-jakki



verð áður 11.990 kr.

Tilboð 7.295 kr.

Columbia-peysa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Columbia softshell-
jakki



verð áður 12.990 kr.

Tilboð 7.795 kr.

20%
afsláttur af
Devold fatnaði



Columbia-jakki



verð áður 17.990 kr.

Tilboð 10.995 kr.

Columbia-strákaúlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Columbia-stelpuúlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Didriksons-úlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 7.995 kr.

Viking-kuldaskór barna



verð áður 9.890 kr.

Tilboð 7.995 kr.



Nú er tækifærið að græja sig fyrir lítinn pening. Snjórinn bítur ekki á þig í vetrarfátnaði frá okkur. Komdu við og kynntu þér úrvalið og klæddu þig upp fyrir skíðaævintýrin um páskana.

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opíð mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16

Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239

www.birkiaska.is

**FOSFOSER
MEMORY**

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi



LifeStream

Bowel Biotics+

Einstök formúla fyrir heilbrigði maga og ristils
- ráðlagt af meltingarlæknum og heilsusérfræðingum

Ummæli íslenskra neytenda:

„Það besta og fljótvirkasta sem við höfum prófað“

Physillium Husk
Prebiotica Inulin FOS
Probiotics 5 tegundir
mjólkursýrugerla

**Vinsælasta magaheilsuefnið
í Bretlandi og víðar**



Bowel Biotics+ Kids Sérstaklega
samsett svo hæfi meltingu barna

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Celsus

Grjótaglíma er góð rækt

Klifuríþróttin nýtur vaxandi vinsælda hérlandis. Í Klifurhúsinu við Skútvog er stunduð grjótaglíma sem er eitt afbrigði af klettaklifri. Kristján Þór Björnsson stundar klifrið af kappi og er einnig liðtækur leiðbeinandi fyrir áhugasama klifrara.



Kristján Þór Björnsson klifrar upp um alla veggi í Klifurhúsinu þar sem hann bæði æfir og þjálfar.

Klifurhúsið opnaði árið 2002 en saga klifursins á Íslandi byrjaði þó nokkrum árum fyrr. Kristján Þór Björnsson hefur stundað klifrið í nokkur ár og bendir á að um 300 manns æfi klifur reglulega í Klifurhúsinu.

Íþróttafélagið Klifurfélag Reykjavíkur rekur Klifurhúsið og Kristján Þór segir einnig mikið um að krakkar nýti frístundakortin sín til að stunda klifuríþróttina.

„Klifrið er ekki bara fyrir fulloröna sem klifra einir eða krakka á námskeiðum. Þetta er líka fjölskylduþrótt og um helgar koma oft heilu fjölskyldurnar og klifra saman,“ segir Kristján Þór og bætir við að 7. apríl næstkomandi verði lokamótið í klifri haldið í Klifurhúsinu en þá ræðst hver verður Íslandsmeistarinn í klifri árið 2008.

Skipulögð klifursvæði má nú finna í flestum landshlutum á Íslandi og Kristján Þór segir að Klif-

urhúsið í Skútvoginum standist vel samanburð við önnur klifurhús í þeim borgum sem hann hefur farið til og klifrað.

„Ég kynntist íþróttinni fyrst fyrir fimm árum. Þetta var fyrir tilstuðlan skiptinema frá Argentínu sem dvaldi hjá okkur fjölskyldunni. Síðan þá hef ég notið þess að æfa þessa skemmtilegu íþrótt,“ segir Kristján Þór og bætir við að markmið margra með inniklifri sé að æfa sig fyrir útiklifur.

„Ekki allir sem klifra innanhúss hjá okkur eru með útiklifur í huga. Sumir koma einfaldlega bara til að klifra, hlusta á tónlist og hafa gaman,“ segir Kristján

Þór sem segir klifrið líkamlega erfitt. „Klifur snýst um að vera sterkur, auk þess sem það reynir á einbeitingu og útsjónarsemi. Erfiðleikastigin eru hugsuð bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Hver og einn getur þannig valið sér viðfangsefni við hæfi.“

Klifurhúsið við Skútvog er opið alla daga vikunnar en klifursalurinn þar er sá stærsti á landinu. Tekið er á móti hópum ef pantað er með fyrirvara. Kristján Þór hvetur þá sem spenntir eru fyrir íþróttinni að láta verða af því að koma við í Klifurhúsinu og prófa að klifra. Sjá allar nánari upplýsingar: www.klifurhusid.is

FRETTABLAÐIÐ/ANTON

- vg



Hjartastuðtæki Heart Save



Björgum mannlífum!

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

Hjartastuðtæki innan seilingar veitir öryggi. Nauðsynlegt í fyrirtæki, heimahús, opinberar stofnanir, íþróttamannvirki, verslunarmiðstöðvar og víðar. Primedic er mest selda hjartastuðtækið í Noregi.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur.



Eirberg

Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • www.eirberg.is



Ekkert smá sýrður rjómi!

- 1 ÁN BRAGÐEFNA
- 2 ÁN GELATÍN
- 3 ÁN ROTVARNAREFNA




www.mjolka.is

Átak um karlmenn og krabbamein stendur yfir

Nú stendur yfir átak Krabbameinsfélags Íslands sem ber yfirskriftina Karlmann og krabbamein. Átakið hófst formlega 5. mars síðastliðinn og stendur yfir í tvær vikur.

Þetta er í fyrsta skipti sem efnt er til sérstaks átaks um karlmenn og krabbamein hérlendis. Bæklingur um karlmenn og krabbamein er nú í dreifingu og mun fara inn á öll heimili. Einnig stendur yfir auglýsingaherferð. Þar leikur teiknimyndafígúran Steinar lausum hala og hefur þegar vakið mikla

athygli og kátínu. Steinar mun fræða karla um einkenni krabbameina og fleira með húmorinn að vopni. Einkennistákn átaksins er þrilit slaufa: blá, hvít og fjólublá, sem tákna þrjú algengustu krabbamein í körlum: blöðruhálskirtils-, lungna- og ristilkrabbamein. Slaufunar má kaupa hjá Póstinum, Frum-



herja, Sambíónum, Kaffitári, verslunum Eymundsson og á öðrum sölustöðum um land allt.

„Það er mikilvægt að hvetja karla til að huga að heilsu sinni. Sérstaklega þeim einkennum sem gætu verið fyrstu merki krabbameins. Batahorfur eru góðar hérlendis og brýnt að greina snemma,“ segir Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Að meðaltali greinast árlega um

630 íslenskir karlar með krabbamein, þar af 190 með krabbamein í blöðruhálskirtli, 64 með lungnakrabbamein og 51 með ristilkrabbamein. Horfur þeirra eru almennt góðar. Þegar menn eru komnir yfir fertugt aukast líkurnar og þá þarf að vera vakandi. Ef einkenni koma



fram sem ekki hverfa eftir 3-4 vikur ættu að leita læknis.

Allar upplýsingar eru á vefsíðu átaksins sem heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, opnaði: www.karlmennogkrabbamein.is. Eða á heimasíðu félagsins: www.krabb.is

Allar upplýsingar og heimildir af heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands.

Nýjar sýningarinnréttingar. Komdu og skoðuðu úrvalið!

Húglaugur er glæsilegt. Veldu um hvítt- eða svart húglaugur.

Félthúsinréttingar - Baðinnréttingar - Þvottahúsinréttingar - Fataskápar með venjulegum- og rennihúðum.

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.

nettoline.dk

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málín af eldhúsinu, baðinu, anddyrinu, svefnherbergjunum eða þvottahúsinu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

Þitt er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnurnast við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - **fullkomin þjónusta, eigið verkstaði.**

Allt á sama staði!
Þegar þú verslar við Friform færðu alla þjónustu á sama stað, fullkomið úrval innréttinga og raftækja. Sölumenn okkar búa yfir þekkingu og reynslu. Við rekum eigið trésmíðaverkstaði, sömuleiðis eigið raftækjavíðgerðarverkstaði og höfum á að skipa hópi úrvals iðnaðarmanna; trésmíða, rafvirkja og jafnvel pipara ef með þarf. Markmið okkar er að veita úrvalþjónustu.

20% AFSLÁTTUR

TILBOÐ SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!
20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum

SÍÐUSTU TILBOÐSDAGAR
Tilboðinu lýkur 15. mars.

NOTAÐU TÆKIFÆRIÐ NÚNA, og gerðu virkilega góð kaup.

ELBA

ELDAVÉLAR - ÖFNAR - KERAMIKHELLUBORÐ - SPANHHELLUBORÐ - GASHELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAAR

Fullkomið úrval vandaðra raftækja frá virtum framleiðendum

20% afsláttur af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

nettoline
AÐRÉTT - FLJÓTTAST - ÖRYGT
Opni virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

Hættan er ljós fyrir fermingu

Hættan er ljós nefnist átak sem beinist að fermingarbörnum, foreldrum eða forráðamönnum, þar sem bent er á hættuna sem fylgir því að ungt fólk fari í ljósabekki.

Átakið er samstarfsverkefni Félags íslenskra húðlækna, Geislavarna ríkisins, Krabbameinsfélagsins, Landlækniseimbættisins og Lýðheilsustöð.

Þetta er fimmta árið sem þessir aðilar standa saman að fræðsluherferð undir slagorðinu „Hættan er ljós“. Vakinn er athygli á því að börn og unglingar séu næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

Ástæða átaksins er að tíðni húðkrabbameins hefur aukist mikið á síðustu árum. Einkum tíðni svonefndra sortuæxla sem eru alvarlegasta tegund húðkrabbameins. Húðkrabbamein er einnig algengasta tegund krabbameins hjá konum á aldrinum frá 15 til 34 ára.



Foreldrar og forráðamenn fermingarbarna eru hvattir til að hafa í huga tilmæli alþjóðastofnana um að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki. Leitað verður til presta landsins um að leggja málefnið lið, eins og undanfarin ár. Í kjölfar fræðsluherferðanna síðustu ár hefur dregið úr ljósabekkjjanotkun ungs fólks og nokkrar sveitarstjórnir hafa hætt að bjóða upp á sólboð í ljósabekkjum í íþróttamannvirkjum sínum.

Með herferðinni nú er stefnt að því að draga enn frekar úr ljósabekkjjanotkuninni með því að minna á hættuna.

Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins greinast að meðaltali um 50 manns á ári með sortuæxli í húð, rúmlega 50 með önnur húðæxli og um 220 manns með svonefnd grunnfrumuæxli í húð.

Tíðni húðæxla í heild hefur tvöfaldað á síðustu tíu árum. Á hvert deyja að meðaltali átta Íslendingar úr sortuæxlum í húð. Sjá upplýsingar: www.lydheilsustod.is

HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI



RÝM INGAR SALA

VEGNA FLUTNINGA HABITAT Í HOLTAGARÐA

60-90%
AFSLÁTTUR

2. HÆÐ ASKALIND 1
GENGIÐ INN Í GEGNUM VERLSUN

Opið alla daga vikunnar
Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700

habitat 

„Af hverju það er eins og það er. Af hverju hegðar fólk sér svona en ekki hinsegin? Mér finnst þetta vera ógrandi á þann hátt. Þarna leyfist að spyrja alls konar spurninga og fá alls konar fólk í heimsókn,“ segir Ásdís.

Karlmenn hafa ekki verið tíðir gestir í þættinum en þó hefur einn og einn dottið inn. „Karlmenn eru velkomnir í þáttinn en þeir svíkjast svolítið mikið undan. Ég veit ekki hvort þeir eru hræddir við okkur,“ segir Kolfinna en umræðuefnin í þáttunum hafa hingað til verið svolítið kvenlæg. Mikið talað um þikur og kræklótt leg. „Í byrjun vorum við meira að ræða um þikur og kynlíf, en núna erum við farnar að róast aðeins,“ segir Kolfinna en Ásdís er efins um það. „Ég er ekki viss um það, ég held að við séum bara orðnar svo vanar þessari opinská umræðu.“ Þær eru þó alls ekki á þeim buxunum að skipta um umræðuefni. „Einu sinni tókum við einn þátt þar sem við töluðum bara um leikhús og bókmennir og mér fannst það ekki ganga upp,“ segir Kolfinna. Í þættinum er alltaf boðið upp á ávexti og te en Ásdís viðurkennir að sumar séu alltaf með rauðvín eða bjór í bollunum sínum. Þurfa konur að vera undir áhrifum til að opna sig?

Fá fullt af athygli

Að vinna í sjónvarpi kallar á athygli. Finnið þið fyrir aukinni athygli frá karlpeningnum? „Þeir hlaupa töluvert mikið meira á eftir manni,“ segir Kolfinna og hlær en Ásdís segir að það sé ekki farið að reyna á það. „Ég er ekki byrjuð að fara út á lífið eftir skilnaðinn,“ segir Ásdís. Kolfinna segir að það verði gaman þegar hún byrji á því. Sjálf er hún partíljónið í hópnum. „Ég hef það að lífsmottói að lifa lífinu lifandi. Ég eyði kvöldunum sjaldnast heima í sófanum og er dugleg að stunda alla menningarstarfsemi á Íslandi,“ segir Kolfinna og bætir við með brosi „Svo hefur maður varla undan að svara öllum símtölunum frá aðdáendum. Ég virðist heilla aðallega sjóarana,“ segir Kolfinna og hlær.

Þegar þær eru ekki að stýra sjónvarpsþættinum, Mér finnst..., eru þær önnur kafnar. Ásdís er aðjúnkt við Kennaraháskóla Íslands í lífsleikni en Kolfinna er að gera heimildarmynd um innflytjendamála og að snapast eins og hún kallar það. „Ég er með fullt af verkefnum en þetta kallast víst að hórast og það er spurning hvort sá bransi sé betur borgaður,“ segir Kolfinna og er orðið heitt í hamsi. „Það var frétt um íslenska vændiskonu í blöðunum um daginn sem hljómaði svo vel að ég held ég myndi bara snúa mér að því ef ég væri atvinnulaus,“ segir Kolfinna og bætir því við að fréttin hafi verið svo jákvæð að hún hafi eiginlega hljómað eins og það væri verið að kynna nýjan starfsvettvang. Í fyrra flutti Kolfinna heim eftir að hafa verið á flakki um heiminn í tíu ár. Hún segir að það hafi verið svolítið skrítið að koma aftur til Íslands því það hafi margt breyst á þessum árum. „Frjálsbyggjan og einstaklingsbyggjan hafa tekið yfir og peningahyggjan er að drepa okkur. Hér eru allir að tala um vexti og sérhver er gúru í fjármálaheiminum. Þegar ég var búin að vera í hálf tít hér var ég eiginlega orðin samdauna ástandinu hérna en ég verð að viðurkenna að það var miklu skemmtilegra að vera nýkomin með glögg gestsauga,“ segir Kolfinna.

borgin mín NICE

GERDUR KRISTNÝ rithöfundur

MORGUNMATURINN: Nýbakað „pain au chocolat“ úr næsta bakarí er auðvitað himneskt en það er líka hrein dásemd að fara á kaffihúsið Le pain quotidien þar sem boðið er upp á ilm-andi brauð með heimalöguðu marmelaði.

SKYNDIBITINN: Um miðjan dag gerði ég stundum hlé á sólbáðinu til að fara í lúgusjoppu sem lét lítið yfir sér í gamla hverfinu. Þar fást baguette með túnfiski, eggjum, tómötum og einhverju fleiru afskaplega hollu og góðu.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: La petite maison er yndislegur staður í gamla

hverfinu. Hann er í finni kantinum og býður til dæmis upp á ýmsa sér-Nice-verska rétti. Þarna átti ég eitt sinn dásamlega kvöldstund með eiginmanninum.

UPPÁHALDSVERSLUNIN: Markaðir eru skemmtilegastir hvort heldur sem um er að ræða fiskmarkaðinn (þá morgna vaknaði ég við mávahlátur), antik- eða hinn sögufræga blómamarkað í Cours Saleya. Ekki að mér hafi leiðst að bregða mér í Paradisgötu – eða rue Paradis – en þar halda meðal annars þau Chanel, Armani og Max Mara til. Þaðan er heldur ekki langt í hann Louis minn Vuitton.

LÍKAMSRÆKTIN: Línuskautferð eftir Promenade des Anglais sem liggur meðfram ströndinni. Best er að fara sem fyrst á morgnana til að eiga brautina út af fyrir sig og koma síðan við í góðu bakarí á leiðinni heim.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁL-ÍÐ: Í seilingarfjarlægð frá Nice



eru fallegustu baðstrendur heims sem nánast er hægt að hafa út af fyrir sig. Þar er líka hægt að rekast á dásamleg lítil veitingahús sem bjóða jafnvel aðeins upp á einn rétt í hádeginu eldaðan af húsmóðurinn. Ekki er heldur langt í yndislega litla bæi svo sem Menton þar sem rithöfundurinn Katherine Mansfield reyndi að hrista af sér berklana hér um árið eða fjallaþorpið Èze þar sem Nietzsche skrifaði einn hluta af Svo mælti Sara-þústra.



Italsofa

Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri Verð kr. 370.000.-



Sófasett 3+1+1 - Litir: Brúnt og koniaksbrúnt

Verð m/áklæði kr. 219.000.- / Verð m/leðri kr. 239.000.-



Ný sending af glæsilegum sófum og sófasettum frá Belgíu



Nýkomið mikið úrval af sófasettum í leðri og áklæði



Julia

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koniaksbrúnt verð 239.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 219.000.-

Slökunarstólar í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl. kr. 39.000.-
Tilboðsverð m/leðri kr. 59.000.-



Stækkanlegt borð f.20 manns



Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm

Italsofa

Verð kr. 228.000.-



Afar vonduð og sigild
borðstofuhúsgögn

Tilboðsverð aðeins kr. 65.000.-

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt



Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.

Tilboðsverð m/ákl. kr. 86.000.-
Tilboðsverð m/leðri kr. 118.000.-



Nýtt

Borðstofustólar í miklu úrvali

Verð kr. 16.500.-

Afar vandaður og þægilegur borðstofustóll

Litir: Dökkbrúnt, ljóst, fætur: Dökk / ljós eik

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 / Laugard. kl. 11-16

www.valhusgogn.is

Rötu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar þetta verður þú að prófa!

tíska

Glæsilegustu konur landsins fjölmenntu á Fiðrildakvöldverð Unifem

Aldrei verið flottari

ferskleiki dagsins í dag

TIL UMSAGNAR



Arnar Gauti verslunareigandi GK og þáttarstjórnandi.



Valgeir Magnússon á auglýsingastofunni Pipar og umboðsmaður Mercedes Club.

PÓRUNN ELÍSBET SVEINSDÓTTIR BÚNINGAHÖNNUÐUR. „Þjóðlegasti trúðabúningur sem ég hef séð við hliðina á einni af smekklegustu konum kvöldsins,“ segir Valli. „Mér finnst dressið hennar Tótu vera mjög skemmtilegt og vel heppnað,“ segir Arnar Gauti.



ELÍNROS LÍNDAL HJÁ UNIFEM OG VALGERÐUR FRANKLÍNSDÓTTIR SNYRTIFRÆÐINGUR OG EIGINKONA ANDRA MÁS INGÓLFSSON-AR. „Blúnduskyrta Elínar er fyrir mína parta aðeins of mikil en hvíta dragtin hjá Valgerði er passlega opin í hálsinn, hún er einhvern veginn saklaus og eitruð í senn. Ferlega flott lúkk við greiðsluna sem hún er með,“ segir Valli. „Elínrós er ein af flottari konum Íslands. Þær eru báðar í virðulegum en töff fötum,“ segir Arnar Gauti.



KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR KVIKMYNDA-GERÐAKONA. „Kristín tekur lúkkið enn lengra. Maður gæti ímyndað sér að hún væri að fara í veislu kóngafólksins. Kápan er geðveik og er klassik, flott í dag, flott árið 1750 og verður það líklega árið 3000,“ segir Valli. „Kristín Ólafs er án efa gæsi-legasta kona landsins. Þetta er mjög fallegt dress sem hæfir vel tilefinu,“ segir Arnar Gauti.



MARGRÉT ÍRIS BALDURSDÓTTIR OG GYÐA JOHANSEN. „Mér finnst þær báðar vera mjög smekklegar, kjólarnir og veskin í stíl. Hálsmenið valið við þemað og greinilega búið að þæla út hvernig ætíð að lúkk fyrir þetta kvöld. Spurning þó hvort villidýramunstrið passar við óléttuna,“ segir Valli. „Gyða er ein af flottari divum Íslands og alltaf flott klædd. Margrét er sömuleiðis smart með flott fiðrildi um hálsinn í stíl við þema kvöldsins,“ segir Arnar.



NANNA BJÖRG LÚÐVÍKSDÓTTIR OG HLÍN SVERRISDÓTTIR LANDSLAGSARKITEKT. „Æ,æ, það er eitthvað off við þessa samsetningu. Stuttur kjóll með krókóðilamunstri og síð hvít kápa. Lindsay Lohan mætt á fiðrildahátíð,“ segir Valli. „Smekkilugar og fagaðar í klæðaburði,“ segir Arnar Gauti.



KATLA JÓNASARDÓTTIR LISTAMÆÐUR OG FYRRUM KÆRSTA KEVIN STANFORD SEM EITT SINN VAR GIFTUR SJÁLFRI KAREN MILLEN. „Katla er gríðarlega flott kona. Persónulega hef ég mjög gaman af því þegar konur flagga því sem þær eiga, en ég veit ekki hvort svo fleginn kjóll passar við þemað eða fiðrildahópinn,“ segir Valli. „Katla Jónas er náttúrulega hrikalega flott og kynþokkafull kona og ber dressið vel.“



EVA MARÍA. „Eva María hefur alltaf eitthvað við sig þessi mynd er þó líklega ekki besta myndin sem ég hef séð af henni. Lúkkið er einfalt og stendur fyrir sínu. Veit ekki með trefilinn,“ segir Valli. „Eva María er alltaf smekklegr og ber allt,“ segir Arnar Gauti.



G-STAR RAW

REYKJAVÍK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Ný sending

Opið föstudag 11-18.30,
laugardag 11-17





Stella Nova | Lee | Wrangler | GK Reykjavík | Burberry | Filippa K | Patrizia Pepe | Sport Max | Calvin Klein | Annhagen | Rutzou

KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

heimma

gleði og glysgjörn húsráð

NJÓTTU TÚLIPANANNA

Túlipanar í vasa eru algerlega ómissandi á þessum árstíma og búa til hina tæru og fögru stemningu sem heimili þarf að hafa til að vera aðlaðandi.



Hlúðu að svefnherberginu

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Hvað er mikilvægara en að hafa svefnherbergið notalegt? Það er ekki nóg að eiga gott rúm, umhverfið þarf að skapa ró og vera hlýlegt. Ef þessi mál eru í einhverri vitleysu hjá þér þá skaltu byrja á því að kaupa þér fallegt hvít rúmfið úr damaski. Að eiga fallega ábreiðu ofan á rúmið skiptir miklu máli og ekki er verra að eiga nokkra sæta púða til að krydda útlitið. Það er þó ekkert vit í því að eiga rúmteppi og púða ef það er ekki búíð um rúmið daglega. Það tekur ekki nema fimm mínútur og skiptir óheyrilega miklu máli. Keyptu fallega borðlampa, ilmkeri og vasa til að gera sem hlýlegast í þessu mikilvæga herbergi. Verslanir á borð við Epa, Habitat, Tekk Company og IKEA bjóða upp á gott úrval af öllu sem getur breytt svefnherberginu úr hreysi í höll.

Það er aldrei of mikið af púðum í rúminu.



Karrígulur kemur sterkur inn. Stór lampi á náttborðið er algerlega málið.



Hér er búíð að veggfóðra vegginn og búíð að búa til flotta stemningu með réttu hlutunum. Húsgögnin eru frá Habitat.

Njóttu lífsins í nuddpotti frá Coast Spas



Vantage
stærð 207x207x102



Radiance
stærð 235x235x102



Bahama
stærð 231x231x102



Tahiti
stærð 209x209x102

Mikið úrval af nuddpottum á lager

Við hjá Poulsen teljum að það að kaupa sér nuddpott sé langtímafjárfesting sem kallar á ábyrgð seljanda gagnvart viðhaldi og þjónustu. Poulsen hefur selt nuddpotta frá árinu 2001 og við leggjum metnað okkar í góða og persónulega þjónustu.

Við eigum á lager alla helstu varahluti ásamt öllum nauðsynlegum efnum til notkunar í nuddpottum.

Poulsen Skeifan 2 Sími: 530 5900 Fax: 530 5910
www.poulsen.is / poulsen@poulsen.is



Þú kemst ekki í gegnum vikuna ...



...nema taka fram línuskautana þína og bóna þá svo þeir verði til taks þegar snjórin hverfur alveg.



...nema kaupa þér eitthvað í pastellit, það er algerlega málið.



...nema fara á tónleika með Sálinni, viðurkenndu það bara, þér finnst Sálin æðisleg.




...nema læra að sauma út. Það er ekkert smá róandi þegar þú hefur ekkert að gera á kvöldin.

...nema búa til þitt eigið páskaegg, það gerist ekki betra, nammi nammi.



Stærsta leikritahátíð Evrópu býður Baðstofunni heim



Baðstofan

eftir Hugleik Dagsson
Leikstjórn: Stefán Jónsson



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

NEW PLAYS FROM EUROPE 2008
THEATERBIENNALE Staatstheater Wiesbaden

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Ný **Drops** blöð,
nýtt garn



Dalvegi 18, Kóp. - s. 568 6500



bland

í gær og á morgun ...

Helgin

FÖSTUDAGURINN 14. MARS
Afmælistónleikar Sálarinnar verða haldnir í Laugardagshöll. Rifjaðu upp gömlu góðu stundirnar með þessari ástsælu hljómsveit þjóðarinnar og fagnaðu með henni í höllinni.



díana mist

FÖSTUDAGURINN 7. MARS
Missti tókin á uppboði til styrkar Unifem sem haldið var með pompi og prakt í Saltfélaginu. Ég veit ekki ennþá hvað kom yfir mig en get afsakað með því að hafa eytt mánaðarlauninum í það að styrkja gott málefni og eignast fimm forkunnarfögrur handprjónuð brjóst. Það var margt um manninn á þessari vel til fundu uppákomu en Vatnsmeyjarfélagið Hrafnhildur sem samanstendur af leikkonunum Guðlaugu Elísabetu, Margréti Vilhjálms, Höllu Margréti Jóhannsdóttur, Katrínu Þorkeldsdóttur og Sigrúnu Sól Ólafsdóttur stýrðu uppboðinu. Þarið fyrrverandi, Friðrik Weissshappel athafnamaður og sjónvarpskonan Andrea Róbertsdóttir, kepptist harkalega um sama brjóstið en Andrea hafði þó betur að lokum. Bjarni Ármanns var sömuleiðis áberandi á uppboðinu sléttur og strokinn og gerði sér lítið fyrir og keypti heilt bretti af brjóstum. Kristín Ólafsdóttir framkvæmdakona hafði gefið sér tíma frá undirbúningi Fiðrildakvöldverðarins og geislaði sem og Ingibjörg Stefánsdóttir, leikkona og jóga-kennari. Eftir nokkur kampa-vinsglös og allan uppboðsæsinginn hélt ég alsæl út í nóttina eftir að hafa lagt mitt af mörkuðum og skálaði með vinkonum mínum fram eftir nóttu í heima-húsi.

LAUGARDAGURINN 8. MARS

Vaknaði með brjóst-in fimm upp í rúmi hjá mér og var minnt á eyðslu gærkvöldsins, ákvað þar með að herða örlítið sultarólina hjá mér næsta mánuð-inn og þar með var sá



bömmur afgreiddur. Skelti mér í bæjarferð en skildi kortin eftir heima. Bærin virtist íða af gömlum sjensum og mannlífi en þar spókuðu sig menningarvitarnir Ármann Jakobsson og Kolla Bergþórs, ritstýran Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir og maður hennar Darri Johansen rithöfundur. Eftir bæjarferðina tóku við hámarks fegurunar-aðgerðir og endurskipulagning íbúðarinnar þar sem ég þurfti að rýma fyrir nýju „húsmuninum“ mínum. Það leið þó ekki á löngu þar til ég fann hvernig hressleikinn tók öll völd og áður en ég vissi af var ég búin að taka upp simann og bjóða vinkonunum í drykk. Eftir nokkra drykki ákváðum við að kíkja út á lífið og enduðum á Organ þar sem stuðið var í algeymi. Leið þó á tímabili eins og grúppu sem væri tíu árum á eftir í þroska en þarna voru öll flottustu böndin í dag samankomin. Þar var klipparinn Jón Atli og stílistinn Agneska og virtust þau skemmta sér vel enda ekki annað hægt miðað við rafmagnað andrúms-loftið. Fór síðan á Ellefuna þar sem Biggi í Maus þeytti skifunum fram eftir morgni. Dansaði þar frá mér vit og rænu og rankaði við mér í skemmti-staðasleik sem hefur ekki gerst síðan á gullaldarárnum á Café au lait. Ég var þó fljót að átta mig á ástandinu og tilkynnti sjensinum að ég þyrfti á klósettið og lét mig hverfa. Endaði kvöldið á Hlölla og komst að því að línubátur var það eftirsóttasta í höfuðborginni þessa nóttina.



„Eldúshnifarnir, það er bara rugl að vera ekki með góða hnifa í niðurskurðinum.“



„Fiber-burstarnir eru algerlega ómissandi en með þeim set ég „trainbeat-ið“ í gang með Hringjum.“

„Golfsettið mitt, Útskýrir sig eiginlega sjálft. Tæki það með mér á eyðieyju því þá næði ég öðru-hverju fugli og svo grísar maður alltaf eitthvað.“



TOPP 10

„Matprjónar eru mér nauðsynlegir þegar ég gæði mér á allri snilld-ar mat-seldinni á Domo.“



Kormákur Geirharðsson athafnamaður



„Ég get ekki verið án sjónvarpsins; Liverpool og annars unaðar sem það færir mér.“



„Tannburstinn er lífsnauðsynlegur. Ég fer ekki út úr húsi óburstaður.“



„Rúmið mitt, ohh hvað það hefur gefið mér margt gott.“

„Síminn minn, hann er svo skemmtilegt leikfang.“



„Björkanna, hún fyllist bara alltaf.“



„Græjurnar í stofunni en úr þeim hlusta ég á alla mína uppáhaldstónlist.“

Veislur við öll tækifæri

SÍMI 692 0200

SOHO CATERING

VEISLUPJÓNUSTA

WWW.SOHO.IS

ÖRN GARDARSSON MATREIÐSLUMEISTARI



REPUBLIC OF **Fritz Hansen**

Svanur
Hönnuður Arne Jacobsen
Verð 189.000.-*

* Þetta verð á einungis við um Svani með þessu áklæði

Laus sæti



Vegna hagstæðra innkaupa bjóðum við þessa stóla á frábæru verði. Takmarkað magn.

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Knoll
Chadwick
með örmum
Hönnuður Don Chadwick
Verð áður 74.800.-
Verð nú 59.800.-



Skólar - Heilsustefnan

Heilbrigð sál í hraustum líkama

Ert þú leikskólakennari og hefur áhuga á hreyfingu, næringu eða listsköpun?

Við hjá Skólum höfum verið að kynna fyrir sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu og út á landi þjónustu okkar sem er skólarekstur. Í dag erum við að taka þátt í útboði á leikskóla í Garðabæ sem er áætlað að opni haustið 2009. Einnig erum við í samningaviðræðum við Hafnarfjörð um rekstur á fyrsta Heilsuleikskólanum þar.

Við leitum að leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki til að vinna á leikskólum hjá okkur og taka þátt í þessari uppbyggingu sem framundan er.

Ef að þú hefur áhuga, kíktu þá á heimasíðuna okkar á www.skolar.is og hafðu samband.



„heilbrigð sál í hraustum líkama“

Stefna Skóla er að auka veg Heilsustefnunnar og fjölga Heilsuskólum á Íslandi

www.skolar.is

Heilsustefnan

Okkar skólar eru heilsuskólar og vinna eftir Heilsustefnunni. Kjörorð okkar er „Heilbrigð sál í hraustum líkama“. Markmið heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi. Við vinnum með umhverfismennt sem er auðvelt að tengja heilsustefnunni.

Heilsuleikskólar í rekstri hjá Skólum

- **Heilsuleikskólinn Krókur í Grindavík** sem var boðinn út árið 2000 og tók til starfa 5. febrúar 2001. Leikskólinn er fyrir börn frá 18 mánaða aldri til 6 ára með fjórar leikstofur og þar geta dvalið 105 börn samtímis. Krókur er 684,7m² að stærð og er byggingin einnig í einkaframkvæmd og á Nýsir bygginguna.

Í dag er leikskólinn Krókur Heilsuleikskóli og eru starfsmenn leikskólans búnir að marka sér þá stefnu sem leikskólinn fylgir.

Heimasíða skólans er á www.skolar.is/krokur

- **Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi** sem var boðinn út árið 2006 og tók til starfa 1. júní 2006. Leikskólinn er fyrir börn frá 18 mánaða aldri til 6 ára með sex leikstofur og þar geta dvalið 124 börn samtímis. Kór er 842m² að stærð og er byggingin eign Kópavogsbæjar.

Stefnt er að því að leikskólinn Kór verði heilsuleikskóli og eru starfsmenn leikskólans að vinna að því markmiði í dag.

Heimasíða skólans er á www.skolar.is/kor

Skólar hafa undanfarin ár verið að vinna með fagaðilum að hönnun og þróun skólabyggingar. Byggingin er hönnuð út frá þörfum barna, starfsmanna, foreldra og annarra hagsmunaaðila með það að leiðarljósi að unnið sé eftir Heilsustefnunni í skólanum. Búið er að fullklára hönnun á leikskóla en framtíðarsýn okkar í skólarekstri er að hanna leik- og grunnskóla í sömu byggingu með sjónarmið notanda byggingarinnar að leiðarljósi.

www.skolar.is

Skólar ehf. – Netfang skolar@skolar.is – Heimasíða www.skolar.is

PÁSKASPRENGJA



**ALLT AÐ KR.
1.000.000
AFSLÁTTUR**

ALLT AÐ 100% BÍLALÁN ALLT AÐ 100% BÍLALÁN
NSÍNKORT N1 PÁSKAEGG N1 BENSINKORT

50.000 kr. bensínkort og páskaegg fylgja völdum bílum

Verðdæmi:

MMC Pajero DID Diesel AFSLÁTTUR 490.000

Ásett verð 5.190.000
Tilboð **4.700.000**

Suzuki Grand Vitara AFSLÁTTUR 440.000

Ásett verð 2.290.000
Tilboð **1.850.000**

Suzuki Grand Vitara XL7 AFSLÁTTUR 490.000

Ásett verð 2.880.000
Tilboð **2.390.000**

Lexus RX300 AFSLÁTTUR 690.000

Ásett verð 3.980.000
Tilboð **3.290.000**

Toyota Landcruiser LX AFSLÁTTUR 510.000

Ásett verð 4.300.000
Tilboð **3.790.000**

BMW 740 Diesel AFSLÁTTUR 710.000

Ásett verð 4.900.000
Tilboð **4.190.000**

Toyota Landcruiser 200D AFSLÁTTUR 1.000.000

Ásett verð 11.990.000
Tilboð **10.990.000**

VW Polo AFSLÁTTUR 200.000

Ásett verð 1.190.000
Tilboð **990.000**

Mercedes Bens E240 AFSLÁTTUR 400.000

Ásett verð 2.790.000
Tilboð **2.390.000**



567 2277 **NÝJA** www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
 BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
 OPIÐ: FÖSTUDAG 10-18
 LAUGARDAG 12-16 - SUNNUDAG 13-17



Bilamarkaðurinn

Smíðjuvegur 46a gul gata - 200 Kópavogur
Bílasala sími 567 1800 - Ferðateki sími 578 1974 - Fax 557 5210

BÍLAR OG VAGNAR



VW. GOLF GTI 2006. Raðnr. 180310
Ekinn 17 þkm. Verð 3.890 þ. kr.



FORD EDGE AWD SEL 2007. Raðnr. 180263
Ekinn 30 þ. km.. 4.490 þ. kr Lána möguleiki 80%



Mercedes Benz GL-450 2007. Raðnúmer: 180232
Ekinn 30þ. km ásett 8.500þ.kr Tilboð 7.590þ. kr



MERCEDES BENZ C-230, 2007. Raðnr. 180378
Ekinn 3.þkm ásett 4.790þ. kr Tilboð 4.490þ. kr.



PORSCHE 911 CARRERA 2 964 1993.
Raðnr.180361
Ekinn 121 þ.km. Verð 5.200þ. kr.

Það er gott að kaupa bíl í Kópavogi !

Vantar nýlega fólkubíla á skrá: 500-2000 þ.kr.

Fyrirspurnir á bilamarkadurinn@bilamarkadurinn.is



Þröstur 820-1401 Sveinbjörn 820-1402 Aron 820-1403 Óskar 820-1409

Elsta starfandi bílasala landsins með notaða bíla
www.bbv.is

Subaru Legacy '90. Good car. Verð 90þús. Uppl. í s. 869 0777.

Engin útborgun—17 þús. á mán. Toyota Yaris 2005 ek. 90 þús. Áhvilandi ca. 800 þús. Frábær kaup! Sími 690 2540.

500-999 þús.



Suzuki Grand Vitara ek. 115þ. km. Bsk., ný heilsársdekk, vel með farinn bíll. Verð 990 þ. áhv. 890 þ. Afb.35 þ. á mán. Uppl. í síma 898 2832.

Nissan Primera station. 2.0 '00 ekinn 149 þús. Verð 530 þús. Uppl. í síma 696 3087.

1-2 milljónir



8 manna Land Cruiser 90 VX árg. '98 breyttur, ssk. sk. '08 ek. 219 þús. km. Verð 1450 þús. Áhv. 880 þús S. 865 0046.



YFIRTAKA! Volvo S40 árg. '04 sk. '09 ekinn 79 þús. ssk., leður, rafmagn, ný dekk. Áhv. 1730 þús. máng. 33 þús. S. 865 0046.



Toyota RAV4 '01 ekinn 91.þús km gullfallegur bíl og í mjög góðu ástandi til sölu uppl: 6933217

2 milljónir +



Jeep Wrangler X 4x4 árg. '05 ekinn 25 þkm 6 gíra. Verð 2.690 þ. Gunnar s: 6952525

Bílar óskast

Óska eftir jeppa og fólkubíl

Óska eftir bíl fyrir allt að 200.000- stgr langt undir listaverði má þarfnað lagfæringa ekki eldri en 97 árg einnig óskast diesel jeppi fyrir allt að 250.000 35"-38" breyttur upplí síma 863-0149

Óska eftir góðum bíl, Toyota, VW, Nissan, fyrir allt að 250 þ. stgr. Verður að vera á góðu verði m.v. stgr. S. 897 2488.

Sárvantar bíl eða jeppa á á verð. 0 - 100 þús. Skoða allt. Uppl. í s. 866 3838.

Jeppar



Toyota Land Cruiser 120 VX diesel nýskr 5/2004 sjálfskiptur ekinn 88 þ km leður krókur 8 manna dokkgrár topplúga grátt leður verð 4.450.000 ath skipti upplí síma 842-6606



Toyota Land Cruiser 120 GX diesel nýskr 5/2006 sjálfskiptur ekinn 46 þ km krókur 35" breyttur ljósgrár húddhlíf filmur verð 5.190.000 ath skipti upplí síma 842 6606



Sorento EX dísel 06 ekin 41þ auka dekk á felgum, krókur. reyklaus bein sala kr 3,1 Bílasala Vesturlands 437-2100 Friðrik 660-1680



Til sölu Toyota LC 90 árg 97 ekinn 190 þús. 38" breyttur frá umboði. Aukatakur, interc off. Verð 1700 þús. Uppl í síma 6605944.



Sýningin Ljósmyndin ímyndin portrettið verður opnuð í dag kl. 18 í Listasafni Reykjanesbæjar. Á sýningunni mætast verk Sigríðar Melrósar Ólafsdóttur og Karls Jóhanns Jónssonar. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að vinna með portrettmyndir, en á ólíkan hátt.



LJÓSMYND OG ÍMYND Sigríður Melrós Ólafsdóttir og Karl Jóhann Jónsson setja upp sýningu sína í Listasafni Reykjanesbæjar.

Sýningarstjórinn Inga Dórey Jóhannesdóttir segir spennandi að sjá útkomu stefnumóts þessara listamanna. „Þau eru vissulega afar ólíkir listamenn og því er þetta dálítið blint stefnumót. Sigríður hefur mikið unnið með að fjölfalda portrettmyndir af sömu manneskjuni, á svipaðan hátt og popplistamennirnir gerðu, og verður útkoman oft fremur óhlutbundin. Karl tekur aðra nálgun og raunsærri í sínum málverkum, en þó er viss fjarlægð í þeim. Hann sagði sjálfur um daginn að myndirnar hans væru portrettmyndir af aðstæðum, sem mér þótti lýsa þeim vel.“

Verk Sigríðar á sýningunni eru graffikverk og málverk af sömu manneskjuni; nektardansaranum Lísu. Áður hefur Sigríður gert fjölskyldumyndir, málað kaupmanninn á horninu og alla hans fjölskyldu og málað hópmynd af bifvélavirkjunum sem á undanförunum árum hafa séð um viðgerðir á bílnum hennar. Karl Jóhann sýnir aftur á móti málverk þar sem hann hefur tekið fyrir tvær eða fleiri manneskjur á sama striga. Hvert verk sýnir einhvern atburð eða stemningu sem Karl spinur upp og sviðsetur, sem virkar þannig að áhorfandinn

gæti gleymt sér í að einblína á það sem ekki er sýnt.

Það er sannarlega ekki á hverjum degi sem myndlistarunnendum gefst færi á að líta portrettlist eftir núlifandi myndlistarmenn. Inga Dórey segir listsköpun þeirra Sigríðar og Karls enda fremur óvenjulega í listheimi nútímans. „Það eru ekki margir myndlistarmenn sem eru svona á kafi í portrettmyndalist. Við erum líklega orðin vön því að sjá myndir af fólki í öðrum miðlum en myndlist, til dæmis á ljósmyndum. Portrettlistamenn hafa enda tekið ljósmyndataeknina í sína þjónustu og nota hana mikið sem verkfæri; til að mynda vinna þau Sigríður og Karl sín verk töluvert út frá ljósmyndum.“

Sýningin Ljósmyndin ímyndin portrettið stendur til 4. maí. vigdis@frettabladid.is



Geirmundur Valtýsson í kvöld

Fjölbreyttur sérrettasedill og tilbodsmatsedill á leikfrúskvöldum



SÍÐUSTU SÝNINGAR

HALLA & KÁRI

KOLSVARTUR GAMANLEIKUR EFTIR HAVAR SIGURJONSSON

Allra síðasta sýning!
föstudaginn
14. mars.



GERÐUBERG

www.gerduberg.is

	Stefnumót við safnara III Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og hljóðfærassafnara! Sýningarstjóm: Anik Todd og Una Stígsdóttir
	Sjö landa sýn María Loftsdóttir, alþýðulistakona, sýnir vatnslitastemningar frá Argentínu, Bólívíu, Brasilíu, Íslandi, Japan, Perú og Skotlandi. Listakonan tekur á móti gestum um helgina
	Híð breiða holt Ljósmyndasýning þar sem unglingar eiga stefnumót við afa sína eða ömmur! Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir. Styrktaraðili: Beco
	Vissir þú... ...að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur? Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns. Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is , s. 575 7700.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is

Saga leitandans frumflutt

Tónleikasalur Listaháskóla Íslands hýsir í kvöld kl. 18 útskriftartónleika Andrésar Ramón, en hann er að útskrifast úr tónsmíðadeild Listaháskólans eftir þriggja ára BA-nám. Flutt verður verkið A Sadhak's Tale sem útleggst á íslensku Saga leitandans.

A Sadhak's Tale er hljómsveitar-svíta í þrettán köflum fyrir þrettán hljóðfæri og söngkonu.

Verkið er í anda prógramtónlistar og endurspeglar áhuga Andrésar á jógafræðum og andlegum bókmenntum og heimspeki Indlands.

Verkið byggir á frumsaminni sögu sem sækir efnivið í ljóð og skrif indverskra hugsuða og rithöfundu frá síðustu 150 árum, einkum í verk Rabindranath Tagore, Sri Aurobindo og Sri Chinmoy.

Í verkinu er notast við hefðbundin hljóðfæri á borð við píanó, blásara- og strengjahljóðfæri, en jafnframt við nýstárleg og framandi hljóðfæri úr mismunandi menningarheimum, sem Hljóðheimurinn Sangitamiya lætur í té.

Sangitamiya er verslun á horni Klapparstígs og Grettisgötu sem hefur byggt upp mikið úrval hljóðfæra hvaðanæva að úr heiminum.

Verkið tekur um fimmtíu mínútur í flutningi. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.



LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
MEISTARI MOZART.
STRENGJA- OG PÍANÓKVINTETT
TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
TÓNLIST COLES PORTERS.
KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR

SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA

ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR.
LUBOV STUCHEVSKAYA,
TÓMAS TÓMASSON
OG KURT KOPETSKY

MÍÐVIKUDAGUR 12. MARS KL. 20
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
SIMON SMITH - ÖLL PÍANÓVERK
HAFLÍDA HALLGRÍMSSONAR
EINSTAKT TÆKIFÆRI!



SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

PURSAR

Á AKUREYRI

Vegna fjölda
áskorána

GRÆNI HATTURINN

Föstudagurinn 11. apríl kl. 21:00

Laugardagurinn 12. apríl kl. 20:00



MasterCard forsala hefst í dag kl. 10:00
Almenn sala hefst í dag kl. 11:00

Mögnuð endurkoma Pursa



Eintómir töfrar og hvergi dauður punktur.
Jón... byrjaði sem polki, en fór svo út í gömlu
góðu pönkútgáfuna og um salinn fór enn einn
sæluhrollurinn... Fullkominn endapunktur á
frábærum tónleikum."

- Trausti Júlíusson, Fréttablaðið 25. febrúar



Hafið þökk fyrir, Pursar



„Hinn íslenski Pursaflokkur lék í velflestum
lögum á als oddi þar sem flokksformaðurinn
Egill Ólafsson var einatt fremstur meðal
jafningja. Aðrir flokksfélagar leiftruðu sömuleiðis
af spilageði og almennu músikaliteti...Hafið
þökk fyrir, Pursar. Þökk fyrir frábæran feril,
ógleymanlega tónlist og eftirminnilegt kvöld“

- Orri Harðarson, Morgunblaðið 25. febrúar



10% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA

www.midi.is

OG ÖLLUM AFGREIÐSLU-
STÖÐUM MIÐA.IS





Gen 164

VIÐ ERUM STÖÐ 2

Árið 1986 rufum við einokun ríkisins í íslensku sjónvarpi með eftirminnilegum hætti. Útsendingar náðu fljótlega yfir allan sólarhringinn, hvort sem var á fimmtudögum eða í júlímánuði og innlend þáttagerð blómstraði. Við talsettum barnaefni fyrst allra, ásamt því að bjóða áskrifendum upp á bíorás, alvöru íþróttarás og fjölvarp. Undanfarið hafa svo tækninýjungar á borð við plúsþjónustu, stafræn gæði, breiðsnið og háskerpu verið okkar aðall - ásamt auðvitað frábærri dagskrá.

Stöð 2 – það er skemmtilegra að geta valið.



SPORT

SPORT 2

BÍÓ

EXTRA

FJÖLVARP





HERCULES AND LOVE AFFAIR

> Í SPILARANUM

Morðingjarnir - Áfram Ísland!
Hercules and Love Affair - Hercules and Love Affair
The Ruby Suns - Sea Lion
Destroyer - Trouble In Dreams
Plants And Animals - Parc Avenue



PLANTS AND ANIMALS

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Gus Gus tekur upp

Hljómsveitin Gus Gus hefur hafið upp-tökur á sinni sjöttu hljóðversplötu.

Fyrsta smáskífan er væntanleg í júlí en platan sjálf í haust. Síðasta plata Gus Gus, Forever, kom út á síðasta ári og var hún sú fyrsta frá henni í fimm ár. Þess vegna koma tíðindin um nýju plötuna töluvert á óvart. „Við erum bara í svo miklu stuði,“ segir Stephan Stephensen úr Gus Gus. „Við erum þegar byrjuð að bóka „festivöl“ og síðan verður stór túr í haust sem verður vonandi farinn um allan heim.“

Gus Gus fékk tvær tilnefningar til Íslensku tónlistar-

verðlaunanna sem verða afhent á næstunni og er Stephan sannfærður um að sveitin fái verðlaun. „Það verður gaman að sjá hversu spillingin er mikil hjá tónlistarmafunni,“ segir hann og hlær. Er sveitin tilnefnd sem besti flytjandinn og fyrir bestu söngkonuna, Urði Hákonardóttur.

STEPHAN STEPHENSEN
Stephan og félagar í Gus Gus eru að vinna að splunkunýrri plötu.

> Plata vikunnar

Borkó - Celebrating Life

★★★★

„Þó að það sé margt sem minnr á krúttisveitir eins og múm og Benna Hemm Hemm hjá Borkó hefur tónlist hans alveg sín sérkenni líka. Hún er margþætt en líka melódísk og poppuð. Fyrsta snilldarplata ársins.“



TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

Einu sinni pönkari...

Síðasta laugardagskvöld komu saman á Grand Rokki nokkrir þátttakendur úr íslensku pönkbylgjunni (Kópavogsbíósenunni) og spiluðu erlend pönklög sem höfðu áhrif á og mótuðu smekk þeirra fyrir tæpum þrjátíu árum. Hugmyndin mæltist greinilega vel fyrir því það var fullt út úr dyrum allt kvöldið og mikil stemning.

Fræbbblarnir hafa verið duglegastir að halda nafni íslenska pönksins á lofti undanfarnir ár og eins og áður voru þeir í stóru hlutverki þetta kvöld.



ÁRNI DANÍEL JÚLÍUSSON í miklu stuði á pönktónleikum á Grand Rokki um síðustu helgi.

Ekki bara núverandi meðlimir heldur líka Ríkharður og Þorsteinn sem voru í sveitinni 1978-1979. Auk þeirra komu fram þeir Árni Daníel sem var söngvari og saxófónleikari þeirrar gleymdu en frábæru sveitar Snillinganna, Óskar Þórisson söngvari Taugadeildarinnar, Gummi trommari úr Tappa tikarrassi og Kommi Q4U trommari auk þess sem Heiðu í Unun var kippt upp á svið til að syngja Blondie-lagið Denis með Iðunni Fræbbblasöngkonu.

Dagskráin var ekkert slor. Fjórutú lög með hljómsveitum eins og Sex Pistols, The Clash, Ramones, The Jam, Stiff Little Fingers, Undertones, Buzzcocks o.fl. Nostalían er eitt af því sem knýr tónlistaráhuga margra og tribjútt og endurkomusamkomur af ýmsum toga eru haldnar úti um allan bæ. Þessi heppnaðist sérstaklega vel – það var meira að segja bjögum í hljóðkerfinu í fyrstu lögunum rétt eins og í denn. Meðal hápunkta má nefna Stranglers-lagið 5 Minutes, Jam-lagið Down in the Tube Station at Midnight, Buzzcocks-lagið Ever Fallen in Love og Undertones-slagarann Teenage Kicks sem Óskar söng bæði og Public Image sem Árni Daníel söng af engu minni æsingi heldur en þegar Snillingarnir tóku það í Kópavogsbíói 1979... Árni er hörku pönksöngvari. Jafnvígur á John Lydon og Joe Strummer og mjög vannýttur, enda missti rokkið hann í sagnfræðigrúsk. Enn einn hápunkturinn var flutningurinn á Television-laginu Marquee Moon. Þá frekar flóknu lagasmíð tókst að flytja aðallega vegna lipurs gítarleiks Ríkharðs. Frábær kvöldstund og meira pönk á næsta ári...

Malkmus enn í fullu fjöri

Forspraki Pavement, sjálfur Stephen Malkmus, er hvergi nærri af baki dottinn en fyrir stuttu sendi hann frá sér sína fjórðu eiginlegu sólóskífu. Steinþór Helgi Arnsteinsson virti fyrir sér nýju plötuna, Real Emotional Trash.

Meistari Stephen Malkmus er flestum tónlistarnörðum að góðu kunnur. Þekktastur er Malkmus að sjálf-sögðu sem aðalmaðurinn í hinni stórmerkilegu og gríðarlega áhrifamiklu hljómsveit Pavement. Sveitin lagði óformlega upp laupana árið 1999 en arfleifð hennar lifir svo sannarlega áfram.

Ný sveit verður til

Strax tveimur árum seinna kom út fyrsta plata Malkmus eftir Pavement. Hann hafði þá sett saman nýja hljómsveit sem kallaðist The Jicks. Plötufrirtæki Malkmus, Matador, sem einnig gaf út allar plötur Pavement, fékk Malkmus hins vegar til þess að láta plötuna einfaldlega heita Stephen Malkmus. The Jicks fékk svo að vera titluð með á næstu plötu, Pig Lib, sem kom út árið 2003. Síðasta plata Malkmus kom svo út árið 2005 og hét Face the Truth.

Föngulegur lífsstyrkur

The Jicks fær nú í annað sinn að vera titluð með Malkmus. Sveitin



STEPHEN MALKMUS & THE JICKS Forspraki Pavement heldur áfram ferli sínum með nýrri hljómsveit.

hefur að mestu verið skipuð sömu einstaklingunum frá stofnun hennar. Stór breyting varð hins vegar á The Jicks fyrir upptöku Real Emotional Trash en trommu-leikarinn John Moen kvaddi sveitina og gekk til liðs við The Decemberists. Í staðinn fékk The Jicks enga aðra en Janet Weiss, trommara hljómsveitanna Quasi og Sleater-Kinney (sem er því miður komin í ótímabundið hlé).

Lágstemmdur djambungi

Face the Truth hafði Malkmus nær eingöngu gert sjálfur heima í kjallaranum en að þessu sinni sneri hann aftur í hljóðverið. Meiri djambragur ríkir því augljóslega á Real Emotional Trash. Á MySpace-síðu Malkmus gefur lýsing plötunnar til kynna að hún sé „visvitandi lágstemmd og þung“. Reyndar gæti þessi lýsing átt vel við flest allar plötur sem Malkmus hefur komið nálægt. Hvernig á reyndar maður eins og Malkmus (þótt mikill snillingur sé) að standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til hans eftir að hafa verið í Pavement?

Er fortíðin of stór biti?

Allar fyrri plötur Malkmus hafa líka liðið fyrir þennan (oft óþolandi) Pavement-samanburð. Erfitt getur verið að slíta sig frá fortíðinni en Malkmus virðist semja ágætlega við hana. Þrátt fyrir að nýja platan standist ekki þennan samanburð fortíðarinnar finnst manni samt eins og hér sé að mótast eitthvað sem gæti seinna orðið stórfenglegra. Innkoma Weiss hefur greinilega haft áhrif.

Gagnrýnendur missáttir

En tími Malkmus er brátt á þrotum. Svo virðist sem jafnvel hörðustu aðdáendur Malkmus séu að missa trúna á honum. Þannig gefur Pitchfork nýju plötunni „aðeins“ 6,8 í einkunn (meðaleinkunn fyrri platna Malkmus og Pavement hjá sama miðli er 9,1). All Music og Rolling Stone eru hins vegar glaðbeittari og eru aðeins hálfri stjörnu frá því að gefa fullt hús. Framhjá snilldar-augnablikum plötunnar má allavega ekki líta og þau eru alls ekki svo fá.

Leiftrandi húmor og djúp alvara í hörkuspennandi sögu um lífsháskann í mannlegum samskiptum



Bjarni Thor Kristinsson / DV

„mjög góður og flottur krimmi“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan, RÚV

„hörkuspennandi bók“

Erla Ragnarsdóttir / Helgarútgefán, Rás 2

„besta saga Árna til þessa“

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„lipurlega skrifaður krimmi“

Steinunn Inga Úttarsdóttir / Morgunblaðið

„mæli hiklaust með henni“

Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2



www.forlagid.is

JPV ÚTGAFA



KOMIN Í KILJU!

Morðingjar syngja um eiturfjafíkla

Á Akureyri er Kimi Records starfrækt. Útgáfan setti mark á jólaplötumarkaðinn í fyrra, meðal annars með plötum Hjaltalín og Hellvar, og í gær komu út tvær nýjar plötur á hennar vegum: fyrsta plata Borkos og önnur plata Morðingjanna, Áfram Ísland! Fyrsta platan þeirra, í götunni minni, kom út árið 2006.

Morðingjarnir eru þrír og spila partívænt groddapönk. Þeir fara víða í áhrifum sínum, sumt minnr á Dead Kennedys, annað á Fræbbblanna, sumt er undir áhrifum frá nýpönki Green Day. Á nýju plötunni er meðal annars sungið um eiturfjafíkla og hvítt rusl. Morðingjarnir ætla að fylgja nýju plötunni stíft eftir á næstunni. Þeir spila í Húsinu á Akureyri í kvöld og verða svo á Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskana.




ÁFRAM ÍSLAND! MEIRA PÖNK! Morðingjarnir eru á Akureyri í kvöld.



Íþróttastöðvarnar Sýn og Sýn 2 hafa fengið ný nöfn og heita nú Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2. Við munum þó áfram hafa gömlu góðu Sýnina að leiðarljósi og bjóða áskrifendum upp á beinar útsendingar frá stærstu og vinsælustu íþróttaviðburðum í heimi. Hliðarrásir gefa svo enn betra forskot og fleiri valkosti því þær gera okkur kleift að sýna fleiri beinar útsendingar og samtímis.

Stöð 2 Sport – það er skemmtilegra að geta valið.

VIÐ ERUM STÖÐ 2 SPORT



Geri fék

> EINANGRAÐ TILVIK

Hvatningarhróp Bjarkar Guðmundsdóttur til Tíbet á tónleikum í Sjanghæ var einangrað tilvik og verður ekki til þess að færri erlendir listamenn komi til landsins. Þetta segir aðstoðarmeningarráðgjafi Kína, Zhou Heping. „Kínverjar munu halda áfram að bjóða erlendum listamönnum að koma fram í landinu og víta-skuld hefur þetta ekki áhrif á þá sem hefur verið boðið að koma fram á Ólympíuleikum,“ sagði hann.



fólk
folk@frettabladid.is

Charlotte vill keppa aftur fyrir Svía

Svíar eiga nú einir þjóða eftir að velja Eurovision-framlag sitt í ár. Það gera þeir á morgun í beinni útsendingu þar sem flutt verða tíu lög. Meðal flytjenda er fjandvinur Íslands, Charlotte Perrelli, sem kom í veg fyrir sigur Selmu Björns árið 1999 þegar lag hennar sigraði All out of Luck naumlega. Hún keppir með hetjuballöðunni Hero. Líklega sér Charlotte sæng sína aftur uppreidda nú þegar samnorræni spek-

ingabátturinn sem hún hefur verið í undanfarin ár, meðal annars með Eika Hauks, er ekki á dagskrá.

Svíar taka ekki þátt í „flippvæðingu“ Eurovision og öll lögín tíu eru „alvarleg“ popplög flutt af smekklefum flytjendum sem eru fráleitt að gera grín að keppninni.

Tvö nýjustu lögín til að bætast við eru frá San Marínó og Serbíu. Framlag smárikisins San Marínó, sem nú tekur þátt í keppninni í fyrsta

skipti, var valið úr 50 laga hrúgu og er með hljómsveitinni Miodio. Þetta eru súkkulaðisættir rokkarar sem spila súkkulaðisætt rokk. Gestgjafarnir Serbar héldu svo keppni í vikunni og þar sigraði söngkonan Jelena Tomašević örugglega með laginu Oro, þjóðlagakennndri ballöðu. Ekkert flipp í gangi þar heldur.

VILL KOMAST Í EUROVISION
Charlotte Perrelli er með lag í sænsku undankeppninni.



EUROVISION

71 DAGUR TIL STEFNU

Potter í tvo hluta

Sjöundu og síðustu kvikmyndinni um galdratrákinn Harry Potter verður skipt upp í tvo hluta. Orðrómur hafði verið uppi um að þetta yrði gert en hann hefur nú verið staðfestur.

Fyrri hlutinn verður væntanlega frumsýndur í nóvember 2010 en hinn seinni í maí árið eftir. Framleiðandinn David Heyman, sem sér nú fram á auknar tekjur, telur að það hafi verið ómögulegt að koma bókinni Harry Potter and the Deathly Hallows, sem er 608 blaðsíður, fyrir í einni mynd. „Ólíkt flestum öðrum bókum þá er ekki hægt að fjarlægja

hluta af þessari,“ sagði hann.

Daniel Radcliffe, sem leikur Potter, segir að ákvörðunin hafi verið skynsamleg. „Það þótti í lagi að taka út suma kaflana úr hinum bókunum, þrátt fyrir að einhverjir aðdáendur hafi ekki verið hrifnir af því. Sjöunda bókin hefur ekki þannig kafla. Hún er keyrð áfram af festu frá upphafi,“ sagði Radcliffe.

HARRY POTTER Sjöundu og síðustu Potter-myndinni verður skipt upp í tvo hluta.



Hver getur best?

Þá er komið að stóru stundinni í Gettu betur. Í kvöld mætast MR og MA og er allt undir. Ef MR sigrar verður það fjórtándi sigur skólans í keppninni, en keppendur MA hafa tækifæri til að landa fjórða sigri Akureyringa.

MR sigraði MK í hörkuspennandi lokaviðureign í fyrra. Magnús Lúðvíksson var í MR-liðinu þá. „Ég hef bæði reynslu af því að vinna og tapa í Gettu betur og get ekki neitað því að það er mun skemmtilegra að vinna,“ segir hann. „Ég er búinn að vera í þessum bransa í fjögur ár. Það væri lélegt af mér ef ég myndi ekki leggja eins hart að mér og ég get núna í síðasta skipti sem ég er í þessu. Liðið hefur reynt að koma öllu á hreint í því sem við erum góðir í og við reynum að lesa í dómarrann, stoppa í gloppur. Nei nei, Páll er ekkert fyrirjáanlegur.“

Magnús segir æfingarnar eingöngu hugrænar, MR-liðið tekur ekkert á líkamlega – „Nei, við fitnum bara ef eitthvað er á öllum þessum þitsum sem við lifum á.“

MA-liðið trúir heldur ekki á líkamlegar æfingar en Arna Hjörleifsdóttir segir samt ekkert þítuátt á dagskrá liðsins. „Nei, við tökum bara góðan hádegismat og borðum eitthvað hollt,“ segir Arna. Hún segir mikið undir. „Við vorum öll í liði MA í fyrra og duttum þá út í fyrstu sjónvarpsferðinni. Við höfum æft mikið í allan vetur og það er svo sem enginn munur þar á þótt við séum að keppa til úrslita.“

Bæði liðin lofa harðri keppni en vilja ekki spá um úrslitin – „Við gerum bara okkar besta,“ segja bæði Magnús og Arna.



GANTAST Á TRÖPPUM MR En það verður 100 prósent alvara í kvöld.



HEILBRIGÐIN UPPMÁLUÐ MA ætlar að gera sitt besta.

MÍNÍ-GETTU BETUR FRÉTTABLAÐSINS

Hvaða tímariti ritstýrir Biggi í Maus? (Monitor)

MR: Uuu... það er Monitor.
MA: Monitor.

Úr hverju tvennu er majones aðallega búið til? (Olíu og eggjum)

MR: Ah... ég er ekki alveg viss... tómatósú og... pass.
MA: Eggjahvítu og... eggjahvítu og... smjörliki?

Hvað heitir nýjasta leikrit Hugleiks Dags-sonar? (Baðstofan)

MR: Er það ekki Leg?
MA: Baðstofan.

Í hvaða hljómsveit var John Fogerty? (Creedence Clearwater Revival)

MR: Creedence Clearwater Revival.
MA: Uh ... pass.

Hvað heitir eiginmaður Leoncie? (Viktor)

MR: Hvað hét hann nú aftur? Eh... já, Viktor.
MA: Viktor að sjálfsögðu.

Arna svaraði fyrir MA og Magnús fyrir MR. Liðin skildu jöfn: 3 - 3. Keppnin verður því greinilega ekki útkljáð fyrir en í kvöld.

SUMARSTÖRF HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Framkvæmdasvið • Íþrótt- og tómsundasvið • Leikskólasvið • Fjölskyldu- og húsdýragarður • Menningar- og ferðamálasvið • Umhverfissvið • Vinnuskóli Reykjavíkur/Leiðbeinendur • Velferðarsvið



TÖKUM Á MÓTI UMSÓKNUM

- Annar umsóknartími fyrir Skapandi sumarhópa og Götuleikhús
- Fyrir fólk fætt '91 og fyrr (17 ára og eldra)
- Aldurstakmark er breytilegt eftir störfum
- Einungis hægt að sækja um á netinu*
- Aðgengi að tölvum og aðstoð í Hinu Húsinu



VINNUMIÐLUN UNGS FÓLKS • PÓSTHÚSSTRÆTI 3 – 5
SÍMI: 411 5500 • WWW.VUF.IS



20% almennisáttur af öllum vörum
Föstudag og Laugardag

Jeep

skýlabörn Sími 664 4869
Strandvegur 29 Ólafur Ingólfsson
220 Hlímarvegur 11-13, Innvið 12-10

TICKET TO HEAVEN



**Notaðir úrvalsbílar Brimborgar.
Opið til kl. 21 í kvöld.**

Seldu Brimborg gamla bílinn Kauptu nýjan notaðan í staðinn

Notaðir úrvalsbílar Brimborgar
Frábært páskaverð
Brimborg Akureyri, Reykjavík
Opið til kl. 21 í kvöld



Reynsluaktu og fáðu tvö páskaegg

Reynsluaktu. Fáðu 2 páskaegg í Brimborg í dag.

Fyrstu 500 sem reynsluaka notuðum úrvalsbíl frá Brimborg fá tvö páskaegg frá Nóa Sírius.

Við erum í miklu páskasamningastuði í dag.

Seldu okkur gamla bílinn þinn fyrir nýjan notaðan. Gerðu frábær páska kaup.

Við gerum næstum allt fyrir þig í dag:

- við bjóðum þér frábær páskakjör
- við kaupum gamla bílinn þinn
- við sækjum um allt að 90% lán fyrir þann nýja
- við skráum nýja notaða úrvalsbílinn þinn og
- við tryggjum hann hjá tryggingafélaginu þínu

Þægilegra getur það bara ekki verið. Byrjaðu páskana í Brimborg.

Opið til kl. 21 í kvöld.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGIR



SAMbio.is SAMBIOINN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

FRÁ LEIKSTJÓRA
INDEPENDENCE DAY OG
THE DAY AFTER TOMORROW
BEINT Á
TOPPINN
TUBA

JACK NICHOLSON MORGAN FREEMAN
NJÓTTU
LÍFSINS
THE
BUCKET LIST

WERT
HORTON

ÞÁÐ ELSKA ALLIR JUNO!

BESTI VINUR MAMMUSINS

SAMBIOINN ÁLFABAKKA			
10.000 BC	DIGITAL	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30	12
10.000 BC		kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
HORTON M/ ISL TAL		kl. 4 - 6	L
THE BUCKET LIST		kl. 8 - 10:10	7
DARK FLOORS		kl. 10:30	14
UNDRAHUNDURINN ISL TAL		kl. 4 - 6	L
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10:30	16
STEP UP 2		kl. 3:40 - 5:50 - 8	7
P.S. I LOVE YOU		kl. 8	L
SAMBIOINN KRINGLUNNI			
10.000 BC	DIGITAL	kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:30	12
THE BUCKET LIST	DIGITAL	kl. 6 - 8:10 - 10:20	7
JUNO		kl. 6 - 8 - 10:10	7
UNDRAHUNDURINN ISL TAL		kl. 4	L
STEP UP 2		kl. 4	7
SAMBIOINN SELFOSS			
JUNO		kl. 8	7
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10	16
27 DRESSES		kl. 8:20	L
DARK FLOORS		kl. 10:30	14
UNDRAHUNDURINN ISL TAL		kl. 6	L
ÁSTRÍKUR ISL TAL		kl. 6	L
SAMBIOINN AKUREYRI			
10.000 BC		kl. 6 - 8 - 10	12
UNDRAHUNDURINN ISL TAL		kl. 6	L
THE BUCKET LIST		kl. 8	7
STEP UP 2		kl. 10	7
SAMBIOINN KEFLAVÍK			
10.000 BC		kl. 8 - 10:20	12
HORTON HEARS A WHO		kl. 6	L
AUGUST RUSH		kl. 8 - 10:10	L
UNDERDOG M/ISL TAL		kl. 6	L

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

HORTON

10.000 BC

SEMI-PRO

LAUGARÁSBÍÓ - SYNINGARTÍMAR

HORTON - ISLENSKT TAL	kl. 4 og 6	L
10.000 BC - POWER	kl. 5.50, 8 og 10.10	12
SEMI-PRO	kl. 4, 8 og 10	12
RAMBO	kl. 8 og 10	16
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIALEIKUNUM	kl. 5.30	L

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

Þáskamyndin í ár!
Með íslensku og ensku tali

HEIÐIN

HORTON

Fillinn Horton sem leggur mikið á sig til að hjarga hverjar bæjarstjóra í aðallega skemmtilegri teiknimynd.

ATH: Á undan myndinni verður frumsýnt frábært myndskel úr

L LÚXUS

SEMI-PRO

27 DRESSES

SPRIN TOPPUR

THE ORPHANAGE

THE KITE RUNNER

INTO THE WILD

ATONEMENT

BRÚÐGUMINN

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000 5%

HORTON	kl. 4-6-8	ENSKT TAL	
HORTON	kl. 4-6	ISLENSKT TAL	
HORTON LÚXUS	kl. 4-6	ISLENSKT TAL	
SEMI PRO	kl. 3.45-5.50-8-10.10	12	
SEMI PRO LÚXUS	kl. 8-10.10		
BE KIND REWIND	kl. 10.15		
27 DRESSES	kl. 8-10.30		
JUMPER	kl. 10.10	12	
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40-5.50-8	7	

REGNBÖGINN Sími 551 9000 450 kr. í bíó!

HORTON	kl. 6-8-10	ENSKT TAL	
THE ORPHANAGE	kl. 6-8-10	16	
AUGUST RUSH	kl. 8		
BE KIND REWIND	kl. 8-10.15		
27 DRESSES	kl. 5.30-10.30		
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5	16	

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919

HORTON	kl. 6	ISLENSKT TAL	
HEIÐIN	kl. 6-8-10	7	
SEMI PRO	kl. 8-10	12	
THE KITE RUNNER	kl. 8-10.30	12	
INTO THE WILD	kl. 10.10	7	
ATONEMENT	kl. 5.30	14	
BRÚÐGUMINN	kl. 5.50-8	7	

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

HORTON	kl. 6-8	ISLENSKT TAL	
SEMI PRO	kl. 8-10	12	
THE KITE RUNNER	kl. 10	12	
BRÚÐGUMINN	kl. 6	7	

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

AUKAKRÖNUR

Dj Premier spilar í kvöld

Einn áhrifamesti plötusnúður og taktsmiður í bransanum í dag, Dj Premier, spilar á Gauki á Stöng á laugardagskvöld í tilefni af sjö ára afmæli Kronik Entertainment.

Dj Premier er maðurinn á bak við fjölda hiphop-slagara, enda hefur hann unnið fyrir stjórnur á borð við Jay-Z, Nas, Notorious B.I.G., Christina Aguilera og Janet Jackson. „Hann hefur verið átrúnaðargóðið mitt síðan snemma á tíunda áratugnum,“ segir Robbi Kronik um kappann. „Það virðist

vera mikill hiti fyrir þessum tónleikum.“

Með Dj Premier í för verður Blaq Pet, sem var hluti af neðanjarðarsveitininni Screwball. Um upphitun sjá Dj Fingaprint, Dj B-Ruff og Dj Magic. Einnig ætlar hljómsveitin Bæjarins bestu að rifja upp gamla taka. Aldurstakmark á Gaukinn er tuttugu ár og verður húsið opnað klukkan 23. Miðaverð er 3.000 krónur.

DJ PREMIER Dj Premier ætlar að gera allt vitlaust á Gauknum.



Bilaður truckur tefur Sálina

Tuttugu ára afmæli Salarinnar verður fagnað í kvöld. Mikil ásókn hefur verið í miða og ljóst að kátt verður og smekktullt í Höllinni.

Ljósasjóid á tónleikum Salarinnar verður glæsilegra en nokkurn tíma og notast verður við níutíu hljóðrásir, en sérpanta þurfti mixer til að fódra allt hljóðið. Þá verða sérprentaðir bolir til sölu í tilefni dagsins. „Þeir eru í mjög takmörkuðu magni og verða að líkindum safngripir þegar fram líða stundir,“ segir Stefán Hilmarsson um bolina. Alls bjóðast átta gerðir og fær hver meðlimur bol tileinkaðan sér. „Það verður spennandi að sjá hvaða bolur nær mestum vinsældum. Ég veðja á bol Jens Hanssonar. Hann þykir afar stílhreinn og það er eitthvað klassískt við hann. Svo held ég að bolur Jóhanns Hjörleifssonar komi á óvart.“

Tvísýnt er að Vatnaskil, tveir lúxuskassar sem innihalda allar plötur Salarinnar, nái til landsins fyrir kvöldið. „Það hefur mikið gengið á við að koma kössunum heim í tæka tíð fyrir tónleikana. Truckur var sendur til Austurríkis að sækja upplagið í fyrradag og beið þar í fimm tíma á meðan starfsmenn Sony luku við þökkun. Það er flókið verk, enda kassarinn verklegir. Loks þegar búit var að hlaða bilaði truckurinn og farminn þurfti að flytja yfir í annan truck sem freistaði þess að ná flugi frá Belgíu í gærkvöldi, en þangað er tíu tíma keyrsla. Það er vonandi



LÚXUSKASSI, SAFNBOLIR OG EFTIRPARTÍ Aðdáendur Salarinnar eru í skýjunum í dag.

að þetta hafi gengið því meiningin er að bjóða kassana á sérstöku afmælisverði í kvöld.“

Eftir tónleikana ætlar Nasa að slá upp eftirpartí fyrir djammþyrsta áhangendur. Þangað fá allir tónleikagestir að koma án endurgjalds, því tónleikamiðinn gildir einnig sem miði í partíið.

gunnarh@frettabladid.is

Úr Höllinni í Háskólabíó

Tónleikar þar sem meistaraverk Bítlanna, Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band, verður flutt í heild sinni, hafa verið fluttir úr Laugardalshöll í Háskólabíó. Þar verða haldnir tvennir tónleikar laugardaginn 22. mars.

Ekki seldust eins margir miðar í forsölu og búist hafði verið við og því var brugðið á það ráð að færa tónleikana í Háskólabíó. Ljóst er



að þar verður meiri nálægð en í Höllinni og því geta áhorfendur hugsað sér gott til glóðarinnar.

Aðeins eru um þrjú hundruð miðar eftir á tónleikana þar sem fram koma söngvarar á borð við KK, Daníel Ágúst Haraldsson, Björgvin Halldórsson og Stefán Hilmarsson.

BÍTLARNIR Tónleikarnir í Háskólabíó fara fram laugardaginn 22. mars.

Biblíá
21. ALDAR

Biblían hefur í gegnum tilveruna verið minn dýrmætasti vinur. Samband mitt við þann Guð sem ég trúi á, rækta ég með því að eiga morgunstund í bæn og lestri í hinni helgu bók. Ég er sannfærð um að Helder Camara biskup í Brasilíu hefur rétt fyrir sér þegar hann ráðleggur okkur að nota morgunstund til bæna. „Gerðu ekki Guð að koddanum þínum“ Segir sá merki maður.

Guðrún Ásmundsdóttir

JPU
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Frábært verð á myndavélum

OPIÐ
til **20**
alla daga



19.990 kr
GOTT VERÐ

- Olympus myndavél FE280SV**
- 8 MegaPixel
 - 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
 - Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
 - 2,5" LCD Skjár
 - Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
 - Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
 - 48MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhloður fylgja



17.990 kr
GOTT VERÐ

- Casio myndavél EXZ75**
- 7.2 milljón punkta upplausn
 - Ótrúlega lítil og nett
 - 2.6" LCD Skjár (114.960 pixlar)
 - 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
 - Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
 - Hreyfimyndataka



16.990 kr
GOTT VERÐ

- Panasonic myndavél DMCL570**
- 7.2 milljón punkta upplausn
 - MEGA OIS hristivörn í linsu
 - LUMIX DC Vario - linsa
 - 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
 - Linsa: 5.8 - 17.4mm (35mm Samb. 35 - 105mm)
 - 2.0" LCD skjár (115.000 pixlar)
 - Hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)



15.990 kr
GOTT VERÐ

- Olympus myndavél FE270**
- 7.1 MegaPixel
 - 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
 - Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
 - 2,5" LCD skjár
 - Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
 - Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
 - 6,9MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhloður fylgja



49.990 kr
GOTT VERÐ

- JVC digital tökuvélin GZMG130**
- 30GB harður diskur (Allt að 37,5 tíma upptaka)
 - 1/6" upptökuflaga með 800.000 Pixela upplausn
 - 2,7" LCD breiðskjár
 - Tekur SD/SDHC kort
 - 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
 - CyberLink DVD Solution Klippi- og afspilunarforrit fylgja
 - Titringsdeyfir



26.990 kr
GOTT VERÐ

- JBL útlagsvekjari með vöggju ONTMEWH**
- Passar fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira • 2x6w innbyggður magnari • Innbyggt útlag með stöðvarminnum • Hægt að láta vekja á iPod, auka inngangnum eða útlagi • Vagga fyrir iPod hleður spilarann • iPod vöggutengi að aftan til að tengja við tölvu



24.990 kr
GOTT VERÐ

- JVC digital tökuvélin GRD740**
- 1/6" Upptökuflaga með 800.000 punkta upplausn
 - 520 lína upplausn
 - 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
 - 2,7" LCD breiðskjár
 - Titringsdeyfir
 - Vefmyndavél

United 26" LCD sjónvarp

- LTV26W42
- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
 - Upplausn: 1366x768 punktar
 - Progressive Scan
 - HD Ready
 - 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
 - 3 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
 - VGA tengi
 - Textavarp með 1.000 síðna minni
 - Svefnrofi og fjarstýring
 - Borðstandur fylgir



59.990 kr
GOTT VERÐ

Dantax 19" LCD sjónvarp

- 19LCDDVDP3
- Upplausn: 1440x900 punktar
 - Progressive Scan • HD Ready
 - Innbyggður DVD spilar
 - Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
 - Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m² • Skerpa: 500:1
 - Nicam Stereó hljóðkerfi
 - Kortalesari SD/MS/MMC
 - USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi
 - Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
 - Borðstandur fylgir
 - Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



49.990 kr
GOTT VERÐ



14.990 kr
GOTT VERÐ

- JVC míkrosamstæða UXS11**
- 10w RMS magnari með Bass Boost • RDS Útlag með stöðvarminnum
 - Geislaspilari með MP3 • Spilar CD-R/RW • Fjarstýring



10.990 kr
Verð áður 12.990.-

- Philips míkrosamstæða MC146**
- Geislaspilari • Spilar CD-R/RW • Dynamic Bass Boost
 - FM útlag með 20 stöðvarminnum • Heyrnartólstengi

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir til 19. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Garcia ekki meir með landsliðinu?

Fram kom á blaðamannafundi HSÍ í gær að Jalesky Garcia Padron hefði að öllum líkindum leikið sinn síðasta landsleik fyrir handboltalandsliðið. Hann gaf ekki kost á sér í æfingahópinum fyrir páskana vegna meiðsla. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari sagði að Garcia væri „hálf-fótalaus“ og gæti lítið æft með liði sínu Göppingen. Guðmundur sagðist ekki reikna með því að Garcia tæki þátt í landsliðsverkfunum í sumar. Garcia lék síðast með landsliðinu á EM í janúar og fann sig engan veginn.



sport
sport@frettabladid.is

ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON RÁÐINN AÐSTOÐARLANDSLIÐSPJÁLFARE: MJÖG SPENNTUR FYRIR STARFINU

Gladdi mig að fá stuðning frá Ólafi Stefánssyni

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Íslands- og bikarmeistara Vals, var í gær formlega kynntur sem aðstoðarmaður Guðmundar Guðmundssonar landsliðsþjálfara en ráðning hans hefur legið í loftinu í langan tíma. Þegar Guðmundur var síðast landsliðsþjálfari var Óskar starfsmaður hjá HSÍ þannig að þeir félagar hafa unnið saman áður. Guðmundur sagði að blaðamannafundinum að Óskar væri afar fær þjálfari sem hann hlakkaði til að vinna með.



„Ég get talað við einn á einn og annað. Ég hef mínar skoðanir og Guðmundur hlustar vel. Við munum vinna margt saman og ég get þá komið með mína punkta. Aðalþjálfarinn hefur margar öðruvísi skyldur og ég kem til með að vera duglegur í öllum litlu hlutum og styðja við bakið þar sem á þarf að halda,“ sagði Óskar Bjarni.

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirlíði mælti sterklega með Óskari Bjarna sem aðalþjálfara landsliðsins á sínum tíma. „Við erum góðir félagar og hann virðist hafa trú á mér sem þjálfara sem er mjög jákvætt og gott að fá stuðning frá fyrirlíðanum. Það gladdi mig mikið en kom mér svolítið á óvart. Ég hafði nú ekki beint verið að hugsa um aðalþjálfarastarfið núna en kannski seinna meir,“ sagði Óskar en hefði hann tekið starfið að sér hefði sú staða komið upp? „Ég var aldrei farinn að spá í það. Að sjálfsgöðu hefði ég sest yfir það mál en ég er þjálfari Vals og hefði þurft að hætta þar. Áftur á móti finnst mér fínt að byrja svona með Guðmundi en ég hef eðlilega metnað til þess að reyna mig sem aðalþjálfari síðar meir,“ sagði Óskar Bjarni.

ÚRSLIT

N1-deild karla

Fram-Valur 29-27 (12-13)

Mörk Fram (skot): Rúnar Kárason 10 (14), Halldór Jóhann Sigfússon 5 (8), Andri Berg Haraldsson 5/1 (9/1), Haraldur Þorvarðarson 3 (3), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (4), Einar Ingi Hrafnsson 2 (4), Hjörtur Hinriksson 1 (2).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 13/2 (40/4), 33%.

Hraðauppflaup: 4 (Stefán 2, Hjörtur, Rúnar).

Fiskuó viti: 2 (Haraldur, Halldór).

Utan vallar: 8 mínútur.

Mörk Vals (skot): Baldvin Þorsteinsson 6 (9/1), Arnór Gunnarsson 5 (8/2), Hjalti Pálmason 4 (5), Fannar Þór Friðgeirsson 4 (11/1), Sigfús Páll Sigfússon 3 (7), Ingvar Árnason 2 (2), Elvar Friðriksson 2 (6), Kristján Þór Karlsson 1 (1).

Varin skot: Ólafur Haukur Gíslason 17 (46/2), 37%.

Hraðauppflaup: 8 (Baldvin 5, Arnór 2, Sigfús).

Fiskuó viti: 4 (Elvar 2, Ingvar, Sigfús).

Utan vallar: 4 mínútur.

Stjarnan-Afturelding 34-25 (16-11)

Mörk Stjörnunnar (skot): Heimir Árnason 12/5 (15/5), Vilhjálmur Halldórsson 8 (11), Ragnar Helgason 2 (2), Hermann Björnsson 2 (2), Volodymyr Kysil 2 (2), Kristján Kristjánsson 2 (4), Björgvin Hólmgeirsson 2 (5), Daniel Einarsson 2 (6), Guðmundur Guðmunds. 1 (1), Björn Friðriksson 1 (1), Ólafur Ólafsson (1), Bjarni Þórðarson (1).

Varin skot: Roland Valur Eradze 18/0 (41/1) 44%, Hlynur Mortheus 9/2 (10/2) 90%.

Hraðauppflaupsmörk: 7 (Vilhjálmur 2, Guðmundur, Heimir, Björgvin, Volodymyr, Daniel).

Fiskuó viti: 5 (Daniel 2, Volodymyr, Heimir, Guðmundur).

Utan vallar: 4 mínútur.

Mörk Aftureldingar (skot): Jóhann Jóhannsson 6 (7), Ásgeir Jónsson 4 (5), Ingimar Jónsson 4 (8), Magnús Einarsson 3 (6), Hilmar Stefánsson 2/1 (7/2), Haukur Sigurvíns. 2 (5), Jóhann Helgason 2/0 (6/1), Einar Guðmundsson 2/0 (7/1).

Varin skot: Oliver Kiss 12/0 (34/4) 35%, Davíð Svansson 0/0 (12/1) 0%.

Hraðauppflaupsmörk: 2 (Einar Örn, Jóhann).

Fiskuó viti: 4 (Magnús 2, Hilmar, Ásgeir).

Utan vallar: 12 mínútur.

N1-deild kvenna

HK-Fram 21-26 (10-16)

Mörk HK (skot): Natalia Cieplowska 8/3 (14/4), Arna Síf Pálsdóttir 6/1 (8/2), Auður Jónsdóttir 3 (15), Rut Jónsdóttir 2 (8), Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1 (5), Elsa Rut Óðinsdóttir 1 (1).

Varin skot: Ólöf Ragnarsdóttir 12 (37/4) 32%.

Hraðauppflaup: 5 (Arna 3, Natalia, Auður).

Fiskuó viti: 6 (Rut 3, Arna, Brynja, Jóna).

Utan vallar: 4 mínútur.

Mörk Fram (skot): Anett Köbli 7/4 (8/4), Stella Sigurðardóttir 6/1 (9/1), Þórey Stefánsdóttir 3 (9), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (6), Hildur Knútsdóttir 2 (3), Pavla Nevarilova 2 (3), Marthe Sörðal 1 (3), Sigurbjörg Jóhanna. 1 (3), Sara Sigurðard. 1 (2).

Varin skot: Kristina Kvedariene 27/2 (48/6) 56%.

Hraðauppflaup: 8 (Ásta 2, Þórey 2, Marthe, Stella, Pavla, Anett).

Fiskuó viti: 5 (Pavla 2, Marthe, Sara, Stella).

Utan vallar: 8 mínútur.

Gróttá-Valur 28-35

Fylkir-FH 17-19

Mörk Fylkis: Sunna María Einarisdóttir 8, Sunna Jónsdóttir 4, Ásdís Rut Guðmundsdóttir 3, Elsbjörg Kowal 1, Áslaug Gunnarsdóttir 1.

Mörk FH: Ragnhildur Guðmundsdóttir 6, Birna Íris Helgadóttir 4, Líney Rut Guðmundsdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Gunnur Sveinsdóttir 2, Ingibjörg Pálmadóttir 1.

Akureyri-Haukar 29-32

Mörk Akureyri: Þórstína Sigurbjörnsdóttir 9, Anna Morales 8, Inga Dís Sigurðardóttir 3, Auður Ómarsdóttir 3, Kara Rún Árnadóttir 2, Arna Erlingsdóttir 1, Jóhanna Tryggvadóttir 1, Lilja Þórisdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1.

Mörk Hauka: Erna Þráinsdóttir 11, Ramune Pekarskyte 6, Hind Hannedóttir 3, Harpa Melsted 3, Herdís Hallsdóttir 3, Nína Björnsdóttir 3, Ausra Geciene 1, Hekla Hannedóttir 1, Inga Friða Tryggvadóttir 1.

UEFA-bikarinn

Werder Bremen-Rangers 1-0

1-0 Ribas Diego (58). Rangers fór áfram, 1-2, samanlagt.

Sporting Lissabon-Bolton 1-0

1-0 Pereirinha (85). Heiðar Helguson var í byrjunarliði Bolton Sporting fór áfram, 2-1, samanlagt.

Sigling á liði Snæfells

Snæfell vann sinn níunda leik í röð í deild og bikar þegar liðið vann ÍR, 87-83, í spennandi leik í Stykkishólmi í gær. Justin Shouse stal boltanum af ÍR á úrslitastundu og hélt sigurgöngu Snæfells gangandi.

KÖRFUBOLTI Sigurganga bikarmeistara Snæfellinga hélt áfram í gær þegar þeir unnu sinn sjöunda deildarleik í röð og níunda sigur í öllum keppnum. Snæfell vann ÍR 87-83 eftir að hafa haft frumkvæðið og forskotið nær allan leikinn en liðið var 43-38 yfir í hálfleik. ÍR-ingar lentu mest 13 stigum undir en gáfust aldrei upp og góð barátta hélt þeim inni í leiknum og gaf þeim tækifæri á að vinna á spennandi lokasekúndum.

Nate Brown átti góðan leik í liði ÍR með 14 stig, 14 fráköst og 9 stoðsendingar en hann tók á sig sökina þegar liðið var búð að minnka forskotið niður í þrjú stig í lokin.

„Ég tapaði boltanum á lykiltíma í lokin og í framhaldinu varð þetta að tveggja sökna leik og við urðum að treysta á að þeir klikkuðu á vítunum sínum sem þeir gerðu ekki. Það er alltaf erfitt að spila í Stykkishólmi og við verðum að taka jákvæðu hlutina með okkur úr þessum leik inn í úrslitakeppnina. Við börðumst allan tímann og vorum inni í leiknum alveg þangað til í lokin. Það hefði verið gott að vinna en það sem skiptir okkur mestu máli er að undirbúa okkur sem best fyrir úrslitakeppnina,“ sagði ÍR-ingurinn Nate Brown eftir leikinn.

Justin Shouse hefur leikið einstaklega vel með Snæfelli eftir áramót og á mikinn þátt í að liðið er búð að vinna ný leiki í röð. „Við unnum marga ljóta sigra í fyrra og á síðustu vikum höfum við lært að vinna ljóta sigra aftur. Við lítum á okkur sem lið sem þarf að hafa fyrir öllu okkar og við stöndum og föllum með vörninni okkar,“ sagði Justin eftir leik og hann sagði hafa verið kominn tími á að lesa leikadferð ÍR-inga þegar hann stal boltanum í lokin. „ÍR-ingar voru að fara illa með okkur



NÍU LEIKIR Í RÖÐ Magni Hafsteinsson og félagar í Snæfelli eru á mikilli sigurgöngu þessa dagana og lögðu ÍR í Hólminum í gær.

með því að keyra inn í teig og búa til galopin skot en loksins náðum við að lesa það einu sinni,“ sagði Justin í léttum tón en hann endaði með 25 stig og 8 stoðsendingar og hitti úr 9 af 13 skotum sínum.

„Þeir náðu nokkrum góðum sprettum en mér fannst við vera með stjórna á leiknum allan tímann. Það skiptir okkur miklu máli að stjórna hraðanum í leikjum á móti liðum sem hlaupa eins og ÍR, Keflavík og Grindavík og mér fannst okkur takast það í kvöld. ÍR-ingar rassskelltu okkur í fyrri

umferðinni og við vitum að þeir eru hættulegir og það vill enginn mæta þeim í komandi úrslitakeppni,“ sagði Justin að lokum.

Justin var besti maður Snæfells en eins var Hlynur Þæringsson sterkur. Þá kom Jón Ólafur Jónsson aftur inn í liðið eftir meiðsl og setti niður stórar körfur.

ÍR-ingum varð lítið ágengt inni í teig fyrir en í lokin en liðið fór langt á baráttuandanum og vann fráköstin, sem gerist ekki oft í Hólminum.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

Snæfell-ÍR 87-83 (43-38)

Stig Snæfells: Justin Shouse 25 (8 stoðs. hitti úr 3 af 4 3ja), Slobodan Subasic 16, Hlynur Þæringsson 12 (10 frák., 6 stoðs., 4 varin), Sigurður Þorvaldsson 12, Jón Ólafur Jónsson 10 (11 mín.), Magni Hafsteinsson 7, Anders Katholm 5.

Stig ÍR: Tahiroou Sani 19 (9 frák.), Hreggviður Magnússon 18 (4 stolnir), Nate Brown 14 (14 frák., 9 stoðs.), Sveinbjörn Claessen 12, Ólafur Jónas Sigurðsson 9, Eiríkur Ónundarson 8, Ómar Sævarsson 3.

Grindavík-Þór 107-95

Stig Grindavíkur: Þorleifur Ólafsson 36, Jamaal Williams 22, Páll Axel Vilbergsson 20, Igor Beljanski 11, Helgi Jónas Guðfinnsson 6, Páll Kristinnsson 6, Adama Darboe 6.

Stig Þórs: Luka Marolt 27, Cedric Isom 24, Robert Reed 14, Óðinn Ásgeirsson 10, Magnús Helgason 9, Jón Kristjánsson 3, Hrafn Jóhannsson 3, Bjarki Oddsson 2.

Fjölnir-Njarðvík 83-98

Tindastóll-KR 96-94 (e. frl.)

Stig Tindastóls: Joshua Buettner 27, Philip Perre 26, Svavar Birgisson 23, Isak Einarsson 14, Samir Shaphtahovic 6.

Stig KR: Avi Fogel 27, JJ Sola 17, Fannar Ólafsson 16, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 11, Helgi Már Magnússon 11, Joshua Helm 10, Skarphéðinn Inngas. 2.

Toppleikur N1-deildar karla:

Fram í 2. sæti

HANDBOLTI Fram vann Val 29-27 í toppbaráttuleik N1-deildar karla í Framhúsinu í gærkvöld.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en svo fóru Valsmenn sígu fram úr með hröðum leik. Munurinn var þó ekki meiri en þrjú mörk þegar mest var og Framarar komu til baka og náðu að jafna leikinn 12-12 þegar skammt var eftir af fyrri hálfleik.

Síðari hálfleikur var hnífjafn og æsispennandi. Staðan var jöfn 27-27 þegar tvær mínútur lifðu leiks en á lokaspertinum voru Framarar sterkari og munaði sér í lagi um vítakast sem Björgvin Páll Gústavsson varði þegar 40 sekúndur voru eftir í stöðunni 28-27. Framarar fóru í sókn og skoruðu og lokatölur urðu 29-27.

Fram komst með sigrinum upp fyrir Val í annað sæti deildarinnar, fjórum stigum á eftir toppliði Hauka sem á einn leik til góða.

- óþ

Framstúlkur unnu frekar auðveldan sigur á HK, 21-26, er liðin mættust í Digranesi í gærkvöldi:

Stórt skref Framstúlkna í átt að titlinum

